BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA - RANNSÓKNASKÝRSLUR

# Fornleifaskráning Blönduósbæjar II

## Enni-Hnjúkar-Sölvabakki-Breiðavað



*Hádegisvarða í landi Sölvabakka*

**Bryndís Zoëga**
**Guðmundur St. Sigurðarson**
**Guðný Zoëga**

**2008/82**

**© Byggðasafn Skagfirðinga**
**2008/82**

# Efnisyfirlit

Inngangur ........ 1
Tilgangur fornleifaskráninga ........ 1
Aðferð við skráningu ........ 2
Helstu minjaflokkar ........ 4
Fornleifaskráning ........ 8
Enni ........ 8
Hnjúkar ........ 46
Sölvabakki ........ 76
Breiðavað ........ 149
Niðurstöður – samantekt ........ 185
Heimildaskrá ........ 190

## Inngangur

Sumarið 2008 gerði Blönduósbær samning við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga um skráningu fornleifa á 8 jörðum í sveitarfélaginu. Minjar innan þéttbýlismarka Blönduósbæjar voru skráðar sumarið 2007 fyrir aðalskipulagsvinnu sveitarfélagsins, auk nokkurra deiliskipulagsreita. Sumarið 2008 voru svo skráðar fjórar jarðir af átta sem minjavörður Norðurlands vestra setti í forgang vegna aðalskipulagsgerðar en 4 jarðir verða skráðar sumarið 2009. Jarðirnar sem skráðar voru eru Hnjúkar, fyrrum í Torfalækjarhreppi, sunnan Blöndu, og Enni, Sölvabakki og Breiðavað í Engihlíðarhreppi, norðan ár. Hluti af landi Neðri-Lækjardals og Svangrundar tilheyrir nú Sölvabakka og voru minjar sem féllu innan núverandi landamerkja Sölvabakka skráðar en jarðirnar ekki skráðar í heild sinni.

Vettvangsvinna og skýrslugerð var unnin af Bryndísi Zoëga, landfræðingi og Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðinema. Verkinu var stjórnað af Guðnýju Zoëga, fornleifafræðingi. Sérstakar þakkir viljum við færa heimildamönnum okkar: Ævari Þorsteinssyni og Ingibjörgu Jósefsdóttur í Enni fyrir upplýsingar um minjar þar. Hauki Pálssyni bónda Röðli, Sveini Þórarinssyni, Blönduósi, Ingólfi Björnssyni bónda Grænahrauni og Ingimar Skaftasyni bónda Hjaltabakka fyrir upplýsingar um Hnjúka. Fyrir upplýsingar um Sölvabakka og Svangrund þeim Önnu Margréti Jónsdóttur og Björgu Bjarnadóttur frá Sölvabakka, og Ingibjörgu Jónsdóttur á Blönduósi sem ólst upp á Sölvabakka. Fyrir Neðri-Lækjardal, Óskari Axelssyni á Skagaströnd og Ingibjörgu Karlsdóttur á Blönduósi en þau bjuggu bæði í Neðri-Lækjardal. Fyrir minjar á Breiðavaði, Stefaníu Egilsdóttur og Þórarni Bjarka Benediktssyni á Breiðavaði og Kristjáni Sigfússyni bónda Húnsstöðum, en hann ólst upp á Breiðavaði.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

## Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær bæjarhóll Ennis hlaupandi númerið Enni-1. Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Til dæmis er kennitala fyrir Enni-1, 10219.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða bústaður, fjárhús osfrv., hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túns eða í nágrenni þess séu í einhverri hættu vegna ábúðar á jörðinni en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vefslóðinni http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í skránni við hverja fornleif. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Staðsetning minja er sett inn á hnitaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Endurgerð upprunalegra túnakorta, yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum, yfirlitskort og lista yfir hnit er að finna fyrir hverja jörð aftast í skýrslu.

## Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

**Minjar í túni**
***Bæjarstæði***
Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.
***Kirkjur*** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.
Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.
Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.
Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.
***Bænhús*** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.
***Grafreitir*** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

**Aðrar minjar**
Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

**Minjar í eða við tún**
Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:
***Fjós*:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.
***Fjárhús*:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.
***Hrútakofar*:** Smærri kofar oft yst í túni.
***Lambhús*:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.
***Hesthús*:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.
***Smiðjur*:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.
***Kofar*:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

***Brunnar*****:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.
***Myllur*****:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar*****:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

## Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigar*****:**Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.
**Réttir:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum  Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.
**Stekkir,** sem eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.
**Nátthagar:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.
**Sel:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis

bæjarhúsin.
**Stöðull:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.
**Beitarhús:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.
**Smalakofar:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.
**Heytóftir:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.
**Fjárborgir:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.
**Garðlög:** Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkja-garðar.
**Heyvinnsla:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

**Við sjó**

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.
**Sjóhús/verbúðir:** sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.
**Fiskbyrgi:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.
**Hjallar:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.
**Naust/hróf:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.
**Uppsátur:** Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í

sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.
Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað

# Fornleifaskráning

## Enni



***Mynd 1. Enni í Refasveit. Íbúðarhúsið er fyrir miðri mynd en gamli bærinn stóð lengst til hægri á myndinni. Horft er til nna.***

Elsta heimild er getur Ennis er jarðakaupbréf Orms Hólabiskups og Þorsteins Kolbeinssonar frá 1346 en Þorsteinn lætur biskup fá jörðina alla með veiði í Blöndu og öllum þeim gögnum sem henni hafa fylgt að fornu og nýju.[1]

Enni er nefnd í Testamentisbréfi frá 1431 þar sem ónafngreindur maður gefur klaustrinu og systrunum á Reynistað gjafir fyrir legstað í forkirkjunni á Reynistað en hann var þá veikur af plágu sem gekk um landið. Fékk klaustrið þá kúgildi Höskuldsstaðakirkju er stendur í Enni.[2]

Árið 1526 gáfu Einar Jónsson og Guðrún Jónsdóttir Enni í próventu til Hólastaðar[3] og tveimur árum síðar selur Jón Arason þáverandi biskup á Hólum jörðina Þórarni Steindórssyni.[4]

---

[1] *DI II*, 1893. Bls. 835.
[2] *DI IV*, 1897. Bls. 483.
[3] *DI IX*, 1909-1913. Bls. 385.

Árið 1708 tók Hólastaður landaura eða fiska í landsskuld en kúgildin voru innheimt í smjöri.[5] Hlunnindi voru helst lyng- og hrísrif, góð berjaspretta, en torfrista var léleg til húsa og rekavon var lítil og stóðu löngum deilur um rekaplássið við Blöndubakkamenn. Tún og engjar urðu oft fyrir tjóni af sandfoki. Vatnsbólið var slæmt og oft þurfti að þíða snjó fyrir menn og skepnur. Heimræði var og gert úr eitt skip.[6]

Tvíbýli var í Enni þegar manntal var tekið 1870 en í manntölum 1703 og 1835 er einbýli þar.[7]

Þéttbýlið Blönduós er byggðist úr jörðinni Enni að norðan og Hjaltabakka og Hnjúkum að sunnan og var upphaflega í tveimur hreppum. Engihlíðarhreppi norðan ár og Torfalækjahreppi sunnan ár. Árið 1914 var Torfalækjarhreppi skipt í tvö sveitafélög og varð Blönduóshreppur þá til. Það var ekki fyrr en árið 1936 að Blönduóskauptún var sameinað í eitt hreppsfélag og var þá um leið fært land frá Engihlíðarhreppi til Blönduóshrepps.[8]

Fornbýlið *Melagerði/Melaberg* liggur á melnum austur af Ytra-Klaufarhorni. Aldur býlisins er óviss en þess er fyrst getið í jarðabók Árna og Páls, þar er býlið nefnt Melaberg og lýst svo: „Melaberg heitir örnefni eitt í fyrr áminstu þrætulandi; þar halda menn að í gamallri tíð munið hafa bygð verið, og sjást enn þess merki af garðaleifum og tóftarústum, en ekki vita nálægir hjer um framar að undirrjetta. Örvænt þykir mönnum að þetta megi aftur byggja, því túnstæði er lítið og komið í grámosa, en slægjur öngvar“[9] Prestur getur eyðibýlisins í sóknalýsingu Höskuldsstaðasóknar en þar og í örnefnaskrá er það nefnt Melagerði.[10]

*Þórdísarkot* er syðst í Ennislandi, ekki er vitað hvað kotið er gamalt en minjarnar eru fornlegar að sjá og umlykur túngarður tóftirnar. Síðar hefur þar verið stekkjarstæði.[11]

**Náttúrufar og jarðabætur**

Enni var metið á 20 hundruð að fornu og nýju.[12]

Í jarðamati frá 1849-50 er jörðin metin á 20 hundruð: „Túnið bæði þýft og slétt, liggur hátt, og fremur við landnyrðingi, ekki stórt, fóðrar 3 kýr, slægjur fremur seinunnar og reytingsfarnar, en grasgóðar, heldur litlar og grýttar, og með þeim baga að sama land verður að brúka fyrir stórgripi á sumrin, sumarhagar góðir til holda, mjög hægir; vetrarbeit kjarngóð, og er einkar jarðsælt fyrir sauði. Mótak óþekkt. Laxveiði í Blöndu má ei telja, því hún svarar ekki tilkostnaði og ómaki.“ Jörðin var metin á 590 ríkisdali.[13]

Í jarðamati frá 1916 er túnið talið 10 dagsláttur, sumpart harðlent og snögglent, að 2/3 hlutum slétt. Túnið er girt með 600 faðma gaddavírsgirðingu og er land innan þess sem að nokkru leyti er þegar tekið til túnræktunar. Túnið er talið gefa árlega um 100 heybagga. Stutt er á

---

[4] *DI IX*, 1909-1913. Bls. 454.

[5] *Jarðabók Árna og Páls*, VIII, 1926. Bls. 412.

[6] *Jarðabók Árna og Páls*, VIII, 1926. Bls. 413.

[7] Manntal 1703, 1835 og 1870 á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðað þann 12.11.08.

[8] Af heimasíðu Félagsmálaráðuneytisins. Skoðað þann 23.11.07.

[9] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, bls. 413.

[10] Húnavatnssýsla: sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, bls. 122; Örnefnaskrá Ennis, bls. 3.

[11] Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benóýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

[12] *Ný jarðabók*, 1861. Bls. 91.

[13] Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 6. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

engjar sem eru snögglendar að mestu þurrar, þýfðar mýrar og vallendishvammar. Beitiland er gott fyrir fé og hross sumar og vetur en fremur þröngt, fjörubeit er nokkur en kúahagi verri. Mótak er gott en torfrista slæm. Jörðin er metin á 8200kr.[14]

### Landamerki

Landamerki Ennis á Refasveit í Engihlíðarhreppi.

„Að austanverðu eru merkin úr Þórdísarbrekku við Blöndu bein stefna norður í garðlag vestanvert við Breiðavaðsnúpana [Samkvæmt Ævari Þorsteinssyni bónda í Enni er núpurinn aðeins einn og á því að vera í eintölu, þ.e. Breiðavaðsnúpur], þaðan í stóran stein í Rjettarvatnsmýrinni, þaðan í vestara keldudragið norðanvert við Rjettarvatn, svo þaðan bein stefna í Laufskálanes. Að norðanverðu eru merkin úr Laufskálanesi bein stefna í stóran stein á Áshausnum, þaðan eptir sömu línu í Mógilslæk niður við sjó. Að vestanverður ræður merkjum sjáfarströndin að Blönduós, svo ræður Blanda merkjum að Þórdísarbrekku.“

Undirritað 20. apríl 1887 af Sveini Kristóferssyni.[15]

---

[14] Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 213. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.
[15] Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 65.

# Fornleifaskrá

**Enni-1**
**Fvrnr.:** 10219
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:**
A: 441883,35
N: 575284,32
**Ástand:** Horfinn
**Hættumat:** Minjar geta leynst neðanjarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni




**Staðhættir**
Á túnakorti er bærinn um það bil fyrir miðju túni (Sjá Túnakort 1918). Gamli bærinn stóð austan við íbúðarhúsið (sem nú er búið í) og var búið í honum fram undir 1980 þegar að núverandi ábúendur reistu nýtt einbýlishús.
**Aðrar upplýsingar:**
Úttekt var gerð á Enni 1897 og var ástandi húsa svo lýst:
**Íveruhús og kjallari** undir miðju þess: „[...] húsið er sterkviðað og ósnarað, og yfir höfuð ógallað það séð verður, nema súðir við gluggann á vestur hlið uppi er lítið eitt sigin inn, og þil við norður stafn uppi bungar dálítið inn. Veggir stæðilegir, nema vatnsétið undan landsuður horni dálítið. Þak gallað.“
**Skemma** var vestan undir húsinu: „[...] standþil er fyrir húsinu nýlegt, með 2 rúðu glugga hvorumegin, veggir stæðilegir, nema vesturveggur talsvert snaraður út, þak brúklegt nokkuð brunnið á vestur hlið.“
Langur **gangur** til eldhúskofa: „[...] veggir gamlir en sýnast stæðilegir, þak lélegt.“
**Smiðjukofi**: „[...] þil er fyrir húsinu með hurð á járnum, 2 rúðu gluggi er á þilinu, viðir hússins og þilið gamalt en brúklegt, veggir og þak gamalt og gallað“.
**Fjós** var yfir 4 kýr: „[...] viðir hússins gamlir, (einn raptur brotinn við mæniás) en brúklegir, hurð á járnum er fyrir fjósinu, gangur er frá útidyrunum til fjóss og hlöðu, hurð fyrir útidyrum á járnum [...] veggir gamlir og gallaðir, þak eins.“
**Heyhlaða** við fjósið: „tekur um 90 hesta [...] viður gamall, en brúkanlegur, veggir gamlir en þó nokkurnveginn stæðilegir, þak gallað.“ (Úr úttektarbók Engihlíðarhrepps 1897).

**Heimildaskrá**
Túnakort Ennis. Hannes Jónsson, 1918.
Úttektarbók Engihlíðarhrepps, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

**Enni-2**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin vegna túnasléttunar
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Á túnakorti er heimreiðin sýnd til austurs frá bænum (Sjá Túnakort 1918) en liggur i dag til suðurs og hefur ætíð gert í tíð heimildamanns. Kerruvegur lá austur túnið og þótti heimildamanni líklegt að þar hafi áður verið aðalheimreiðin því engin var byggð neðan við Enni fyrr en byggðist upp á Blönduósi.
**Heimildaskrá**
Túnakort Ennis. Hannes Jónsson, 1918.

**Enni-3**
**Fvrnr.:** 10220
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441890,34 N: 575391,47
**Ástand:** Horfin vegna niðurrifs
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir og lýsing**
Á túnakorti frá 1918 eru útihús nyrst í túni, um 90m norður af bænum. Samkvæmt heimildamanni voru þar fjárhús hlaðin úr torfi og grjóti en með timburþili mót vestri. Fjórar krær voru í húsunum, með görðum og einhölukofi sunnan við sem ýmist var hænsna eða hrútakofi og rúmaði 25 kindur. Austan við kofann var heytóft og einnig var heytóft við fjárhúsin. Húsin voru rifin einhvern tímann á árunum 1971-72.
**Heimildaskrá**
Túnakort Ennis. Hannes Jónsson, 1918.

**Enni-4**
**Fvrnr.:** 10221
**Hlutverk:** Fjárhús og hesthús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441846,38 N: 575294,46
**Ástand:** Horfin vegna bygginga
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt heimildamanni voru fjárhús og hesthús þar sem íbúðarhúsið stendur í dag. Fjárhúsin voru fjórar krær undir einu þaki og hesthúsið norðan við tvær krær undir einu þaki.

Hlaða var við fjárhúsin en heytóft við hesthúsin. Húsin voru rifin á einhvern tímann á árunum 1971-72. Húsin eru á túnakorti um 20m vestur af bænum.

**Heimildaskrá**

Túnakort Ennis. Hannes Jónsson, 1918.

**Enni-5**



*Mynd 2. Jarðsokkin tóft er fremst á mynd. Horft er til austurs.*

**Fvrnr.:** 10222
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441921,38 N: 575356,39
**Ástand:**
Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:**
Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**

Tóft er um 85m norðaustur af íbúðarhúsinu og um 20m sunnan við austari enda fjárhússins.

**Lýsing**

Tóftin er sokkin, grasi gróin upphækkun 7x9m að utanmáli með dæld ofan í sem er um 4,5x2,5m að innanmáli. Veggir eru ávalir.

**Enni-6**

**Fvrnr.:** 10223
**Hlutverk:** Súrheysgryfja
**Tegund:** Dæld
**Staðsetning:**
A: 441838,47
N: 575337,01
**Ástand:** Nánast horfin
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni



*Mynd 3. Súrheysgryfja fremst á mynd. Horft er til suðurs.*

**Staðhættir**

Samkvæmt heimildamanni var súrheysgryfja um 30m norður af íbúðarhúsinu. Gerð af Guðmundi Þorsteini Sigurðssyni bónda í Enni sem var faðir núverandi ábúanda. Þar er nú rabbabaragarður en dæld er í jörðu tæplega 7m að þvermáli.

**Lýsing**
Gryfjan var kringlótt og hlaðin að innan með klömbru. Súrheysgryfjan var reist töluvert eftir 1900 og teljast því ekki fornminjar í eiginlegum skilningi en hún var hlaðin úr torfi og ber því merki um fornt verklag og er því skráð með.

**Enni-7**



*Mynd 4. Beðasléttur í túni. Horft til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10224
**Hlutverk:** Beðasléttur
**Tegund:** Ávalar bungur í túni
**Staðsetning:**
A: 441926,49
N: 575218,03
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:**
Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Beðasléttur eru í túninu suðaustur af íbúðarhúsinu. Þær, liggja norður/suður og eru fremur breiðar og mjög áberandi í túninu.

**Enni-8**
**Fvrnr.:** 10225
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur, dæld, hola
**Staðsetning:**
A: 441848,43
N: 575246,03
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Vestur af heimreiðinni, norðar- eða ofarlega tæplega 40m suður af íbúðarhúsinu er hola.



*Mynd 5. Hola í túni, heimreiðin er á bakvið. Horft er til austurs.*

**Lýsing**
Holan er um 40-60sm djúp og um 2,5m að þvermáli, að líkindum manngerð. Vissi heimildamaður ekki hvert hlutverk hennar er né aldur og því óvíst hvort um forleifar sé að ræða.

**Enni-9**
**Fvrnr.:** 10226
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 442001,34 N: 575346,88
**Ástand:** Horfið vegna sléttunar
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Heimildamaður man eftir tóftarbrotum norður og upp á túni, úr barnæsku sinni sem hafa fyrir löngu verið sléttuð. Ekki vissi hann hvað þar hefði verið en taldi hugsanlegt að þar hafi verið stekkur eða kvíar. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns um 155m norðaustur af íbúðarhúsinu en það er í sléttu túni þar sem ekkert sást á yfirborði.

**Enni-10**
**Hlutverk:** Túngarður?
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið, vegna sléttunar
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni voru garðlög upp á túni. Það voru tveir garðar sem lágu samhliða og voru um 70sm á milli þeirra. Þeir lágu í stefnuna norðaustur/suðvestur og hafa líklega verið um 70-80m langir. Hugsanlega leifar túngarða. Að sögn heimildamanns voru garðarnir nokkuð háir, ekki lægri en 1m á hæð. Engar skýringar eru á túnakorti Ennis frá 1918 og því óvíst hvort að túngarðar hafi verið umhverfis túnið á þeim tíma.
**Heimildaskrá**
Túnakort Ennis. Hannes Jónsson, 1918.

**Enni-11**



*Mynd 6. Gengið eftir túngarðinum. Horft er til vesturs.*

**Fvrnr.:** 10227
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 441863,40
N: 575332,65
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í túninu norðan við íbúðarhúsið er garðlag, útflatt og búið að slétta yfir það. Það er alls um 70m langt og er rofið á tveimur stöðum, annarsvegar þar sem að vegurinn upp að fjárhúsunum liggur í gegnum það og hinsvegar þar sem grafið var fyrir lögn í gegnum garðinn. Garðlagið er víðast um 2m á breidd og mest um 20sm hátt. Líklega er þarna um hluta af gömlum túngarði að ræða.

**Enni-12**
**Fvrnr.:** 10228
**Sérheiti:** Sölvatóft
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Hóll
**Staðsetning:** A: 441621,54 N: 575203,93
**Ástand:** Horfinn vegna túnasléttunar
**Hættumat:** Minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Norðvestur af túninu er tóftarrúst, sem heitir Sölvatóft." (ÖJB, 1).
**Lýsing**
Sölvatóft var í túni um 220m suðvestur af íbúðarhúsinu á Enni. Búið er að slétta yfir tóftina en smá hóll sést í túninu þar sem hún stóð. Telur heimildamaður að þar hafi hugsanlega verið bústaður einsetumanns.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-13**
**Fvrnr.:** 10229
**Hlutverk:** Náma
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðsetning:**
A: 441849,35
N: 575027,69
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 7. Mógröf. Horft er til suðausturs.*

**Staðhættir**
Mógrafir voru í mýrinni neðan við svonefnt Steinabarð, um það segir í örnefnaskrá: „Suður og suðvestur af túninu er mýri. Austast í henni er Stórikrókur. Í norðurjaðri hennar og upp í túnið (gamla) Steinabarð.“ (ÖJB, 2).
**Lýsing**
Neðan við barðið eru tvennar mógrafir mest um 50sm djúpar og um 2,5x2,5m að utanmáli. Um 40m eru á milli grafanna.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-14**
**Fvrnr.:** 10230
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðsetning:** A: 441891,17 N: 575009,92
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Mógrafir voru í mýrinni neðan við svonefnt Steinabarð, um það segir í örnefnaskrá: „Suður og suðvestur af túninu er mýri. Austast í henni er Stórikrókur. Í norðurjaðri hennar og upp í túnið (gamla) Steinabarð.“ (ÖJB, 2).
**Lýsing**
Neðan við barðið eru tvennar mógrafir mest um 50sm djúpar og um 2,5x2,5m að utanmáli. Um 40m eru á milli grafanna.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-15**



*Mynd 8. Grunnur kofa neðan við Steinabörð. Horft er til austurs.*

**Fvrnr.:** 10231
**Hlutverk:** Hænsnakofi?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441844,11 N: 575038,17
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Suður og suðvestur af túninu er mýri. Austast í henni er Stórikrókur. Í norðurjaðri hennar og upp í túnið (gamla) Steinabarð.“ (ÖJB, 2).
**Lýsing**
Niðurgrafnar í barðið eru leifar byggingar sem heimildamaður telur að hafi verið reist af Jóni Sigurðssyni (föðurbróður heimildamanns) á árunum 1930-40 og hafi að líkindum verið hænsnakofi. Kofinn mun hafa verið hlaðin úr torfi- og grjóti og líklega reft yfir. Innanmál er 1,5x2m og hæst 20-40sm. Ekki er um eiginlegar fornleifar að ræða en húsin voru hlaðin úr torfi- og grjóti og bera því merki um fornt byggingarhandverk.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-16**
**Fvrnr.:** 10232
**Sérheiti:** Bakkagata
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Götur
**Staðsetning:** A: 441461,08 N: 575577,14
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Frá túninu til N.V., í átt að Blöndubakka, sést víða fyrir götutroðningum; nefnd <u>Bakkagata</u>.” (ÖJB, 1).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var gatan sem lá til Blöndubakka frá Enni nefnd Bakkagata. Götur sjást þarna enn á köflum og voru hnit tekin af loftmynd.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-17**




**Fvrnr.:** 10233
**Sérheiti:** Þórdísarkot
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Bæjarhóll
**Staðsetning:** A: 442831,08 N: 574663,26
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta - vegna ágangs búfjár og umferðar

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Syðsti hluti Ennislands heitir Stórihvammur, sem nær frá Þórdísarbrekku vestur að Ámundakinn. Vestan við suðurenda Brekkunnar er Þórdísarkot; tóftir fornar, garðlag kringum allstóran blett" (ÖJB, 2).
Þórdísarkot er fornbýli austast í Stórahvammi, vestur undir hvammbrúninni, rúmlega 1,1km suðaustur af bæjarhúsum á Enni. Býlið liggur skammt upp af Blöndu. Vegslóði liggur ofan í hvamminn austan og suðaustan við Þórdísarkot. Túngarður er vel greinilegur í kringum býlið og eru tóftir innan hans á að minnsta kosti þremur stöðum að líkindum frá mismunandi tímabilum. Slóð eftir bíl liggur þvert yfir túngarðinn og túnið.

**Lýsing**

Örlítið vestan við miðju túnsins er lágur hóll 18x13m að utanmáli og á honum stekkjartóft sem er að líkindum yngri en býlið sjálft. Líklegt verður að teljast að þetta sé bæjarhóllinn og að stekkurinn hafi verið byggður ofan á gömlu bæjartóftunum sem nú eru með öllu horfnar. Bæjarhóllinn teygir sig til norðurs í átt að túngarðinum og hefur hugsanlega verið garðlag þar á milli en það er þó óvíst.

**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundar-dóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-18**



***Mynd 9. Þórdísarkot. Horft er til suðvesturs. Túngarður er greinanlegur allan hringinn og stekkurinn er á grænum hóli til hægri á mynd.***

**Fvrnr.:** 10234
**Sérheiti:** Þórdísarkot
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 442831,08 N: 574663,26
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna ágangs búfjár og umferðar

**Staðhættir**
Þórdísarkot er fornbýli austast í Stórahvammi, vestur undir hvammbrúninni, rúmlega 1,1km suðaustur af bæjarhúsum á Enni.
**Lýsing**
Örlítið vestan við miðju túnsins er lágur hóll 18x13m að utanmáli og á honum stekkjartóft. Tóftin liggur austur/vestur, er grasi gróin og sker sig úr umhverfi vegna þess hversu grænn litur er á tóftinni. Veggir eru orðnir nokkuð sokknir og er mosi í þeim. Hlið hefur snúið mót vestri og innangengt hefur verið í lambakró. Króin er til austurs, 2x2m að innanmáli og réttin

um 4x3m að innanmáli, veggir eru um 40sm á hæð. Breidd veggja er frá 1-1,5m. Veggir eru að hluta rofnir sem stafar að líkindum vegna ágangs hesta sem eru á beit í hvamminum.

**Enni-19**



*Mynd 10. Túngarðurinn utan um Þórdísarkot. Horft er til asa.*

**Fvrnr.:** 10235
**Sérheiti:** Þórdísarkot
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 442845,05
N: 574680,46
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta - vegna ágangs búfjár og umferðar

**Staðhættir**
Þórdísarkot er fornbýli austast í Stórahvammi, vestur undir hvammbrúninni, rúmlega 1,1km suðaustur af bæjarhúsum á Enni. Túngarður hefur umlukið túnið og er hann enn vel sýnilegur.
**Lýsing**
Garðurinn er tæplega 200m langur og allt að 2ja metra breiður þar sem hann er mest hruninn. Mesta hæð garðsins sem er algróinn er um 90sm en hæð annars um 60-70sm. Garðlag, áfast túngarðinum liggur til austurs í um 20m en það er skorið af vegslóða sem liggur niður að Blöndu. Garðurinn er um 2ja metra breiður og um 40-50sm hár.

**Enni-20**
**Fvrnr.:** 10236
**Sérheiti:** Þórdísarkot
**Hlutverk:** Stekkur, rétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 442810,12 N: 574679,78
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta - vegna ágangs búfjár og umferðar

**Staðhættir**
Þórdísarkot er fornbýli austast í Stórahvammi, vestur undir hvammbrúninni, rúmlega 1,1km suðaustur af bæjarhúsum á Enni.
**Lýsing**
Í norðvesturhorni túnsins, sambyggð túngarðinum, er tvískipt tóft. Veggir eru hlaupnir í þúfur og því erfitt að meta breidd þeirra en þeir eru um 40-50sm háir. Tóftin liggur nálega austur/vestur en engar greinanlegar dyr eða hlið eru á tóftinni. Innanmál austara hólfs er 4x5m en vestara hólfið er 4x4m að innanmáli og virðist tóftin vera frá sama tíma og túngarðurinn í aldri og því vera hluti fornbýlisins. Norðan við tóftina er lítil tóft 4x1,5m að utanmáli, algróið og fremur óljóst.

**Enni-21**
**Fvrnr.:** 10237
**Sérheiti:** Þórdísarkot
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 442820,85 N: 574649,29
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta - vegna ágangs búfjár og umferðar

**Staðhættir**
Þórdísarkot er fornbýli austast í Stórahvammi, vestur undir hvammbrúninni, rúmlega 1,1km suðaustur af bæjarhúsum á Enni.
**Lýsing**
Tæplega 10m suðvestur af stekkjartóftinni [nr. 18] er tóft upp við túngarðinn, sem hugsanlega er tvískipt. Tóftin er á nokkurri upphækkun og virðist miðað við gróðurfar vera nokkuð yngri en túngarðurinn. Hún er grasi gróin en einnig er mosi í veggjum. Erfitt er að meta breidd veggja en hún virðist um 2m. Innanmál norðvestari tóftar er 2x2m og í syðri tóftinni 2,5x3m. Milliveggur er um 45sm breiður og 15sm hár en aðrir veggir eru um 45sm á hæð.

**Enni-22**
**Fvrnr.:** 10238
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðsetning:** A: 442867,36 N: 574572,28
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:**
Lítil hætta- vegna nálægðar við vatnsfall

**Staðhættir**
Suður af Þórdísarkoti eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir á árbökkum Blöndu og ná þær alveg niður að ánni. Þrjár mótóftir eru umhverfis mógrafirnar.



***Mynd 11. Mógrafir við Blöndu. Horft er til suðurs.***

**Lýsing**
Mógrafirnar eru um 80m langar frá norðri til suðurs og um 17-35m breiðar frá austri til vesturs. Þær eru um metri á dýpt.

**Enni-23**
**Fvrnr.:** 10239
**Hlutverk:** Móþurrkun/geymsla
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 442824,94 N: 574607,04
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suður af Þórdísarkoti eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir á árbökkum Blöndu og ná þær alveg niður að ánni. Þrjár mótóftir eru umhverfis mógrafirnar.
**Lýsing**
Um 25m suður af býlinu, norðvestur af mógröfunum er tóft, 1,5x1,5m að innanmáli. Breidd veggja er um 45sm og eru þeir mest um 30sm háir. Tóftin snýr nálega norður/suður með dyr mót suðri. Hún er algróin grasi, mosa og lyngi. Tóftin liggur í smá halla vestan við vegslóðann sem liggur niður að Blöndu og er gróðursnautt í kringum hana.

**Enni-24**



*Mynd 12. Mótóft sunnan við mógrafirnar. Horft er til austurs.*

**Fvrnr.:** 10240
**Hlutverk:** Móþurrkun/geymsla
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 442884,74 N: 574624,93
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suður af Þórdísarkoti eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir á árbökkum Blöndu og ná þær alveg niður að ánni. Þrjár mótóftir eru umhverfis mógrafirnar.
**Lýsing**
Um 8m norður af mógröfunum er mótóft 2,5x4,5m að utanmáli. Veggir eru um 45sm breiðir og 30sm háir. Tóftin er algróin grasi og mosa í veggjum og er nokkuð þýfð að innan. Tóftin liggur í brekku ofan við árbakka Blöndu.

**Enni-25**
**Fvrnr.:** 10241
**Hlutverk:** Móþurrkun/geymsla
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 442834,82 N: 574534,63
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suður af Þórdísarkoti eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir á árbökkum Blöndu og ná þær alveg niður að ánni. Þrjár mótóftir eru umhverfis mógrafirnar.

**Lýsing**
Suðvestan við mógrafirnar er mótóft um 3x5m að utanmáli. Breidd veggja er um 70sm og hæð þeirra um 25sm. Tóftin er algróin grasi og mosa í veggjum. Rof er á veggnum til vesturs og gætu verið dyr þar.

## Enni-26






***Mynd 13. Smalabyrgi. Horft er til suðvesturs.***

**Fvrnr.:** 10242
**Hlutverk:** Byrgi, Smalabyrgi?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 442696,03
N: 574523,62
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Tæplega 170m suðvestur af Þórdísarkoti eru leifar grjóthlaðins byrgis.
**Lýsing**
Vegghleðslur standa nokkuð vel eru um 50sm á hæð eða um sex raðir af steinum. Breidd veggja er um 50sm. Steinn er í tóftinni upp við vegginn, hugsanlega notaður sem sæti. Dyr snúa mót norðaustri.

**Enni-27**




**Fvrnr.:**10243
**Hlutverk:** Óþekkt, uppsátur?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 442523,18
N: 576623,02
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Laufskálanes gengur út í Hólmavatn að vestanverðu um það bil fyrir miðju vatnsins. Nesið er beint suður af landamerkjum Ennis og Bakkakots í norðausturhorni Ennislands, tæplega 1,5km frá bænum. Garður lokar nesið af og eru minjar út á því austanverðu sem virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Í gróinni laut austanvert á Laufskálanesi um 30 upp eða norðaustur af vatninu er tóft og virðist mjög gömul. Hún er jarðsokkin, gróin lyngi og fellur vel að umhverfi sínu en er þó greinileg. Veggir eru hæstir um 40sm og breidd þeirra er mest um 2m. Innanmál tóftar er 5x2,5m, hún snýr austur/vestur og snúa dyr mót austri út að vatninu. Áfast að norðan eða ofan við tóftina virðist liggja garðlag í boga en það er fremur óljóst og gæti verið náttúruleg myndun. Innanmál er 4x5, breidd þess er um 1m og hæð 50sm. Vegna staðsetningar við vatnið er hugsanlegt að þarna hafi verið naust sem geymdi bát eða báta sem notaðir voru til að fara út á vatnið.

**Enni-28**
**Fvrnr.:** 10244
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðsetning:** A: 442520,55 N: 576642,67
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Laufskálanes gengur út í Hólmavatn að vestan verðu um það bil fyrir miðju vatnsins. Nesið er beint suður af landamerkjum Ennis og Bakkakots í norðausturhorni Ennislands, tæplega 1,5km frá bænum. Garður lokar nesið af en minjar eru út á því austanverðu sem virðast mjög gamlar.

**Lýsing**
Í brekkunni ofan (norðan) við áður skráða tóft nr. 27 er niðurgröftur 2x3m að ummáli og um 50sm djúpur. Hann er algróinn lyngi en gras í botni, hlutverk óþekkt en virðist vera manngert.

**Enni-29**



*Mynd 14. Lág varða efst á Laufskálanesi. Séð yfir Hólmavatn til norðurs.*

**Fvrnr.:** 10245
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 442518,84
N: 576656,79
**Ástand:**
Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Laufskálanes gengur út í Hólmavatn að vestan verðu um það bil fyrir miðju vatnsins. Nesið er beint suður af landamerkjum Ennis og Bakkakots í norðausturhorni Ennislands, tæplega 1,5km frá bænum. Garður lokar nesið af og eru minjar út á því austanverðu sem virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Á hæsta punkti Laufskálaness er steinhleðsla 70x70m að grunnmáli. Hún er mest um 30sm á hæð og eru líklega leifar smá vörðu.

**Enni-30**
**Fvrnr.:** 10246
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Veggjalög, niðurgröftur
**Staðsetning:** A: 442508,61 N: 576626,85
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Laufskálanes gengur út í Hólmavatn að vestan verðu um það bil fyrir miðju vatnsins. Nesið er beint suður af landamerkjum Ennis og Bakkakots í norðausturhorni Ennislands, tæplega 1,5km frá bænum. Garður lokar nesið af og eru minjar út á því austanverðu sem virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Um 8m ofan eða vestan við tóftina [27] virðist vera önnur tóft. Þarna eru veggjalög þó mjög óljós og erfitt að átta sig nákvæmlega á þeim eða umfangi tóftar. Ummál virðist vera 13x7m

og liggur hún norður/suður. Veggir eru um 60sm breiðir og mest um 50sm háir, grafnir inní brekkuna til norðurs og vesturs. Tóftin er öll gróin lyngi og umhverfi hennar einnig. Hluti tóftar virðist vera einhvers konar niðurgröftur sambærilegur þeim sem skráður er nr. 28.

**Enni-31**
**Fvrnr.:**10247
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:**
A: 442462,65
N: 576587,71
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta-vegna jarðvegsrofs



*Mynd 15. Garðlag sem lokar af Laufskálanesi, Hólmavatn er í baksýn. Horft er til nnv.*

**Staðhættir**
Laufskálanes gengur út í Hólmavatn að vestanverðu um það bil fyrir miðju vatnsins. Nesið er beint suður af landamerkjum Ennis og Bakkakots í norðausturhorni Ennislands, tæplega 1,5km frá bænum. Garður lokar nesinu af og minjar eru út á því austanverðu og virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Garður liggur þvert yfir nesið alveg innst á því. Hann liggur frá norðvestri til suðausturs og er alls um 80m langur. Hann er lyngi gróinn og virðist mjög gamall en er vel greinilegur. Veggir eru nokkuð útfallnir alls um 2-3m á breidd og 50sm háir. Garðurinn er vel gróinn lyngi en hann er uppblásinn að hluta, sérstaklega til kantanna, og sér þar í mold.

**Enni-32**



*Mynd 16. Húsavarða. Horft til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10248
**Sérheiti:** Húsavarða
**Tegund:** Kennimark
**Hlutverk:** Varða/Fuglaþúfa
**Staðsetning:** A: 441717,99
N: 575779,25
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austan við Höllin, vestan

til á háásnum eru 3 vörður, sem heita Húsavarða, Miðvarða og Norðastavarða [...].” (ÖJB, 1).

**Lýsing**

Syðst er Húsavarða, hún er algróin og virðist náttúruleg en verið gæti að gróið hefði yfir litla vörðu þarna og man heimildamaður eftir að séð hafi í grjóthleðslur áður en að land gréri upp.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-33**

**Fvrnr.:** 10249

**Hlutverk:** Kofi, leiksvæði

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 441718,03 N: 575783,32

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Hættumat:**

Engin fyrirsjáanleg hætta



***Mynd 17. Lítið kofatóft, norðan Húsavörðu. Horft er til norðausturs.***

**Staðhættir**

Þrjár vörður liggja til norðurs frá bæjarhúsum á Enni. Húsavarða, Miðvarða og Ystavarða. Á holtinu þar sem Húsavarða er, um 500m nnv af bæjarhúsum á Enni er lítil kofatóft, og taldi heimildamaður hugsanlegt er þarna hefði verið smalakofi. Tóftin minnir um margt á kofa sem börn að leik hafa hlaðið.

**Lýsing**

Tóftin er 110x90sm að utanmáli. Veggir eru til austurs og vesturs, þeir eru 25sm breiðir og 15sm háir. Það sér í grjót í veggjum en þeir að öðru leyti grónir.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Austan við Höllin, vestan til á háásnum eru 3 vörður, sem heita Húsavarða, Miðvarða og Norðastavarða [...].” (ÖJB, 1).

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-34**



*Mynd 18. Miðvarða. Horft er til ssv.*

**Fvrnr.:** 10250
**Sérheiti:** Miðvarða
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða/Fuglaþúfa?
**Staðsetning:** A: 441835,18 N: 576126,83
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austan við Höllin, vestan til á háásnum eru 3 vörður, sem heita Húsavarða, Miðvarða og Norðastavarða [...].” (ÖJB, 1).

**Lýsing**
Í miðið er Miðvarða, varðan er algróin og virðist náttúruleg en verið gæti að gróið hefði yfir litla vörðu þarna og man heimildamaður eftir að séð hafi í grjóthleðslur áður en að land gréri upp.

**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundar-dóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-35**



*Mynd 19. Ystavarða. Horft er til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10251
**Sérheiti:** Norðastavarða/Ystavarða
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða/Fuglaþúfa?
**Staðsetning:** A: 441895,75 N: 576327,56
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrir-sjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austan við Höllin, vestan til á háásnum eru 3 vörður, sem heita Húsavarða, Miðvarða og Norðastavarða [...].” (ÖJB, 1).

**Lýsing**
Nyrst er Ystavarða, hún er mjög gróin en sér í grjót. Hún virðist náttúruleg en verið gæti að gróið hefði yfir litla vörðu þarna og man heimildamaður eftir að séð hafi í grjóthleðslur áður

en að land gréri upp. Heimildamaður segir vörðuna nefnda Ystuvörðu en ekki Norðustuvörðu.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundar-dóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-36**

**Fvrnr.:** 10252

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Staðsetning:** A: 441885,84 N: 576305,00

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni



*Mynd 20. Reiðgata milli Miðvörðu og Ystuvörðu. Horft er til nna.*

**Staðhættir**

Þrjár vörður liggja til norðurs frá bæjarhúsum á Enni. Húsavarða, Miðvarða og Ystavarða. Samkvæmt heimildamanni lágu reiðgötur til norðurs frá bænum og meðfram vörðunum.

**Lýsing**

Gatan er vel greinileg á tæplega 200m kafla milli á Miðvörðu og Ystuvörðu. Hún er horfin að hluta á milli Húsavörðu og Miðvörðu og á kafla milli Húsavörðu og bæjar þar sem hann hefur horfið undir veg sem liggur upp að gamalli grjótnámu.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Austan við Höllin, vestan til á háásnum eru 3 vörður, sem heita Húsavarða, Miðvarða og Norðastavarða [...].” (ÖJB, 1).

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundar-dóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-37**

**Fvrnr.:** 10253

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Staðsetning:** A: 442189,55 N: 575876,76

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni voru götur til norðnorðausturs í átt að Laufskálanesi, norðar sameinuðust göturnar [36] en lágu áfram í átt til Laxár.
**Lýsing**
Göturnar eru enn vel greinilegar á köflum og var punktur tekinn af loftmynd.
**Aðrar upplýsingar**
Miðað við stefnu götunnar má leiða líkur að því að þar sé kominn sama gata eða götur sem nefndar eru Skógargötur í landamerkjalýsingu Sölvabakka: „að austan eru merki eptir miðju Langavatni til norðurs, og úr norðurenda þess í Skógargötur eða Reiðgötur hinar fornu, - í stefnu á Brúarvelli við Laxá -,“
**Heimildaskrá**
Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 227.

**Enni-38**
**Fvrnr.:** 10254
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðsetning:** A: 442451,68 N: 575636,47
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni lágu götur til norðausturs frá Enni og áfram á milli Hólmavatns og Réttarvatns og voru þær farnar þegar farið var út í Efribyggð. Gatan lá á kafla alveg ofan í fjöruborði Réttarvatns og man heimildamaður vel eftir þeirri götu.
**Lýsing**
Göturnar eru enn vel greinilegar á köflum og var punktur tekinn af loftmynd.

**Enni-39**
**Fvrnr.:** 10255
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðsetning:** A: 442639,10 N: 575374,21
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Rudd braut sést greinilega austan við þjóðveginn og sunnan og vestan við Réttarvatn. Samkvæmt heimildamanni var þar sleðabraut og er hún enn greinileg að hluta og sést mjög vel í Réttarvatnsmýri austan við þjóðveginn út Efribyggð. Brautin var þó aldrei notuð í minni heimildamanns.
**Lýsing**
Göturnar sjást að hluta greinilega og var punktur tekinn af loftmynd.

**Enni-40**



*Mynd 21. Vegurinn niður Steinabarð. Horft er til nnv.*

**Fvrnr.:** 10256
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðsetning:** A: 441871,71 N: 575060,42
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni lá gata frá Enni og niður Ámundarkinn (sem nú er í landi Blönduóss).

**Lýsing**
Vegurinn sést enn á kafla en er að hluta kominn undir tún. Gatan sést og er vel greinileg þar sem hún liggur skáhallt niður svonefnt Steinabarð um 200m suður af Ennisbænum. Þar sunnar hverfur hún undir tún. Að sögn heimildamanns var þetta kerruvegur.

**Enni-41**
**Sérheiti:** Réttarvatn
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Úti í vatnið gengur lítið nes, sem heitir Laufskálanes. Nokkru sunnar er Langamýri, allt suður að Réttarvatni, sem einnig nær lítils háttar inn í Ennisland. Vestan við það er Réttarvatnsmýri." (ÖJB, 2).

**Lýsing**
Ekki er vitað af hverju nafnið er dregið en engin rétt fannst við vatnið við vettvangsskráningu 2008.

**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundar-dóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-42**
**Fvrnr.:**10257
**Hlutverk:** Kolagröf?
**Tegund:** Hola
**Staðsetning:**
A: 442809,39
N: 575994,55
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni



***Mynd 22. Fremst á myndinni er ein af holunum og fyrir miðri mynd stendur Guðmundur Sigurðarson í annarri holu. Horft er til suðurs.***

**Staðhættir**
Við suðurenda Hólmavatns eru fjórar holur í þurrum lyngmóa, hugsanlega kolagrafir.
**Lýsing**
Nyrsta holan er um 70sm í þvermál og um 40sm djúp. Óvíst er um aldur holanna sem minna margt um kolagrafir sem finnst víða á landinu en heimildamaður taldi að þarna gæti verið að ræða ummerki frá því að leitað var eftir möl í vegagerð í nágrenninu.

**Enni-43**
**Fvrnr.:** 10258
**Hlutverk:** Kolagröf?
**Tegund:** Hola
**Staðsetning:** A: 442808,07 N: 575991,96
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Við suðurenda Hólmavatns eru fjórar holur í þurrum lyngmóa.
**Lýsing**
Önnur holan að norðan er 1x2m að ummáli og um 20sm djúp. Óvíst er um aldur holanna sem minna margt um kolagrafir sem finnst víða á landinu en heimildamaður taldi að þarna gæti verið að ræða ummerki frá því að leitað var eftir möl í vegagerð í nágrenninu.

**Enni-44**
**Fvrnr.:** 10259
**Hlutverk:** Kolagröf?
**Tegund:** Hola
**Staðsetning:** A: 442807,81 N: 575984,75
**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Við suðurenda Hólmavatns eru fjórar holur í þurrum lyngmóa.
**Lýsing**
Þriðja holan að norðan er 1x2m að ummáli og um 40-50sm djúp. Óvíst er um aldur holanna sem minna margt um kolagrafir sem finnst víða á landinu en heimildamaður taldi að þarna gæti verið að ræða ummerki frá því að leitað var eftir möl í vegagerð í nágrenninu.

**Enni-45**
**Fvrnr.:** 10260
**Hlutverk:** Kolagröf?
**Tegund:** Hola
**Staðsetning:** A: 442810,13 N: 575983,69
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Við suðurenda Hólmavatns eru fjórar holur í þurrum lyngmóa.
**Lýsing**
Syðsta holan er 50sm að þvermáli og um 10-20sm djúp. Óvíst er um aldur holanna sem minna margt um kolagrafir sem finnst víða á landinu en heimildamaður taldi að þarna gæti verið að ræða ummerki frá því að leitað var eftir möl í vegagerð í nágrenninu.

**Enni-46**
**Fvrnr.:** 10261
**Hlutverk:** Huldufólksbústaður
**Tegund:** Steinn
**Staðsetning:** A: 441784,65 N: 575368,44
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta-er í túni
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Tæplega 90m norðvestur af íbúðarhúsinu í Enni er jarðfastur steinn í túni og segir heimildamaður að það muni vera álfasteinn.

**Enni-47**
**Hlutverk:** Hlaða
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin

**Staðhættir**
„Heyhlaða við fjárhús sem nú er rifið, tekur herumbil 40. hesta [...] viður gamall en brúklegur, veggir gamlir og gallaðir utan, betri innan.“ (Úr úttektarbók Engihlíðarhrepps 1897).
**Lýsing**
Hlaðan er horfin en vera má að þarna sé um að ræða minjar sem skráðar eru númer 7 og 9.
**Heimildaskrá**
Úttektarbók Engihlíðarhrepps, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

**Enni-48**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Hesthúskofi yfir 4 hross „[...] veggir gamlir og gallaðir, þak eins, hurð og dyraumbúningur lélegt.“ (Úr úttektarbók Engihlíðarhrepps 1897).
**Aðrar upplýsingar**
Hesthúsin eru horfin en vera má að þarna sé um að ræða minjar sem skráðar eru númer 5 eða 9. Ekki vissi heimildamaður hvar húsin höfðu staðið.
**Heimildaskrá**
Úttektarbók Engihlíðarhrepps, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

**Enni-49**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
„Hesthús upp á velli yfir 6 hross [...] viðir gamlir en brúklegir. veggir gamlir en stæðilegir þak gallað. dyraumbúningur góður.“ (Úr úttektarbók Engihlíðarhrepps 1897).
**Aðrar upplýsingar**
Hesthúsin eru horfin en vera má að þarna sé um að ræða minjar sem skráðar eru númer 5 og 9. Ekki vissi heimildamaður hvar húsin höfðu staðið.
**Heimildaskrá**
Úttektarbók Engihlíðarhrepps, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

**Enni-50**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Á túnakorti eru útihús við túnjaðarinn að norðan, vestur af fjárhúsum sem skráð eru nr. 3. Ekki kannaðist heimildamaður við önnur hús en fjárhúsin á þessum stað en þarna standa fjárhús í dag og eru húsin því horfin.
**Heimildaskrá**
Túnakort Ennis. Hannes Jónsson, 1918.

**Enni-51**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfinn
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Á túnakorti er matjurtagarður vestur af bænum. Þar er nú malarborið hlað og garðurinn sést ekki lengur. Ekki mundi heimildamaður eftir matjurtagarði þarna.
**Heimildaskrá**
Túnakort Ennis. Hannes Jónsson, 1918.

**Enni-52**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfinn vegna túnasléttunar
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Á túnakorti er matjurtagarður um 110m norðvestur af bænum.
**Lýsing**
Þar er nú slétt tún og sér ekkert eftir af garðinum. Ekki mundi heimildamaður eftir garðinum.
**Heimildaskrá**
Túnakort Ennis. Hannes Jónsson, 1918.

## Minjar frá Enni sem nú tilheyra Blönduósi

Eru í skýrslu 2007/65 um fornleifaskráningu Blönduóss, númer úr þeirri skýrslu eru í sviga

**Enni-53**
**Fvrnr.:** 10418
Sérheiti: Litla-Enni
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: A: 440596,95 N: 574934,67
Ástand: Horfið
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Í Húnaþingi segir: „Sama sumarið [1897] byggði Sveinn Kristófersson bóndi á Enni hús rétt fyrir neðan Skúlahorn og bjó þar í nokkur ár” (Húnaþing I, 427). Litla-Enni stóð um 20 m

austan við veg þann sem liggur norður að bryggjunni og rúmlega 30 m austur af hafnvarvoginni sem stendur niður í fjöru. Um Litla-Enni segir í Gjörðabók Fasteignamatsnefndar: „Eigandi og notandi: Jakob L. Bergstað. Íbúðarhús úr timbri 23 ára. 12x7ál með jafnstórum kjallara, grjóthlöðnum og að nokkru leyti steinlímdum. Veggir og þak pappaklætt. Engin skilrúm í kjallara. Á stofuhæð 4 herb. þiljuð. Slegið neðan á bita, en ekkert loft, nema á litlum parti og þar kvistherbergi 3x4ál. Vatnsleiðsla ekki. Hitað upp með eldavél með leirpípum. Útihús: fjós yfir 3 gripi og fjárhús yfir 30 sauðfj.- Lítilfjörlegt torfhús.
Húsinu fylgir sem eigu, land 1 ½ dagsl. ræktað tún. Gefur af sér 10-14 hb af töðu. Girt með gaddavír“ (Gjörðabók, 210).

**Lýsing**

Ekkert sést eftir af Litla-Enni, þarna eru nú kofar úr bárujárni og malarplan þar framan við. Punktur tekinn samkvæmt ábendingu Ævars Þorsteinssonar bónda í Enni.

**Heimildaskrá**

Pétur Sæmundsen (1975). *Blönduós: drög að sögu fram um 1940*. Í Húnaþingi, I bindi, bls. 420-473. Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga.
Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu. Löggilt 19. mars 1916. Handrit varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

**Enni 54 (145147 332-3)**
**Fvrnr.:** 10262



*Mynd 23. Horft yfir Mógilshvamm til nnv.*

**Sérheiti:** Mógilshvammur
**Hlutverk:** Náma
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 440592,39 N:575248,76
**Ástand:** Horfið
**Heimildamaður:**
Ævar Þorsteinsson, bóndi, Enni

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Frá Reiðmanna-klauf liggja Melabarmar til vesturs, vestur undir sjó þar heitir Skúlahorn. Norðan við það og nokkuð til austurs heitir Mógilshvammur, sem nær að Mógili“ (ÖJB, 3). Mógilshvammur er næsti hvammur norðan við Skúlahorn (sjá 1. mynd). Þar segir heimildamaður að hafi verið mógrafir sem nú eru horfnar undir ræktuð tún.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundar-dóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni 55 (145147 332-13)**
**Fvrnr.:** 10263
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóftaleifar
**Staðsetning:**
A: 440688,62
N: 575223,36
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna búfénaðar



*Mynd 24. Tóft, horft er til suðvesturs í átt að Blönduósi.*

**Staðhættir**
Norður af Skúlahorni og steypustöðinni eru grónir melar og tún. Syðst og vestast á þessum melum, frammi á brúninni um 110m í hánorður af steypustöðinni er lágur hóll.

**Lýsing**
Á hólnum virðast vera óljósar tóftaleifar. Engin veggjalög sjást en dældir eru í hólinn og í útjaðri hans sést í einfaldar grjóthleðslur á tveimur stöðum. Hóllinn er 8x9m að utanmáli. Hann er í beitarhólfi þar sem hestar hafa verið geymdir og er svæðið mikið niður traðkað.

**Enni 56 (145147 332-14)**
**Fvrnr.:** 10264




**Sérheiti:** Melagerði
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Bæjarhóll
**Staðsetning:** A: 441005,01
N: 575091,83
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
Hættumat: Hætta vegna uppblásturs

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „[...] Þar nokkuð norðar Langalág (þar sem liggur vegur til Skagastrandar) Þar lítið norðar Reiðmannaklauf. Milli þeirra er Melagerði, allstór grasblettur með fornu garðlagi í kring." (ÖJB, 3). Melagerði er nefnt Melaberg í jarðabók Árna og Páls: „Melaberg heitir örnefni eitt í fyrr áminstu þrætulandi; þar halda menn að í gamallri tíð muni hafa bygð verið, og sjást enn þess merki af garðaleifum og tóftarústum, en ekki vita nálægir hjer um framar að undirrjetta. Örvænt þykir mönnum að

þetta megi aftur byggja, því túnstæði er lítið og komið í grámosa, en slægjur öngvar.” (JÁM, 413).
Melagerði liggur á melunum norðan Blönduóss, við landamerki Blönduósbæjar og Ennis um 820m vestnorðvestur af íbúðarhúsi á Enni á svonefndu Ytra-Klaufarhorni.

**Lýsing**

Bæjarhóllinn liggur nyrst innan túngarðs og er 14x17m að utanmáli. Hann er þýfður og sjást engin greinileg veggjalög í honum en djúp dæld er í hann miðjan.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.
*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (8. bindi).* Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1926.

**Enni-57 (145147 332-15)**
**Fvrnr.:** 10265
**Sérheiti:** Melagerði
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:**
A: 441030,74
N: 575110,83
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna uppblásturs



*Mynd 25. Túngarður á Melagerði. Horft er til suðvesturs.*

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „[...] Þar nokkuð norðar Langalág (þar sem liggur vegur til Skagastrandar) Þar lítið norðar Reiðmannaklauf. Milli þeirra er Melagerði, allstór grasblettur með fornu garðlagi í kring.” (ÖJB, 3). Melagerði er nefnt Melaberg í jarðabók Árna og Páls: „Melaberg heitir örnefni eitt í fyrr áminstu þrætulandi; þar halda menn að í gamallri tíð muni hafa bygð verið, og sjást enn þess merki af garðaleifum og tóftarústum, en ekki vita nálægir hjer um framar að undirrjetta. Örvænt þykir mönnum að þetta megi aftur byggja, því túnstæði er lítið og komið í grámosa, en slægjur öngvar.” (JÁM, 413).
Melagerði liggur á melunum norðan Blönduóss, við landamerki Blönduósbæjar og Ennis um 820m vestnorðvestur af íbúðarhúsi á Enni á svonefndu Ytra-Klaufarhorni.

**Lýsing**

Túngarður hefur legið umhverfis tún fornbýlisins. Hann er vel glöggur að norðan, vestan og sunnan en er horfinn að austan þar sem nú er uppblásið land. Hann er alls 186m að lengd og mesta breidd veggja er um 3m og hæstur er hann 1m. Að norðan er annar garður sem liggur til norðausturs og virðist vera hluti túngarðs, hugsanlega frá öðru byggingarstigi.

**Nánari lýsing**

Norðvestur horn: 440979,91/575097,42
Suðvestur horn: 441003,37/575028,43

**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (8. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1926.

**Enni-58 (145147 332-16)**
**Fvrnr.:** 10266
**Sérheiti:** Melagerði
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 440978,54 N: 575116,89
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna uppblásturs
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „[...] Þar nokkuð norðar Langalág (þar sem liggur vegur til Skagastrandar) Þar lítið norðar Reiðmannaklauf. Milli þeirra er Melagerði, allstór grasblettur með fornu garðlagi í kring.” (ÖJB, 3). Melagerði er nefnt Melaberg í jarðabók Árna og Páls: „Melaberg heitir örnefni eitt í fyrr áminstu þrætulandi; þar halda menn að í gamallri tíð muni hafa bygð verið, og sjást enn þess merki af garðaleifum og tóftarústum, en ekki vita nálægir hjer um framar að undirrjetta. Örvænt þykir mönnum að þetta megi aftur byggja, því túnstæði er lítið og komið í grámosa, en slægjur öngvar.” (JÁM, 413).
Melagerði liggur á melunum norðan Blönduóss, við landamerki Blönduósbæjar og Ennis um 820m vestnorðvestur af íbúðarhúsi á Enni á svonefndu Ytra-Klaufarhorni.
**Lýsing**
Norðan við túngarðinn er annar garður, hugsanlega eldri hluti túngarðsins. Hann liggur til norðausturs, rofinn að hluta. Lengd hans er 47m, breidd mest 3m og hæð hans mest 1m.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (8. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1926.

**Enni-59 (145147 332-17)**
**Fvrnr.:** 10267
**Sérheiti:** Melagerði
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441023,95 N: 575114,80
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna uppblásturs

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „[...] Þar nokkuð norðar Langalág (þar sem liggur vegur til Skagastrandar) Þar lítið norðar Reiðmannaklauf. Milli þeirra er Melagerði, allstór grasblettur með fornu garðlagi í kring.” (ÖJB, 3). Melagerði er nefnt Melaberg í jarðabók Árna og Páls: „Melaberg heitir örnefni eitt í fyrr áminstu þrætulandi; þar halda menn að í gamallri tíð muni hafa bygð verið, og sjást enn þess merki af garðaleifum og tóftarústum, en ekki vita nálægir

hjer um framar að undirrjetta. Örvænt þykir mönnum að þetta megi aftur byggja, því túnstæði er lítið og komið í grámosa, en slægjur öngvar.” (JÁM, 413).
Melagerði liggur á melunum norðan Blönduóss, við landamerki Blönduósbæjar og Ennis um 820m vestnorðvestur af íbúðarhúsi á Enni á svonefndu Ytra-Klaufarhorni.

**Lýsing**

Við norðausturhorn túngarðsins er tóft og liggur hún norður/suður. Hún er að hluta utan (norðan) túngarðs, en suðurendi hennar er að hluta undir túngarðinum [15], sem bendir til að tóftin sé eldri en sá garður en hún kann að tilheyra sama tímaskeiði og mögulegur eldri túngarður [16]. Tóftin er tvískipt, algróin lyngi og sinu og virðist forn. Hún er 13x6m að utanmáli, veggir eru breiðastir um 100sm en 30 m að hæð. Nyrðri tóftin er 2x2 m að innanmáli og er innangengt í syðri tóftina sem er 2x3m að innanmáli.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (8. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1926.

**Enni-60 (145147 332-18)**
**Fvrnr.:** 10268
**Sérheiti:** Melagerði
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441007,62 N: 575105,97
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna uppblásturs

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „[...] Þar nokkuð norðar Langalág (þar sem liggur vegur til Skagastrandar) Þar lítið norðar Reiðmannaklauf. Milli þeirra er Melagerði, allstór grasblettur með fornu garðlagi í kring.” (ÖJB, 3). Melagerði er nefnt Melaberg í jarðabók Árna og Páls: „Melaberg heitir örnefni eitt í fyrr áminstu þrætulandi; þar halda menn að í gamallri tíð muni hafa bygð verið, og sjást enn þess merki af garðaleifum og tóftarústum, en ekki vita nálægir hjer um framar að undirrjetta. Örvænt þykir mönnum að þetta megi aftur byggja, því túnstæði er lítið og komið í grámosa, en slægjur öngvar.” (JÁM, 413). Melagerði liggur á melunum norðan Blönduóss, við landamerki Blönduósbæjar og Ennis.
Leifar býlisins er að finna um 820m vestnorðvestur af íbúðarhúsi á Enni á svonefndu Ytra-Klaufarhorni.

**Lýsing**

Um miðja norðurhlið túngarðs [15] er tóft sem liggur austur/vestur meðfram túngarðinum að innanverðu og er túngarðurinn jafnframt norðurhlið tóftar. Tóftin er tvískipt og snýr hlið mót vestri. Hugsanlega er um að ræða stekk með lambakró til austurs, innangengt er milli króar og réttar. Tóftin er algróin, 10x5m að utanmáli, hæð veggja er 45sm og breidd er allt að 1m. Króin (austari tóftin) er 1x2m að innanmáli en réttin er 3x4m að innanmáli. Veggir eru hlaupnir í þúfur og því nokkuð rofnir, síðari tíma fjárgata liggur til norðvestur í gegnum tóftina og túngarðinn.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (8. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1926.

**Enni-61 (145147 335-24)**
**Fvrnr.:** 10269




**Sérheiti:** Stekkjarhvammur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441711,47
N: 574088,40
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna framkvæmda

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Næst Ámundarkinn við Blöndu er Móhvammur og í honum við Blöndu eru Stekkjarhvammur – þar í gamalt stekkjarbrot – og vestar Litlihvammur" (ÖJB, 2-3). Stekkjarhvammur er undir brekku austast í bænum, gegnt norðausturenda Hrúteyjar, frammi á smá nesi við Blöndu um 50m austan við brú sem liggur yfir Blöndu í Hrútey. Um 2m vestan stekkjarins liggur vegur eða stígur niður (til suðvesturs) brekkuna í átt að brúnni.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er um 13m löng að utanmáli og um 7m á breidd. Greinanleg eru þrjú hólf eða krær í tóftinni. Nyrst er kró um 8x2,5m að innanmáli. Veggir hennar eru heillegustu veggir tóftarinnar allt að eins metra háir. Grjót greinilegt í hleðslum og er hleðslan heillegust í nyrðri skammvegg en þó eru veggir nokkuð teknir að hrynja. Veggir eru um 70cm þykkir. Áföst sunnan stærri króarinnar er minni kró, líklega lambakró um 2x3m að innanmáli. Veggir hennar eru grónari en stærri króarinnar um 50sm á þykkt og um 40cm á hæð. Áföst vestan lambakróarinnar er svo ógreinilegt ferkantað hólf um 5x1,5m að innanmáli, veggir mjög jarðsokknir, einungis um 30cm á hæð. Út frá suðausturhorni stekkjarins liggur um 7m langt og um 1m breitt garðlag fram á klettasnös ofan árinnar.(ÖJB, 2-3).
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

**Enni-62 (145147 332-25)**
**Fvrnr.:** 10270
**Sérheiti:** Móhvammur
**Hlutverk:** Náma
**Tegund:** Mógrafir
**Staðsetning:** A: 441456,97 N: 574108,11
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna framkvæmda

**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi, Enni

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Ennis segir: Næst Ámundarkinn við Blöndu er Móhvammur og í honum við Blöndu er Stekkjarhvammur – þar í gamalt stekkjarbrot (bls.2).
**Lýsing**
Móhvammur heitir svæðið fast austan núverandi tjaldsvæðis í Brautar/
Sýslumannshvammi. Í hvamminum eru leifar fjölmargra mógrafa sem mynda samfellt mógrafarsvæði á um 130m kafla frá vestri til austurs og um 30m kafla frá norðri til suðurs. Grafirnar eru mjög grónar og liggur göngustígur eftir endilöngu svæðinu sunnanverðu. Hæð grafanna er mest um 3m norðanvert en þær eru grynnri í suðurhlutanum.
**Nánari lýsing**
Samkvæmt heimildamanni er Brautarhvammur nýyrði en áður hét hvammurinn Móhvammur alveg niður að brúnni yfir Blöndu. Þá náðu mógrafirnar þangað niður eftir en eru nú komnar undir tún þar sem ferðaþjónusta er rekin.

**Enni-63 (145147 332-4)**
**Fvrnr.:** 10414
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 440613,33   N: 574960,82
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson

**Staðhættir**
Nyrst í Blönduósbæ, neðan Skúlahorns, 25m austan við veginn sem liggur til norðurs að bryggjunni og 45m austur af Hafnavoginni eru tveir matjurtagarðar. Sá stærri liggur ofar í brekkunni en hinn á láglendinu undir henni.
**Lýsing**
Garðarnir eru neðst í hlíðinni undir Skúlahorni og snúa mót suðvestri. Stærra garðlagið er 14x13 m að utanmáli og breidd veggja er 40sm og hæð þeirra um 40-50sm.
**Aðrar lýsingar**
Heimildamaður man eftir matjurtagörðunum sem notaðir voru frá Litla-Enni og hugsanlega einnig kotunum í kring.

**Enni-64  (145147 332-5)**
**Fvrnr.:** 10415
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 440610,17   N: 574939,37
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi, Enni

**Staðhættir**
Nyrst í Blönduósbæ, neðan Skúlahorns, 25m austan við veginn sem liggur til norðurs að bryggjunni og 45m austur af Hafnavoginni eru tveir matjurtagarðar. Sá stærri liggur ofar í brekkunni en hinn á láglendinu undir henni.

**Lýsing**
Garðarnir eru neðst í hlíðinni undir Skúlahorni og snúa mót suðvestri. Minna garðlagið er 8x9m að utanmáli, breidd veggja er 40sm og hæð um 40-50sm. Hann er opinn til suðurs.
**Aðrar lýsingar**
Heimildamaður man eftir matjurtagörðunum sem notaðir voru frá Litla-Enni og hugsanlega einnig kotunum í kring.

**Enni-65 (145147 332-6)**
**Fvrnr.:** 10416
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 440656,1 N: 574909,95
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Nyrst í bænum, niður undan Skúlahorni, suðaustan við áður skráða matjurtagarða [145147-4-5] er garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið liggur frá norðvestri til suðausturs og er heildarlengd þess 38m. Breidd veggja er um 30sm og hæð þeirra er 40sm.

**Enni-66 (145147 332-7)**
**Fvrnr.:** 10417
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Kerruvegur
**Staðsetning:** A: 440714,39 N: 574900,26
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi, Enni

**Staðhættir**
Um fyrstu vegina á Blönduósi ritar Jón Arason í Húnavöku: „Leiðin sem farin var norður úr staðnum lá fyrir rætur Skúlahorns og upp Reiðmannaklauf, vestan við túnið á býlinu Grund sem í daglegu máli var yfirleitt kallað Klaufin, eftir melunum framhjá Blöndubakka og Sölvabakka við Laxá. Þessi vegur utan í Skúlahorninu, var afar snjóþungur og ófær að vetrinum, langtímum saman. Það var því eðlilegt að menn reyndu að finna betri leið þegar bílaöld gekk í garð á Blönduósi“ (Jón Arason, 54). Nyrst í bænum, neðan undir Skúlahorni liggur gamli kerruvegurinn, fyrst til suðausturs og beygir síðan til norðausturs og svo norðurs upp í gegnum Reiðmannaklauf. Vegurinn er um 2,5m þar sem hann er breiðastur.
**Nánari lýsing**
Jón Arason segir svo frá í Húnavöku: „Utan ár var talsvert öðruvísi að leggja vegi en innan ár. Víðast farið yfir þurra mela. Sveinn í Enni lagaði veginn upp Reiðmannaklauf og sumarið

1880 ruddi mágur hans, Einar Árnason bóndi á Breiðavaði, veginn frá Skúlahorni að Blöndubakka“ (Jón Arason, 52).

**Heimildaskrá**

Jón Arason. (2006). Upphaf gatnakerfis á Blönduósi. Í *Húnavöku,* 46. árg., bls. 45-56. Ungmennasamband Austur-Húnvetninga.

## Hnjúkar



***Mynd 26. Bæjarstæðið á Hnjúkum. Bærinn stóð fyrir miðri mynd þar sem birkitrén eru og lágur hóll er hægra megin þeirra, hugsanlega öskuhóll. Horft er til suðurs.***

Hnjúka er fyrst getið í kaupbréfi frá 1373 þar sem Eiríkur Bárðarson selur Gunnsteini ábóta í Þingeyraklaustri hálfar jarðirnar Sauðanes og Syðri-Hnjúka fyrir lausafé.[16] Hnjúkakots er síðar getið í afsals- og ítakabréfi um Holtastaði í Langadal frá 1397 en innan sviga segir að um falsbréf sé að ræða. Áttu Holtastaðir þá veiði í Blöndu utan við Hnjúkakot.[17] Árið 1405 selur Jón Vigfússon Birni Einarssyni Jórsalafara jörðina Hnjúka ásamt fleiri jörðum með öllum þeim gögnum og gæðum sem jörðinni fylgja.[18] Jörðin er nefnd í elsta hluta af Sigurðarregistri frá 1525 og er jörðin Minni-Hnjúkar þá í eigu Þingeyrarklausturs.[19]

Jörðin dregur nafn sitt af Hnjúkunum ofan við bæinn og getur Páll Kolka þess að Hnjúkar hafi áður verið tvær jarðir Ytri- eða Syðri-Hnjúkar.“[20] Í fornbréfasafni er getið um Syðri-Hnjúka og Minni-Hnjúka auk Hnjúkakots en í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín

[16] *DI III*, 1896. Bls. 275.
[17] *DI III*, 1896. Bls. 622.
[18] *DI IX*, 1909-1913. Bls. 26.
[19] *DI IX*, 1909-1913. Bls. 314.
[20] P. V. G. Kolka. *Föðurtún*, bls. 171.

segir: „Hniukar, kallað af sumum Hniukakot.“ Í manntölum 1703, 1835 og 1870 er einungis nefnd jörðin Hnjúkar.[21]

Hnjúkar hafa sennilega lengst af verið svokallaður bóndagarður. þ.e. í eigu sjálfseignabænda, en þó ekki alltaf þeirra sem þar bjuggu. Árið 1706 voru Hnjúkar í eigu bóndans á Kúastöðum í Svartárdal.[22] Var jörðin einnig kölluð Hnjúkakot. Landsskuldin var greidd í landaurum og kúgildin í smjöri.

Jarðahlunnindi voru fá. Torfrista og -stunga léleg en rifhrís til kolagjörðar og eldiviðar góður. Vatnsbólið var slæmt og þraut oft og túni og engjum spilltu sandfok og flóð í Laxá.[23]

Hnjúkar voru 12 hundruð forn, en við endurmat 1848 var matinu breytt í 15,3 hundruð.[24]

## Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðamati frá 1849-50 er jörðin metin á 12 hundruð: „Túnið greiðfært liggur vel við. Sæmilega grasgefið, fóðrar rúmlega 2 kýr; slægjur reytingslegar, heyslæmar, innanum bithaga en nærtækar, fremur votar; sumarhagar nærtækir og nægilegir fyrir jarðarinnar peningshald, fremur léttir, vetrarbeit einkum þrautseig, og snapasöm, víðlend, en hörgótt, því landið er stór, en uppblásið víða, fremur er hún og kjarngóð. Laxveiði dálítil í Blöndu, borgar aðeins rúmlega fyrirhöfnina. Kolaviður fær til dengslis.“ Jörðin var metin á 450 ríkisdali.[25]

Árið 1916 er túnið sagt í góðri rækt og talið 8 dagsláttur, það er allt girt með gaddavírsgirðingu og auk þess mikið land sem gera mætti að túni. Talið er að tún gefi af sér 120 heybagga á ári. Engið sem er votlent, snöggt og þýft er innan um bithaga og sagt gefa af sér um 300 heybagga. Beitiland er nokkuð víðlent og kjarngott og vetrarbeit góð. Jörðin hefur framfleytt 160 fjár, 60-70 hrossum. Silungsveiði er lítilsháttar og telst ekki arðbær. Mótak er gott og torfrista nothæf. Jörðin er metin á 3200kr.[26]

## Landamerki

Landamerkjaskrá Hnjúka í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu

> „Milli Sauðaness og Hnjúka að sunnanverðu, byrja landamerki í Skíðdal, og eru þau hlaðnar þrjár vörður, er mynda þríhyrning, því næst frá þessum vörðum í vörðu, sem er upp á Skíðadalsbarmi, þaðan í vörðu, er stendur upp á svonefndum Langahrygg; þaðan í vörðu, er stendur fyrir ofan Hádegisbrekku fyrir norðan Miðklett; þaðan beina stefnu í Landamerkjastein, er skilur fyrir ofan mýrarsund þar sem Brekkur enda; þaðan í vörðu, sem er norðan til á Messuvegsholtum; þaðan beina stefnu ofan í Laxholt; þaðan beint í Laxá. milli Keldukinnar og Hnjúka byrja merki að austan í áður nefndum þremur vörðum, er standa í Skíðdal; þaðan eptir miðjum Skíðdalnum, meðan hann endist; svo þaðan beina stefnu í Byrgislaut; þaðan beina stefnu yfir Hrísmó, og í vörðu, sem er hlaðin niður við Blöndu; að norðan ræður Blanda ofan að Hjaltabakkalandi, og byrja merki þar á milli að vestan: bein stefna úr svo nefndri Fálkanöf, rjett fyrir neðan Eftirkleyf, suður eptir sundi því, sem gengur á milli svo

---

[21] Manntal 1703, 1835 og 1870 á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðað þann 11.11.08.
[22] *Jarðabók Árna og Páls* VIII, 1926. Bls. 315.
[23] *Jarðabók Árna og Páls* VIII, 1926. Bls. 315.
[24] *Ný jarðabók*, 1861. Bls. 91.
[25] Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 6. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.
[26] Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 50. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

> nefndra Lynghóla og í vörðu á Melabörmum; síðan sjónhendingu suður móana, eins og verður vísa, suður Þuríðarkeldur; úr henni beint í sýki, sem gengur til landnorður úr Krókhyl. Laxá ræður upp að Sauðaness merkjum.“

Undirritað í Keldukinn 16. apríl 1890 af Sveini Jónssyni og Jóni Hannessyni, eigendum Hnjúka. Bjarna Pálssyni, umráðamanni kirkjujarðarinnar Hjaltabakka, Kristófer Jónssyni eiganda jarðarinnar Köldukinnar og B.G. Blöndal, umboðsmanni Þingeyrarklaustursjarðarinnar Sauðaness.[27]

[27] Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 170.

## Fornleifaskrá

**Hnjúkar-1**
**Fvrnr.:** 10271
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Leifar húsgrunns
**Staðsetning:** A: 443773,90
N: 572390,18
**Ástand:** Nánast horfið
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ingólfur Björnsson bóndi Grænahrauni, bjó um tíma á Hnjúki




**Staðhættir**
Bærinn stóð sunnarlega í túninu í brekku niður undan Hnjúkunum sem hann er nefndur eftir.
**Lýsing**
Að sögn heimildamanns var bærinn gríðarlega stór og bjuggu þau í honum fyrstu árin á Hnjúkum en síðar byggði faðir hans hús á sama stað (í kringum 1939-40) og var þá hluti bæjarins rifinn en þó stóð baðstofan austan við í nokkurn tíma á eftir. Íbúðarhúsið var úr timbri með steinsteyptum kjallara. Búið er að rífa húsið en grunnur þess sést enn greinilega. Grunnur hússins var steinsteyptur og eru steypu- og járnbrot nyrst á bæjarhólnum. Birkitré eru syðst á bæjarhólnum og framan við þau er grjóthlaðinn kantur um 8m langur 1-2 grjóthleðslur á hæð. Garður var sunnan við húsið, þar sem enn standa birkitré. Síðustu ábúendur á Hnjúkum voru Guðrún Þorfinnsdóttir og Björn Geirmundsson.
**Aðrar upplýsingar**
Úttekt á gamla bænum var gerð 14. júní 1902. Ástandi húsa er svo lýst: **Baðstofan** er með 7 rúmstæðum. „Veggir sýnast góðir og stæðilegir, að öðru leyti en því, að lítið eitt eru snjáðir hliðarveggjaendar við suðurstofu. Þakið er ágætt.“
**Búrhús:** „Veggir eru gamlir en gallalitlir. Þak er brúkanlegt.“
**Eldhús:** „Veggir eru gamlir og mjög hrörlegir. Þak allgott.“
**Göng** eru frá baðstofu til bæjardyra: „Veggir eru gamlir og gallaðir og þak brúkanlegt.“
„Að sunnanverðu við bæjardyr er stofuhús sem snýr í suður og norður [...] Veggir eru, að sunnanverðu allstæðilegir. Stafn, [...][28] vestanverðu hallast hann heldur á grindina [...][29],

[28] Hluti blaðsíðunnar er horfinn.
[29] Hluti blaðsíðunnar er horfinn.

stæðilegur sýnist. Norður veggur við [...][30] er líka stæðilegur, en gallaður kampur að framan. Hálfstafnar úr borðinu – eða jafnkvist – eru á báðum endum og gluggi á suðurstafni með 2 rúðum. Þak er nokkuð brunnið, en þó brúkanlegt. Stigi er úr dyrum uppí loftið.“
**Skemma** er norðan við bæjardyr: „Veggir eru gamlir en lítið gallaðir, nema sunnan við þil að framan. Þak er brúkanlegt.“
**Eldiviðarhús** er austan við eldhúsið: „Veggir eru lélegir en þak brúkanlegt.“
**Smiðjuhús:** „Veggir gamlir og gallaðir, og þak sömuleiðis.“
**Fjós** er yfir 4 nautgripi: „2 hurðir eru fyrir fjósinu að aftan og ein til tóptarranghala – sem liggur til tóptar og í eldiviðarhús. [...] Veggir allir eru stæðilegir og þak brúkanlegt. Heytópt er við fjósið með stæðilegum Heytópt er við fjósið með stæðilegum veggjum.“ (Úr úttektarbók Torfalækjarhrepps 1902).

**Heimildaskrá**

Túnakort Hnjúka. Hannes Jónsson, 1920.
Úttektarbók Torfalækjarhrepps. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatns-sýslu.

**Hnjúkar-2**
**Fvrnr.:** 10272
**Hlutverk:** Öskuhóll
**Tegund:** Hóll
**Staðsetning:** A: 443762,63 N: 572392,85
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ingólfur Björnsson bóndi Grænahrauni, bjó um tíma á Hnjúkum

**Staðhættir**
Hóll er framan eða vestan við bæjarhólinn, leifar öskuhólsins. Samkvæmt heimildamanni hafði að hluta verið sléttað úr hólnum og síðar verið byggður í hann reykkofi sem nú er horfinn.

**Hnjúkar-3**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin
**Heimildamaður:** Haukur Pálsson, bóndi Röðli

**Staðhættir**
Á túnakorti liggur heimreiðin til suðausturs frá bænum. Þar er nú slétt tún og sér ekkert eftir af heimreiðinni.

**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni lá heimreiðin til austurs frá veginum eins og hún gerir í dag en síðan í boga til suðurs yfir þurra mela og kom því úr suðri að bænum.

**Heimildaskrá**

Túnakort. Hannes Jónsson, 1920.

[30] Hluti blaðsíðunnar er horfinn.

**Hnjúkar-4**



*Mynd 27. Brunnur. Horft er til austurs.*

**Fvrnr.:** 10273
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Hleðslur
**Staðsetning:** A: 443793,15 N: 572296,71
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ingólfur Björnsson bóndi Grænahrauni, bjó um tíma á Hnjúkum

**Staðhættir**
Ofan við túnið um 70m suður af bæjarhólnum eru leifar brunns.
**Lýsing**
Ferhyrnd grjóthleðsla er í botninn og umhverfir eru leifar torfveggja um 45sm háar, rofnar og alveg horfnar mót vestri. Vatn er í botni tóftarinnar. Hleðslur eru illa farnar eftir ágang hrossa. Samkvæmt heimildamanni var brunnurinn töluvert djúpur og hlaðið aðeins upp í kringum hann svo ekki læki ofan í hann vatn. Vatnið í brunninum var gott og alltaf nóg af vatni en þar sem lítill halli var heim að bænum rann vatnið hægt.
**Aðrar upplýsingar**
„Brunnhús niður á túni með […][31] ás, og af honum þverrept á veggi, gamalt og grasgróið að veggjum og þaki“ (Úr úttektarbók Torfalækjarhrepps).
**Heimildaskrá**
Úttektarbók Torfalækjarhrepps. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

**Hnjúkar-5**
**Fvrnr.:** 10274
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hóll
**Staðsetning:** A: 443743,55 N: 572296,09
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Haukur Pálsson, bóndi Röðli

**Staðhættir**
Tæplega 80m ssv af bæjarhólnum er lágur hóll sléttur að ofan og virðist sem þar hafi hugsanlega staðið mannvirki. Samkvæmt heimildamanni voru fjárhús suður á túni en sléttað var yfir þau fyrir að minnsta kosti 60 árum.
**Heimildaskrá**
ÖS UV: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast viðbót. Örnefnastofnun Íslands.

[31] Orð illlæsilegt.

**Hnjúkar-6**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin vegna túnasléttunar
**Staðhættir**
„Samstæðuhús suður á túni er taka 100 fullorðins fjár, mjög vel viðað bæði að styrkleika og fyrirkomulagi, með þilgafli að framan og 3 eru dyrnar á. Veggir eru vel stæðilegir að innan en hrörlegir að utan. Austurstafn tóptamegin er lélegur og óbrúkanlegur. þakið er gott. Heytópt við húsin er gömul en þó stæðileg." (Úr úttektarbók Torfalækjarhrepps 1902).
**Lýsing**
Búið er að rífa húsin sem stóðu suður á túni og eru þau nú í sléttu túni en líklegt er að eitthvert þeirra hafi staðið á hól þeim sem skráður er nr. 5.
**Heimildaskrá**
Úttektarbók Torfalækjarhrepps. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatns-sýslu.

**Hnjúkar-7**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin vegna túnasléttunar

**Lýsing**
„Fjárhús neðar, suður á túni yfir 100 fjár. Norður húsið er allgott að viðum og þaki, en veggir eru gallaðir. Syðra húsið er lakara að viðum, en líkt að þaki og veggjum. Þilgaflar eru framanundir húsunum, og fór gluggi með 1 rúðu á norður húsinu." (Úr úttektarbók Torfalækjarhrepps 1902).
**Lýsing**
Búið er að rífa húsin sem stóðu suður á túni og eru þau nú í sléttu túni en líklegt er að eitthvert þeirra hafi staðið á hól þeim sem skráður er nr. 5.
**Heimildaskrá**
Úttektarbók Torfalækjarhrepps. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatns-sýslu.

**Hnjúkar-8**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin vegna túnasléttunar

**Staðhættir**
„Hesthús yfir 16 hross sunnar á túni, brúkanlegt að viðum veggjum og þaki. heytóftirnar við 11 og 12 eru brúkanlegar, en hesthústópt lakari." (Úr úttektarbók Torfalækjarhrepps 1902).
**Lýsing**
Búið er að rífa húsin sem stóðu suður á túni og eru þau nú í sléttu túni en líklegt er að eitthvert þeirra hafi staðið á hól þeim sem skráður er nr. 5.
**Heimildaskrá**
Úttektarbók Torfalækjarhrepps. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatns-sýslu.

**Hnjúkar-9**
**Fvrnr.:** 10275
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443690,29 N: 572571,50
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta-minjarnar eru í túni

**Staðhættir**
Í túni um 175m norðvestur af bæjarhólnum er útihúsatóft. Hún er nyrst af fimm útihúsatóftum frá Hnjúkum.
**Lýsing**
Hún er 3x6m að innanmáli, dyr um 80sm breiðar til vesturs. Veggir eru hæstir og breiðastir að austan undir brekkunni um 50sm háir. Annars eru veggir um 1m á breidd og 20-30sm háir. Nokkuð af grjóti er að austanverðu og stór steinn er inn i tóftinni og annar við dyrnar. Tóftin snýr norður/suður og eru dyr mót vestri.

**Hnjúkar-10**
**Fvrnr.:** 10276
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443764,38 N: 572521,87
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta


*Mynd 28. Horft er til nnv yfir tóftir útihúsa norðan túns.*

**Staðhættir**
Fimm tóftir eru í og við túnið norðan við bæjarhólinn, norður af veginum sem liggur upp á Hnjúkinn ofan við bæinn. Fjórar þeirra eru í brekku, rétt ofan við túnið og nyrst þeirra er aflöng tóft.
**Lýsing**
Tóftin er tæplega 110m norður af bæjarhólnum, og snýr nálega austur/vestur. Stór steinn er í tóftinni sem er að mestu algróin en þó sér í nokkra steina í vegghleðslum. Dyr snúa mót vestri niður brekkuna um 40sm breiðar. Rof er á veggjum til suðurs, um 40sm breitt og til austurs um 20sm breitt og gætu þar einnig hafa verið dyr. Innanmál tóftar er 1,2x9m, mesta breidd veggja er um 1m og hæð um 30-40sm.
**Nánari lýsing**
Á túnakorti eru tvennar tóftir um 130m norður af gamla bænum. Fernar tóftir er norður af gamla bæjarstæðinu og líklega eru það tvær syðri tóftirnar [sjá nr. 12 og 14] sem sýndar eru á túnakorti þó ekki sé hægt að segja það með fullvissu.
**Heimildaskrá**
Túnakort Hnjúka. Hannes Jónsson, 1920.

**Hnjúkar-11**



*Mynd 29. Tóftir útihúsa norðan túns. Horft er til nv.*

**Fvrnr.:** 10277
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443780,56 N: 572508,56
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Tvískipt tóft liggur rúma 10m suðaustur af [10].
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og snúa dyr mót vestri. Hún er algróin dökkgrænu grasi og sker sig vel úr umhverfi. Veggir eru hrundir og mesta breidd þeirra er um 120sm, hæð veggja er um 30sm. Breidd milliveggjar er um 80sm og hæð hans um 10sm. Innanmál vestari tóftar er 2x3m en innanmál austari tóftar er 6x2m. Vestan og sunnan við tóftina er nokkuð hrun úr veggjum.

**Hnjúkar-12**
**Fvrnr.:** 10278
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443717,62 N: 572489,14
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Haukur Pálsson, bóndi Röðli



*Mynd 30. Fjárhústóft. Horft er til norðausturs.*

**Staðhættir**
Vestust þeirra fimm útihúsatófta sem eru norður af bænum er tveggja króa fjárhús með garða. Tóftin liggur við túnjaðar niður undan brekku.
**Lýsing**
Tóftin liggur nálega austur/vestur með dyr mót vestri. Steyptur grunnur hlöðu er ofan (austan) við tóftina og vélgrafinn bakki umhverfis hana. Húsin hafa verið hlaðin úr torfi og grjóti og sjást grjóthleðslur enn í veggjum sem eru þó ekki nema um 20-30sm háir. Steypt plata er á garðanum sem er hæstur um 25sm og breidd hans er um 80m. Breidd veggja í tóftinni er um 100sm og sjást timburleifar í henni. Tóftin er gróin grasi og vaxa í henni njóli og vallhumall.

Samkvæmt heimildamanni voru húsin í notkun fram yfir 1960 en sjálfur hafði hann fé í þeim vetrarpart eftir að hann keypti fé af síðustu ábúendum á Hnjúkum.

**Heimildaskrá**

Túnakort Hnjúka. Hannes Jónsson, 1920.

**Hnjúkar-13**

**Fvrnr.:** 10279

**Hlutverk:** Rétt?

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 443765,82 N: 572474,03

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**

Útihúsin eru norðan við bæinn og næst honum eða um 50m norður af bæjarhólnum er hóll, í brekku og á honum tóftir.

**Lýsing**

Norðvestur undir hólnum er tóft, hugsanlega rétt og myndar hólinn suðurvegg tóftarinnar sem liggur austur/vestur. Hún er 7x2m að innanmáli, algróin grasi. Tóftin er opin mót vestri en við veggendann að framan eru tveir stórir steinar. Hæð veggja er um 40sm en hæstir eru þeir um 90sm við hólinn. Breidd veggja er um 40-60sm.

**Hnjúkar-14**



*Mynd 31. Tóftahóll fyrir miðri mynd til vinstri. Horft er til nv.*

**Hlutverk:** Útihús

**Fvrnr.:** 10280

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 443772,65 N: 572468,28

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**

Útihúsin eru norðan við bæinn og næst bænum eða um 50m norður af bæjarhólnum er hóll, í brekku, og á honum tóftir.

**Lýsing**

Ofan á hólnum er tóft sem snýr austur/vestur um 4x7m að innanmáli. Hæð veggja er um 20-30sm. Dyr hugsanlega á suðvestur horni.

**Hnjúkar-15**

**Fvrnr.:** 10281

**Hlutverk:** Súrheysgryfja?

**Tegund:** Hola með hleðslu

**Staðsetning:** A: 443773,86 N: 572463,53

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Útihúsin eru norðan við bæinn og næst bænum eða um 50m norður af bæjarhólnum er hóll og á honum tóftir.
**Lýsing**
Sunnanvert á hólnum er hola um 70sm djúp. Grjótkantur er í henni til vesturs um 15sm hár. Þetta er hugsanlega einhverskonar gryfja, s.s. súrheysgryfja.

**Hnjúkar-16**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið
**Heimildamaður:** Ingólfur Björnsson bóndi Grænahrauni, bjó um tíma á Hnjúkum

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Grund, þar sem gömlu fjárhúsin stóðu“ (ÖS UV: bls. 1).
**Lýsing**
Ekki þekkti heimildamaður örnefnið Grund og því er óvíst við hvaða fjárhús er átt en líklegt verður að teljast að það sé eitt af þeim húsum sem þegar eru skráð.
**Heimildaskrá**
ÖS UV: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast viðbót. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-17**
**Fvrnr.:** 10282
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 443777,94 N: 572477,04
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Garðlag liggur frá tóftahól [sjá minjar 13-15] sem er í brekkunni norður af bænum.
**Lýsing**
Garðurinn liggur til norðurs frá tóft nr. 14. um 10m og beygir svo til vesturs niður brekkuna. Garðurinn er alls tæplega 40m langur, 40-70sm á hæð, um 70sm breiður og algróinn. Hann er hugsanlega hluti af túngarðinum [19] sem liggur frá beygjunni á garðinum til suðausturs.

**Hnjúkar-18**
**Fvrnr.:** 10283
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443816,34 N: 572378,70
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Áföst túngarðinum [19] á  brekkubrún tæplega 30m austan við bæjarstæðið er niðurgrafin smátóft.
**Lýsing**
Tóftin er 1x1,5m að innanmáli, opin til vesturs. Veggir eru um 100sm háir inni í tóftinni og frekar brattir til vesturs frá henni. Hún er algróin.

**Hnjúkar-19**
**Fvrnr.:** 10284
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 443787,20 N: 572479,69
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta


*Mynd 32. Túngarðurinn ofan (austan) við bæinn. Horft er til suðurs.*

**Staðhættir**
Túngarður liggur norðan og austan (ofan) við túnið.
**Lýsing**
Garðurinn er vel greinilegur á kafla norðan túnsins, algróinn og alls um 160m langur. Hann er um 90-120sm á breidd og um 30-50sm á hæð. Hann rofnar svo þar sem vegurinn upp á Hnjúkinn ofan bæjarins liggur í gegnum hann en er svo heill sunnan vegar. Þar sæmilega greinilegur á kafla en verður óljósari er sunnar dregur, garðurinn liggur meðfram brekkubrún og er þar um 130sm hár bakki niður af honum.

**Hnjúkar-20**




**Fvrnr.:** 10285
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443614,63 N: 572306,92
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta-er í beitarhólfi

**Staðhættir**
Í beitarhólfi vestan við heimatúnið rúma 160m suðvestur af bæjarstæðinu er tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur norðvestur/suðaustur með dyr mót norðvestri um 30sm breiðar. Innanmál er 3,5x1,5m. Aldur er óviss en tóftin virðist ekki mjög gömul en er illa farin eftir beit. Veggir

komnir í þúfur og rofnir. Mesta hæð veggja er 30-40sm og breidd er mest um 1m. Hún er grasi gróin.

**Hnjúkar-21**
**Fvrnr.:** 10286
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 443525,79
N: 572832,02
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Haukur Pálsson, bóndi Röðli



**Mynd 33. Réttartóft, horft er til sv.**

**Staðhættir**
Tæpa 500m norðvestur af bæjarstæði Hnjúka eru tvennar tóftir, sú syðri réttartóft.

**Lýsing**
Tóftin snýr nálega norðaustur/suðvestur og hefur hlið verið mót suðvestri, 2,5m á breidd. Réttin er um 7x14m að innanmáli. Breidd veggja er um 100sm og hæð veggja um 70sm - 90sm, hæstir til austurs. Tóftin er algróin grasi. Samkvæmt heimildamanni var réttin notuð fram um 1940, m.a. fyrir rúningu og þegar lömbin voru tekin frá að hausti. Blönduósingar notuðu réttina eftir að hreppurinn keypti jörðina (1930). Réttin var hlaðin úr torfi og grjóti.

**Hnjúkar-22**
**Fvrnr.:** 10287
**Hlutverk:** Óþekkt/stekkur?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443520,99
N: 572848,20
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta




**Staðhættir**
Tæplega 500m norðvestur af bæjarstæði Hnjúka eru tvennar tóftir, nyrðri tóftin fjórskipt.

**Lýsing**
Tóftin virðist nokkuð eldri en réttartóft sunnan hennar, en hún liggur þó samsíða henni og snýr nálega

norðaustur/suðvestur. Veggir til norðausturs eru fremur óljósir en við norðausturenda virðast vera tvær samliggjandi tóftir eða hólf sem liggja norðvestur/suðaustur. Tóftirnar eru algrónar og er mosi og lyng í veggjum. Syðra hólfið er 2x3,5m að innanmáli, hæð veggja mest um 20-30sm. Breidd milliveggjar er um 100sm. Hólfið norðan við er um 3x4m að innanmáli og veggjahæð um 25sm. Innangengt hefur verið á milli. Þar vestan við er hólf 2x1m að innanmáli, hæð veggja mest um 25sm. Næsta hólf vestan við er um 2x5m að innanmáli en norðurveggur (5m) er styttri en suðurveggur sem er um 9m. Breidd veggja er um 80sm og hæð um 20-40sm. Hringlaga niðurgröftur er framan við tóftina og virðist rjúfa hluta norðurveggjar. Niðurgröfturinn um 3m að þvermáli.

## Hnjúkar-23



*Mynd 34. Varða. Horft er til vesturs.*

**Fvrnr.:** 10288
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 443497,59 N: 572915,85
**Ástand:** Vel greinanlegar forn-leifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Á melholti um 70m norður af réttinni [21] er varða um 100x80sm að grunnmáli. Hún er um 30-40sm há og gróið umhverfis hana en annars er melurinn lítt gróinn. Varðan er lítið meira en stór grjóthrúga og ef hún hefur verið upphlaðin eru hleðslur nú hrundar. Hugsanlegt er að varðan standi á holti því sem nefnt er Vörðuhólsholt það sem nefnt er í örnefnaskrá (bls. 2) en staðháttalýsing er óskýr og því verður ekki fullyrt um það. Skafti Kristófersson getur þess í athugasemdum við örnefnaskrá að hann kannist ekki við vörður á Vörðuhólsholti.

**Heimildaskrá**
ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS Ath.s.: Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-24**
**Fvrnr.:** 10289
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 443291,47 N: 573092,12
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 35. Varða. Horft er til vesturs.*

**Staðhættir**
Á lítt grónum melkolli tæplega 840m norðvestur af bæjarhólnum á Hnjúkum er hrúga af nokkuð stóru grjóti, líklega leifar vörðu. Hugsanlegt er að varðan standi á holti því sem nefnt er Vörðuhólsholt það sem nefnt er í örnefnaskrá (bls. 2) en staðháttalýsing á holtinu er óskýr og því verður ekki fullyrt um það. Skafti Kristófersson getur þess í athugasemdum við örnefnaskrá að hann kannist ekki við vörður á Vörðuhólsholti.

**Heimildaskrá**
ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS Ath.s.: Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-25**
**Fvrnr.:** 10290
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 443198,51 N: 573285,23
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 36. Varða eða vörðuleif? Horft er til norðurs.*

**Staðhættir**
Á melbrún norðaustan við tóftir [26-29] er hleðsla.
**Lýsing**
Nokkrum steinum virðist hafa verið raðar upp við stóran náttúrulegan stein. Hleðslan er um 40sm á hæð. Aldur er óviss.

**Hnjúkar-26**




**Fvrnr.:** 10291
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443151,72 N: 573222,11
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáan-leg hætta

**Staðhættir**
Vestur undir ógrónum melum tæplega 1km norðvestur af bæjarhólnum á Hnjúkum eru tóftir. Tóftirnar eru mis augljósar og virðast gamlar.
**Lýsing**
Nyrsta tóftin stendur á smáhóli, er tvískipt og virðist nokkuð gömul. Hún liggur norðaustur/suðvestur, er jarðsokkinn og veggir fremur lágir, um 20sm til norðausturs en um 5-10sm til suðvesturs. Erfitt er að meta breidd veggja en hún gæti verið um 80sm. Tóftin er algróin og hvergi sér í grjót.

**Hnjúkar-27**
**Fvrnr.:** 10292
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443163,55 N: 573213,84
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Vestur undir ógrónum melum tæplega 1km norðvestur af bæjarhólnum á Hnjúkum eru tóftir. Tóftirnar eru mis augljósar og virðast gamlar.
Suðaustan við tóft **nr. 26** eru tvær tóftir og virðast þær jarðsokknari og eldri en tóftir [26/29].
**Lýsing**
Austari tóftin er 1,2x2m að innanmáli, breidd veggja er um 60sm og hæð um 20-30sm. Hún snýr norðvestur/suðaustur, er algróinn með mosa í veggjum. Dyr snúa mót suðaustri.

**Hnjúkar-28**
**Fvrnr.:** 10293
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443154,50 N: 573208,79
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Vestur undir ógrónum melum tæplega 1km norðvestur af bæjarhólnum á Hnjúkum eru tóftir. Tóftirnar eru mis augljósar og virðast fornar.
Suðaustan við tóft **nr. 26** eru tvær tóftir og virðast þær jarðsokknari og eldri en tóftir [26/29].
**Lýsing**
Vestari tóftin er hugsanlega rétt, 3,5x6m að innanmáli. Hún er fornleg, er algróin grasi og mosi er í veggjum. Tóftin liggur undir aflíðandi brekku og er veggur þar um 110sm á hæð en aðrir veggir eru um 30sm. Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og liggja kindagötur í gegnum hana og því erfitt að greina hvar hlið hafi verið á tóftinni.

## Hnjúkar-29



*Mynd 37. Nyrsta tóft af fjórum. Horft er til norðausturs.*

**Fvrnr.:** 10294
**Sérheiti:** Stóristekkur?
**Hlutverk:** Stekkur, beitarhús?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443178,24 N: 573204,05
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Fyrir norðan Háamelshornið og vestur með heita Lágar [...Hnjúkalágar...]. Eru það melar með grasi vöxnum bollum. Fyrir vestan þær er Hnjúkatjörn (Stóratjörn). Tjarnflói þar vestur af. Þar skammt fyrir ofan er bærinn Hnjúkar. Þar fyrir neðan eru tvö holt, Vörðuhólsholt og Bleiksholt neðar. Skammt frá tjörninni, nær Hnjúkum, er Stóristekkur.“ (ÖS U: bls. 2). „Það sjást enn smágarðbrot í vel grónum bletti vestan við Tjarnamel, sem er norðaustan við Hnjúkana sjálfa“ (ÖS Ath.s.: bls. 2). Vestur undir ógrónum melum tæplega 1km norðvestur af bæjarhólnum á Hnjúkum eru tóftir.
**Lýsing**
Syðst er tvískipt tóft, hugsanlega stekkur eða beitarhús. Hún snýr norðaustur/suðvestur og liggur heytóft eða kró til norðausturs, 3x1m að innanmáli, hæð veggja um 45sm. Það sér í grjót í veggjum en tóftin að öðru leit algróin. Milliveggur er um 50sm breiður, ekki sjást dyr á honum en hann er hlaðinn úr grjóti en algróinn. Fjárhús eða rétt er til suðvesturs 6x2m að innanmáli. Tóftin er grasi gróin og mosi er í veggjum en þó sér í grjóthleðslur. Hæð veggja er um 45sm. Tóftin er á nokkurri upphækkun og gæti verið byggð á einhverju eldra. Hlið snýr mót suðvestri og er þar veggur sem nær nokkuð út fyrir tóftina, hugsanlega ætlaður til að auðvelda innrekstur eða hluti af eldri tóft. Tóftin virðist vera yngri en tóftirnar norðan við.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Ekki er vitað, hvenær fráfærur voru aflagðar.“ (ÖS Ath.s.: bls. 2).
**Heimildaskrá**
ÖS Ath.s.: Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-30**
**Fvrnr.:** 10295
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 444980,35 N: 572399,57
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Sveinn Þórarinsson, Blönduósi og Haukur Pálsson, bóndi Röðli.




**Staðhættir**
Tæplega 1,2km austur af bæjarhólnum á Hnjúkum, hinu megin við hálsinn, við norðurenda Skýdals (Skíðadals) eru tóftir beitarhúsa á grasi grónum bala. Samkvæmt heimildamönnum voru beitarhúsin í eigu Skafta Kristóferssonar bónda í Hnjúkahlíð. Húsin voru byggð í kringum 1960 og var haft fé í þeim um 10-15 ár. Taldi Haukur að ekki hefðu verið eldri hús þar sem beitarhúsin voru byggð.
**Lýsing**
Húsin eru tvö og liggja í framhaldi hvort af öðru í stefnuna nna/ssv. Þau eru hlaðin úr torfi og grjóti og sér í torf - og grjóthleðslur (hlaðin úr klömbru) í veggjum en tóftin er að öðru leyti gróin, og mikill gróður var í henni þegar vettvangsskráning fór fram í júlí 2008. Garðar eru í báðum húsum, hlaðnir úr grjóti en steinsteypt plata er ofan á þeim, garðarnir eru um 80sm breiðir. Veggir eru nokkuð hrundir en austurveggur stendur hvað best um 75sm hár, aðrir veggir eru um 10-20sm eða nánast alveg horfnir. Nyrðri hluti húsanna er heillegri en syðri hlutinn, þar sem hluti veggja er rofinn í burtu. Tóftirnar eru báðar 10x4m að innanmáli en veggir til suðvesturs á syðri tóft eru alveg horfnir. Vegslóði liggur að tóftinni úr norðri.

**Hnjúkar-31**




**Fvrnr.:** 10296
**Hlutverk:** Rétt/stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443944,99 N: 573301,98
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta- nálægð við vegslóða
**Heimildamaður:** Ingólfur Björnsson bóndi Grænahrauni, bjó um tíma á Hnjúki

**Staðhættir**
Um 130m suðaustur af syðri enda gamals skeiðvallar er tóft, líklega rétt eða hugsanlega Litlistekkur sem nefndur er í örnefnaskrá. Vegslóði liggur við tóftina að norðan.

**Lýsing**
Innanmál er 3x6m, hún er algróin grasi og mosi er í veggjum. Hlið er 2ja metra breitt og snýr mót suðri. Austurveggur er nokkur lengri en vesturveggur, hugsanlega til að auðvelda innrekstur, og nær að tjörn (Litlutjörn?) sem liggur sunnan við tóftina. Breidd veggja er um 60sm og hæð 30-65sm. Veggir eru hæstir mót suðaustri.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt heimildamanni var tjörnin slegin frá Hnjúkahlíð og var mikil stör í henni sem slegin var þegar að tjörnina hafði lagt. Ekki þekkti hann nafn á tjörninni. Þarna virðist vera misræmi á lýsingu heimildamanns og í athugasemdum við örnefnaskrá en þar virðist tjörnin hér að ofan vera sú sem nefnd er Litlatjörn. Ef svo er þá er líklegt að tóftin séu leifar af Litlastekk sem skráður er nr. 44.
**Heimildaskrá**
ÖS Ath.s.: Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-32**
**Fvrnr.:** 10297
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 443665,87
N: 573774,66
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta-vegna jarðvegsrofs



*Mynd 38. Varðan ofan Lambhaga. Horft er til austurs.*

**Staðhættir**
Gróin varða er á melhorni upp af austurenda Lambhaga.
**Lýsing**
Varðan er hrunin ef hún hefur einhvern tímann verið hlaðin. Grunnmál vörðunnar er um 2x0,7m, hæð 50sm og er hluti gróðurtorfu sem að öðru leyti er rofin í burtu.

**Hnjúkar-33**



*Mynd 39. Mógrafir í Lambhaga. Horft er til norðurs.*

**Fvrnr.:** 10298
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðsetning:**
A: 443336,94
N: 574145,46
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta - nálægð við vatnsfall

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Neðri- Lynghóll er í Hjaltabakkalandi, alveg niður á bakkanum að Blöndu, skammt fyrir ofan Hrútey. Efri-Lynghóll er þar rétt fyrir ofan, í Hnjúkalandi. Hólar þessir eru allstórir um sig. Milli þeirra voru merki milli Hjaltabakka og Hnjúka og í vörðu á melbrúninni. Þar fyrir sunnan nálægt ánni er Lambhagi [...]“ (ÖS U: bls. 1). Í svonefndum Lambhaga við Blöndu, norðvestur af norðurenda skeiðvallarins eru mógrafir.
**Lýsing**
Mógrafarsvæðið er um 30m breitt og 80m langt.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „[...] Lambhagi, þar sem mórinn er tekinn [...]“ (ÖS U: bls. 1-2). „Góð mótekja var í Lambhaga. Mórinn var hitamikill, en grunnur“ (ÖS Ath.s.: bls. 4).
**Heimildaskrá**
ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-34**
**Fvrnr.:** 10299
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 443981,77
N: 572472,31
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 40. Varða ofan Hnjúka. Horft til norðvesturs og Blönduós í baksýn.*

**Staðhættir**
Rúmlega 200m austur af bæjarstæði Hnjúka þar sem vegurinn upp á Hnjúkinn beygir til suðurs, er varða.
**Lýsing**

Varðan er um 1,5m í þvermál, hún er um 60-80sm há en nokkuð er hrunið úr henni. Vestan hennar er einföld steinlögn 1x1m að ummáli og gengur hugsanlega undir vörðuna.

**Hnjúkar-35**




**Hlutverk:** Óþekkt
**Fvrnr.:** 10300
**Tegund:** Hóll og garðlag
**Staðsetning:**
A: 442674,98
N: 574201,95
**Ástand:**
Greinanlegar forn-leifar
**Hættumat:**
Hætta- nálægð við veiðihús

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan hana [átt er við Hnjúkakvísl] og suður af Efri-Lynghól gengur melhorn alveg ofan á bakkann að Blöndu; er það nafnlaust. Norðan í því og vestur með melbrúninni er grasi vaxinn brekka, Fossabrekka, nú stundum Fossabrekkur. Þar var garður verkalýðsfélagsins.“ (ÖS U, 1). Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: „Algengara var að segja Fossabrekkur. Kartöflur munu hafa verið ræktaðar þar í einhver ár, en því mun löngu hætt.“ (ÖS Ath.s.: bls. 1).
**Lýsing**
Garðlög eru vel greinileg þar sem kartöflugarðarnir hafa verið en þau teljast ekki fornleifar samkvæmt lögum. Veiðihús stendur vestur undir matjurtagörðunum og vestan þess er lágur hóll og um 15m langt garðlag til suðvesturs út frá honum. Ekki sjást neinar minjar á hólnum og er garðlagið fremur lágt og gæti verið hluti af kartöflugörðunum, aldur er óviss. Þó er hugsanlegt að þarna sé um að ræða leifar býlisins sem í örnefnaskrá er nefnt Fosskot [nr. 36] en engar minjar fundust annars um býlið eða merki um hvar það hefði verið staðsett.
**Heimildaskrá**
ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS Ath.s.: Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-36**
**Sérheiti:** Fosskot
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Fannst ekki/horfið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Fosskot heitir eyðibýli í landi Hnjúka, rétt fyrir neðan Efri- Lynghól. Þar sér fyrir túngarði.“ (ÖS UV: bls. 1).

**Lýsing**
Ekki fannst býli þetta við skráningu 2008 en ef til vill er óljóst garðlag [35] og hóll í námunda veiðihúss leifar þessa býlis.
**Heimildaskrá**
ÖS UV: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast viðbót. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-37**
**Sérheiti:** Messuvegsholt
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Flóinn, sem liggur fyrir neðan bæina Hnjúka og Hnjúkahlíð heitir Hnjúkaflói. Nær hann niður að Laxá og að merkjum Sauðaness og Hnjúka. [...] Neðarlega á Hnjúkaflóa voru Messuvaðaholt efra og neðra“ (ÖS U:  bls. 2,3).
**Lýsing**
Messuvegsholt eru í landi Röðuls en messuvegurinn lá í gegnum Hnjúkaland, hann var ekki skráður sumarið 2008 en verður skráður í heild með jörðinni Röðli.
**Aðrar upplýsingar**
„Messuvaðaholt eru nefnd Messuvegsholt í landamerkjaskrá. Holt þessi munu vera að mestu í Sauðaneslandi, en einhver partur þeirra í Hnjúkalandi, niður við Laxá. Líklegt er, að fólk á leið til og frá kirkju hafi átt leið þar um, meðan kirkja var á Hjaltabakka (hún var aflögð 1895), t.d. frá Hnjúkum, Sauðanesi og Köldukinn. Vöð yfir ána gætu hafa verið á ýmsum stöðum nálægt þessu svæði, en ekki er vitað um neitt sérstakt. Björn telur líklegra, að Messuvegsholt sé rétt nafn, því að óþarft var að fara yfir ána, eftir að komið var á holtið. Þaðan er þurr og góður reiðvegur að Hjaltabakka“ (ÖS Ath.s.. bls. 3).
**Heimildaskrá**
ÖS Ath.s.: Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-38**
**Sérheiti:** Sauðanesvegur eða Þvervegur
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Sauðanesvegur eða Þvervegur beint upp hjá vörðunni (?).“ (ÖS UV: bls. 1).
**Lýsing**
Vegur var ekki skráður 2008 en verður skráður í heild með jörðunum Röðli og Sauðanesi.
**Heimildaskrá**
ÖS UV: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast viðbót. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-39**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Fannst ekki/horfin

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Sauðanesvegur eða Þvervegur beint upp hjá vörðunni (?).“ (ÖS UV: bls. 1).
**Lýsing**
Varðan fannst ekki við skráningu 2008.
**Heimildaskrá**
ÖS UV: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast viðbót. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-40**
**Sérheiti:** Sjónarhólsgata
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Heimildamaður:** Haukur Pálsson bóndi Röðli

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Norðasti vegurinn hét Sjónarhólsgata.“ (ÖS UV: bls. 1).
**Lýsing**
Ekki þekkti heimildamaður örnefni þetta í landi Hnjúka og þess er ekki getið í örnefnaskrá. Örefnið er þó þekkt úr nágrenninu
**Heimildaskrá**
ÖS UV: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast viðbót. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-41**
**Sérheiti:** Grænukofagata
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Fannst ekki/horfið
**Heimildamaður:** Haukur Pálsson bóndi Röðli

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Grænukofagata (?)[32] í landsuður í áttina að Illukeldu. Þar er hvilft í bunguna (?)[33], og lítur út fyrir, að þar hafi verið stekkur.“ (ÖS UV: bls. 1). Í athugasemdum við örnefnaskrá (bls. 3) er haft eftir Skafta Kristóferssyni að Illakelda hafi verið ræst fram og orðin að túni frá Hnjúkahlíð.
**Lýsing**
Heimildamaður þekkti ekki til Grænukofa eða Grænukofagötu og engar minjar fundust við skráningu 2008 og að líkindum eru þær horfnar undir túnasléttun.
**Heimildaskrá**
ÖS UV: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast viðbót. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS Ath.s.: Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.

---
[32] Svona í örnefnaskrá.
[33] Svona í örnefnaskrá.

**Hnjúkar-42**
**Sérheiti:** Grænukofi?
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Fannst ekki/horfið
**Heimildamaður:** Haukur Pálsson bóndi Röðli

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Grænukofagata (?) í landsuður í áttina að Illukeldu. Þar er hvilft í bunguna (?), og lítur út fyrir, að þar hafi verið stekkur.“ (ÖS UV: bls. 1). Í athugasemdum við örnefnaskrá (bls. 3) er haft eftir Skafta Kristóferssyni að Illakelda hafi verið ræst fram og orðin að túni frá Hnjúkahlíð.
**Lýsing**
Heimildamaður þekkti ekki til Grænukofa eða Grænukofagötu og engar minjar fundust við skráningu 2008 og að líkindum eru þær horfnar undir túnasléttun.
**Heimildaskrá**
ÖS UV: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast viðbót. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS Ath.s.: Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-43**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Fannst ekki/Horfinn

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Grænukofagata (?) í landsuður í áttina að Illukeldu [í Hnjúkaflóa]. Þar er hvilft í bunguna (?), og lítur út fyrir, að þar hafi verið stekkur.“ (ÖS UV: bls. 1). Í athugasemdum við örnefnaskrá (bls. 3) er haft eftir Skafta Kristóferssyni að Illakelda hafi verið ræst fram og orðin að túni frá Hnjúkahlíð.
**Lýsing**
Engar minjar fundust við skráningu 2008 og að líkindum eru þær horfnar undir túnasléttun.
**Heimildaskrá**
ÖS UV: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast viðbót. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS Ath.s.: Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-44**
**Sérheiti:** Litlistekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfinn/fannst ekki
**Heimildamaður:** Ingólfur Björnsson bóndi Grænahrauni, bjó um tíma á Hnjúki

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Fyrir sunnan Litlutjörn er Brúnkuholt. Fyrir sunnan og austan Hnjúkaás er Austurás. Skammt frá Litlutjörn er Litlistekkur.“ (ÖS U: bls. 3).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni er Litlatjörn norðan við Hnjúkatjörn og rennur úr henni ofan í Blöndu. Ekki fundust neinar minjar um stekk í námunda við tjörnina. Misræmi virðist vera í

frásögn heimildamanns og í athugasemdum Sveins Kristóferssonar við örnefnaskrá þar sem staðsetning passar við tjörn þá sem nefnd er við rétt eða stekk sem skráður er nr. 31.

**Heimildaskrá**

ÖS Ath.s.: Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-45**



***Mynd 41. Hrunin varða eða hleðsla á melbrún. Horft er til vesturs í átt að Kleifum.***

**Fvrnr.:** 10301
**Hlutverk:** Varða, óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 442225,79 N: 573644,11
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Neðri- Lynghóll er í Hjaltastaðalandi, alveg niður á bakkanum að Blöndu, skammt fyrir ofan Hrútey. Efri- Lynghóll er þar rétt fyrir ofan, í Hnjúkalandi. Hólar þessir eru allstórir um sig. Milli þeirra voru merki milli Hjaltabakka og Hnjúka og í vörðu á melbrúninni.“ (ÖS U: bls. 1). Rúmlega 610m austur af íbúðarhúsinu á Kleifum er hleðsla á melbrún.

**Lýsing**

Hleðslan er á melbrún suður af Lynghólunum um 1x1m að ummáli. Ef þarna hefur verið varða hefur hún verið lítil og er nú alveg hrunin. Staðsetning getur passað við lýsingu í örnefnaskrá.

**Heimildaskrá**

ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-46**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Hleðsla
**Ástand:** Horfin/Sjá nr. 45

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Neðri- Lynghóll er í Hjaltastaðalandi, alveg niður á bakkanum að Blöndu, skammt fyrir ofan Hrútey. Efri- Lynghóll er þar rétt fyrir ofan, í Hnjúkalandi. Hólar þessir eru allstórir um sig. Milli þeirra voru merki milli Hjaltabakka og Hnjúka og í vörðu á melbrúninni.“ (ÖS U: bls. 1). Í landamerkjaskrá segir: „Efrikleyf, suður eptir sundi því, sem gengur á milli svo nefnda Lynghóla og í vörðu á Melbörmum [...]“ (LS: bls. 1).

**Lýsing**
Hugsanlegt er að þessi varða sé hleðslan sem skráð er nr. 45, aðrar hleðslur/vörður fundust ekki á þessu svæði.
**Heimildaskrá**
ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.
Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 170.

**Hnjúkar-47**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá segir: „Milli Sauðaness og Hnjúka að sunnanverðu, byrja landamerki í Skíðadal, og eru þar hlaðnar þrjár vörður, er mynda þríhyrning [...] " (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu).
**Lýsing**
Vörðurnar voru ekki skráðar sumarið 2008 en verða skráðar með Sauðanesi.
**Heimildaskrá**
Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 170.

**Hnjúkar-48**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá segir: „Milli Sauðaness og Hnjúka að sunnanverðu, byrja landamerki í Skíðadal, og eru þar hlaðnar þrjár vörður, er mynda þríhyrning [...] " (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu).
**Lýsing**
Vörðurnar voru ekki skráðar sumarið 2008 en verða skráðar með Sauðanesi.
**Heimildaskrá**
Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 170.

**Hnjúkar-49**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir:** Í landamerkjaskrá segir: „Milli Sauðaness og Hnjúka að sunnanverðu, byrja landamerki í Skíðadal, og eru þar hlaðnar þrjár vörður, er mynda þríhyrning; því næst frá þessum vörðum í vörðu, sem er upp á Skíðadalsbarmi; [...] " (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu).
**Lýsing**
Vörðurnar voru ekki skráðar sumarið 2008 en verða skráðar með Sauðanesi.

**Heimildaskrá**
Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 170.

**Hnjúkar-50**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Ástand:** Horfin/fannst ekki

**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá segir: „Milli Sauðaness og Hnjúka að sunnanverðu, byrja landamerki í Skíðadal, og eru þar hlaðnar þrjár vörður, er mynda þríhyrning; því næst frá þessum vörðum í vörðu, sem er upp á Skíðadalsbarmi; þaðan í vörðu, er stendur upp á svo nefndum Langahrygg [...] “ (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu).
**Lýsing**
Í athugasemdum við örnefnaskrá (bls. 3) er haft eftir Skafta Kristóferssyni í Hnjúkahlíð að hæsti toppurinn á Hnjúkunum sé Langihryggur. Ekki fannst varða á honum við skráningu 2008.
**Heimildaskrá**
Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 170.

**Hnjúkar-51**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Ástand:** Horfin/fannst ekki
**Heimildamaður:** Haukur Pálsson bóndi Röðli

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Flóinn, sem liggur fyrir neðan bæina Hnjúka og Hnjúkahlíð heitir Hnjúkaflói. Nær hann niður að Laxá og að merkjum Sauðaness og Hnjúka. [...] Neðarlega á Hnjúkaflóa voru Messuvaðaholt efra og neðra.“ (ÖS U: bls. 2,3) Í landamerkjaskrá segir: „[...] þaðan í vörðu, sem er norðan til á Messuvegsholtum [...] “ (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu).
**Lýsing**
Varðan fannst ekki við skráningu 2008 og samkvæmt heimildamanni er hún að líkindum horfin. Landamerki þessi voru girt fljótlega eftir að girðingar komu til sögunnar og er því líklegt að kennimörk hafi horfið við þá aðgerð.
**Heimildaskrá**
Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 170.
ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-52**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Ástand:** Horfin/fannst ekki

**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá segir: „Milli Köldukinnar og Hnjúka byrja merki að austan í áður nefndum þremur vörðum, er standa í Skíðdal; þaðan eptir miðjum Skíðdalnum, meðan hann endist; svo

þaðan beina stefnu í Byrgislaut; þaðan beina stefnu yfir Hrísmó, og í vörðu, sem er hlaðin niður við Blöndu [...]“ (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu).

**Lýsing**

Varðan fannst ekki við skráningu 2008.

**Heimildaskrá**

Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 170.

ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-53**

**Sérheiti:** Byrgislaut

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Ástand:** Horfið/fannst ekki

**Staðhættir**

Í landamerkjaskrá segir: „Milli Köldukinnar og Hnjúka byrja merki að austan í áður nefndum þremur vörðum, er standa í Skíðdal; þaðan eptir miðjum Skíðdalnum, meðan hann endist; svo þaðan beina stefnu í Byrgislaut; þaðan beina stefnu yfir Hrísmó, og í vörðu, sem er hlaðin niður við Blöndu [...]“ (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu).

**Lýsing**

Byrgi fannst ekki við skráningu 2008.

**Heimildaskrá**

Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 170.

ÖS U: Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.

**Hnjúkar-54**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Á túnakorti eru tvenn útihús merkt um 130m norður af bænum.

**Lýsing**

Fjarlægð á túnakorti virðist ekki passa við afstöðu þeirra tófta sem skráðar voru norðan við bæinn og því er óvíst hvort að húsin á kortinu séu þau sömu og tóftirnar.

**Heimildaskrá**

Túnakort. Hannes Jónsson, 1920.

**Hnjúkar-55**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Á túnakorti eru tvenn útihús merkt um 130m norður af bænum.

**Lýsing**
Fjarlægð á túnakorti virðist ekki passa við afstöðu þeirra tófta sem skráðar voru norðan við bæinn og því er óvíst hvort um eitthvert þeirra er að ræða.
**Heimildaskrá**
Túnakort. Hannes Jónsson, 1920.

**Hnjúkar-56**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í Árbók Ferðafélags Íslands segir: „Áður var reiðvegur um melana upp með Hnjúkatjörn að norðan, talsvert norðar en Svínvetningabraut liggur nú“ (ÁFÍ, 107).
**Lýsing**
Fjölmargar götur og slóðar eru á svæðinu og sjást margar þeirra á loftmynd. Ekki var nægileg vissa fyrir því hverja þeirra ætti við og því var gatan ekki hnitsett.
**Heimildaskrá**
Jón Torfason (2007). Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda. *Árbók Ferðafélags Íslands.* Reykjavík.

**Hnjúkar-57**
**Fvrnr.:** 10304
**Sérheiti:** Reiðmannaklauf
**Hlutverk:** Leið
**Staðsetning:** A: 443620,07 N: 573305,73
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í Árbók Ferðafélags Íslands segir: „Heitir Reiðmannaklauf í gegnum melana austan við tjörnina áður en komið er að Hrafnseyrarvaði. Má enn sjá hálfgróna götuslóða niður í lítinn hvamm vestan við Blöndu en stutt frá rennur lítill lækur úr Hnjúkatjörn í ána.“ (ÁFÍ, 107).
**Lýsing**
Punktur var tekinn af loftmynd eftir lýsingu úr heimildum. Greinilegar götur sjást í gegnum melana á köflum.
**Heimildaskrá**
Jón Torfason (2007). Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda. *Árbók Ferðafélags Íslands.* Reykjavík.

**Hnjúkar-58**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Á túnakorti er matjurtagarður um 60m ssa af bænum.

**Lýsing**
Matjurtagarður fannst ekki við skráningu 2008 og er hann að líkindum komin undir tún.
**Heimildaskrá**
Túnakort Hnjúka. Hannes Jónsson, 1920.

**Hnjúkar-59**
**Fvrnr.:** 10216
**Sérheiti:** Hrafnseyrarvað
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Vað
**Staðsetning:** A: 444461,59 N: 573914,52
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur fram að besta vaðið í ánni Blöndu hafi verið á Hrafnseyri, skammt frá bænum Breiðavaði, og þar fara flestir yfir um (SSH: 107).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni er Hrafnseyrarvað við merki Breiðavað og Björnólfsstaða og var oftast farið yfir það Björnólfsstaðamegin. Sunnan ár er komið yfir í land sem fyrrum tilheyrði Hnjúkum en tilheyrir nú Blönduósi.
**Aðrar upplýsingar**
Í Föðurtúni segir: „Hét þar þá Hrafnseyrarvað, en Strákavað litlu neðar, enda tæpara. [...] Vegurinn yfir Hrafnseyrarvað lagðist niður, er brúin kom á Blöndu nokkrum km. neðar 1897, enda mun áin hafa breytt sér þar.“ (FT: bls. 68).
**Heimildaskrá**
FT: Föðurtún. P.V.G. Kolka. 1950. P.V.G. Kolka.
SSH: Sýslu- og Sóknarlýsingar I. Húnavatnssýsla. 1950. Bókaútgáfan Norðri.

**Hnjúkar-60**
**Fvrnr.:** 10217
**Sérheiti:** Strákavað
**Hlutverk:**Vað
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 443123,68 N: 574372,32
**Ástand:** Ómetið
**Heimildamaður:** Kristján Sigfússon bóndi Húnsstöðum

**Staðhættir**
Í Húnaþing II segir: „Ekki er nú vitað hvar vað það var á Blöndu, er jörðin tók nafn sitt af, en tvö vöð eru fyrir landi jarðarinnar, og heitir hið syðra Hrafnseyrarvað, en hið nyrðra Strákavað.“ (HÞ II: bls. 152).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni er Strákavað skammt sunnan við Breiðavaðslæk þar sem hann rennur í Blöndu. Þar þrengir ánna aðeins og er vaðið rétt ofan við bugðu á ánni. Sunnan ár er komið yfir í land sem fyrrum tilheyrði Hnjúkum en tilheyrir nú Blönduósi.
**Heimildaskrá**
HÞ: Húnaþing II. Sigurður Þorbjarnarson. 1978. Búnaðarsamband Austur- Húnvetninga o.fl.

## Sölvabakki



*Mynd 42. Sölvabakki, horft er til norðurs.*

Sölvabakki er nyrstur Neðribyggðarbæja á Refasveit í Engilhlíðarhreppi. „Bæjarhús standa steinsnar frá háum og bröttum sjávarbakkanum. Nafn býlisins er af því dregið að þar mun hafa verið sölvatekja til búsílags.“[34]

Jarðarinnar er fyrst getið í Máldaga Péturs Nikulássonar Hólabiskups frá 1394 og jörðin þar nefnd Sölvabakki hinn ytri, í eign Höskuldsstaðakirkju ásamt Svangrund.[35]

Sölvabakki var 10 hundruð að fornu mati en 6,1 að nýju mati árið 1848.[36]

Jörðin var að hálfu eign konungs og hálfu Höskuldsstaðakirkju 1708.[37] Landsskuldin var greidd í landaurum. Helstu hlunnindi voru: lyngrif, berjatínsla, selveiði, sölvafjara og reki. Torfristu átti jörðin í Kúskerpislandi og á móti átti Kúskerpi skipastöðu í Bakkafjöru. Engi og tún voru léleg, en jörðin átti engjaítak í Neðra-Lækjardalslandi þar sem heitir Bakkateigur. Heimræði var og lendingin sæmileg, en sjaldan róið fleirum en einu skipi.[38]

---

[34] *Húnaþing II.* Bls. 161.
[35] *DI III*, 1896. Bls. 532. Sjá einnig máldaga Maríukirkju á Höskuldsstöðum bls. 599 og rekaskrá kirkjunnar bls. 601.
[36] *Ný jarðabók*, 1861. Bls. 91.
[37] *Jarðabók* VIII, 1926. Bls. 415.
[38] *Jarðabók* VIII, 1926. Bls. 416.

Gamalíel Jónsson sem talinn er hafa ritað Húnvetnskan annál 1753-1776 bjó á Sölvabakka. Hann var hagur maður á smíðar, bókbindari, góður fiskinn formaður og hreppstjóri.[39]

***Ósvíkurbúð*** er nefnd í Sýslu- og sóknarlýsingum og segir að hún hafi verið í byggð í eitt ár fyrir skömmu.[40] Sóknarlýsingin var gerð 1873 og hefur því verið búið þar fyrir þann tíma en Ósvíkurbúðar er ekki getið í manntölum 1703, 1816, 1835 eða 1870.[41]

**Jarðarpartar nú í eigu Sölvabakka**

***Neðri-Lækjardalur.*** Sölvabakki á nú helming lands í Neðri-Lækjardal en um bæinn segir í Húnaþingi: „Nyrztur bæja á Efribyggð. Bæjarhús standa sem næst í miðju láréttu túni. Bærinn er gamall úr timbri og torfi, með járnþaki. Peningshús úr sama efni. Jörðin er landlítil og nokkuð stór hluti þess uppblásnir melar, sem ná til sjávar í vestri, en að Laxá í norðri. Á melasvæði þessu er alllangur og djúpur dalur, sem ekki sést fyrr en að er komið, og er hann algróinn, skjólsæll og haggóður. Af dal þessum munu Lækjardalsbæirnir báðir taka nafn. Býlið í eyði síðan 1974.“[42]

Neðri-Lækjardalur var í bændaeign 1847 þá metinn á 10 hundruð, landskuld var 0,6 og kúgildi 2.[43]

Samkvæmt sýslu- og sóknarlýsingum voru tvö eyðikot í landi Neðra-Lækjardals, Fúsakot, skammt frá bæ og Dýjadalskot í svokölluðum Dýjadal.[44]

Árið 1947 var hálf ***Svangrund*** sem þá var í eyði lögð undir Sölvabakka en síðasti ábúandi þar var Níels Jónsson. Sagt er að býlið hafi á sínum tíma verið byggt úr landi Sölvabakka.[45] Árið 1847 var jörðin metin á 5 hundruð, landskuld var 0,3 og kúgildi 1 og var jörðin í eign Höskuldsstaðakirkju.[46]

Sigurður Ingjaldsson frá Balaskarði bjó um tíma á Svangrund og lýsir því svo í ævisögu sinni:

> „Við höfðum ekki stórt bú, 20 ær og einn hest og nokkrar kindur veturgamlar, því margt þarf að kaupa, þegar byrjaður er búskapur. Við höfðum vinnukonu og húsmann, sem hét Guðbrandur Guðlaugsson frá Sölvabakka, sem er næsti bær við Svangrund að norðan. Hann átti nokkrar kindur og ætlaði að verða smali fyrir mig og jafnvel fjármaður, því ég bjóst við að stunda sjó, það sem ég gæti, því þetta var sjávarjörð. Þarna byrjaði ég búskap glaður og ánægður, þótt búið væri ekki stór, ég treysti því að guð mundi blessa þessi litlu efni.“[47]

---

[39] *Annálar* IV, 1940-1948. Bls. 604-5.
[40] *Sýslu- og sóknarlýsingar*, Bls. 148.
[41] Manntal 1703, 1835 og 1870 á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands. Og Manntal 1816 á heimasíðu Hálfdans Helgasonar. Skoðað þann 12.11.08.
[42] *Húnaþing II*, 1987. Bls. 157.
[43] *Jarðatal Johnsen*, 1847. Bls. 241.
[44] *Sýslu- og sóknarlýsingar*. Bls. 128.
[45] *Húnaþing II*, 1987. Bls. 161.
[46] *Jarðatal Johnsen*, 1847. Bls. 241.
[47] *Ævisaga Sigurðar Ingjaldssonar*. Bls. 266.

Sjóróðrar voru stundaðir frá Sölvabakka og Svangrund og lýsir Sigurður því svo í ævisögu sinni að brimasamt hafi verið á Svangrund svo að sjaldan hafi verið lent þar eftir 18. viku sumars en lending hafi verið góð á Sölvabakka.[48]

**Náttúrufar og jarðabætur**

Í jarðamati frá 1849-50 var jörðin metin á 10 hundruð: „Túnið slétt, hætt við foksandi, í meðallagi stórt, fremur snöggt, fóðrar 2 kýr; slægjur svo litlar sem engar, en grasgóðar það lítið sem er, ekki heyslæmar, sumarhagar léttir, því landið er mest mellendi, og einasta fyrir örfáar skepnur, engar fyrir kýr, vetrarbeit notagóð, og nær nokkuð til hennar, nær og dálítið til fjörubeitar. Mótak ekkert. Torfrista engin og verður að fást að.“ Jörðin er metin á 180 ríkisdali. Svangrund var metin á 5 hundruð og Neðri-Lækjardalur á 10.[49]

Í lýsingu á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða frá árinu 1881 er sagt að tún sé í góðri hirðingu og mestpart slétt en harðlent. „Þær helstu og einu jarðabætur á jörð þessari væri að auka út túnið í óræktarmó, er jaðrar sunnan við það, og girða um kring það með skurði þar eð hvorki er að fá þar stungu né grjót sem dygði.“[50]

Árið 1916 er túnið talið 8 dagsláttur, það er að mestu slétt, í góðri rækt og grasgefið. Nokkuð hefur verið grætt út og liggur landið vel við útgræðslu. Túnið er talið gefa af sér um 140-160 hb árlega. Engjar sem eru litlar eru í hvömmum við Laxá og í Neðri-Lækjardalsengjum í skiptum við fjörubeit í Sölvabakkavík. Talið er að engjarnar geti gefið af sér um 40-60 hb. árlega af hollu og kjarngóðu heyi. Beitiland er ekki víðáttumikið, en góð bæði sumar og vetur og jarðsælt er á vetrum því að fjörubeit er sæmileg. Kúahagar eru litlir. Langt er í vatnsból sem er ekki gott. Mótak er gott en torfrista varla fáanleg.[51]

**Landamerki**

Landamerki Sölvabakka og Svansgrundar á Refasveit í Engihlíðarhreppi

> „Að austan ræður Húnafjörður; að sunnan gagnvart Blöndubakka með Bakkakoti ræður stefna úr Landsendanöf hinni syðri við sjó, eptir Beinulág í miðjan Bolapoll, og þá í mitt Langavatn; að austan eru merki eptir miðju Langavatni til norðurs, og úr norðurenda þess í Skógargötur eða Reiðgötur hinar fornu, - í stefnu á Brúarvelli við Laxá -, að hæsta melshorni eða melhrygg sunnan fram við Lækjardalslæk; þá ræður lækurinn merkjum að norðan beint til sjáfar.
>
> Sölvabakki á engjateig í landi Lækjardals hins neðra, í norðanverðum Lækjardalsdal, frá Leirdal upp að Neðstahvammi. – Rekamark milli Sölvabakka og Svansgrundar er lækur fyrir sunnan Bóndaklett í fjörunni, en að öðru leyti er útjörð óskipt. – Spákonuarfur er fyrir landi jarðanna allt inn í miðja Selvík, sem er rjett fyrir norðan Friðvík, en ofan undan- Svansgrund.“

---

48 *Ævisaga Sigurðar Ingjaldssonar*. Bls. 267.

49 Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 55. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

50 ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.

51 Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 216. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

Undirritað á Höskuldsstöðum 20. ágúst 1886 af Eggert Ó. Brím, umráðamanni Höskuldsstaðakirkju.[52]

[52] Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 227.

## Fornleifaskrá

### Sölvabakki-1




**Fvrnr.:** 10303
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 441476,91 N: 579549,19
**Ástand:** Horfinn
**Heimildamenn:** Anna Margrét Jónsdóttir bóndi Sölvabakka, Björg Bjarnadóttir og Ingibjörg Jónsdóttir Blönduósi

**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti var bærinn sunnarlega í heimatúninu.

**Lýsing**
Samkvæmt heimildamönnum stóð bærinn nálega þar sem gamla hlaðan er nú, austan við íbúðarhúsið. Búið er að rífa hann og sér hans ekki stað.

**Nánari lýsing**
Fjós var sambyggt bænum að sunnan og var gengið inn í það í gegnum hlöðuna úr eldhúsinu. Dyrnar snéru til vesturs út að sjávarbakkanum en gluggarnir á baðstofu til austurs.

**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt sem gerð var á Sölvabakka 20. apríl 1841 er ástandi húsa lýst svo:
**Baðstofa**: „Hurð á[53] járnum og þrepskjöld. Viðir, veggir og þak álíst stæðilegt, nema stafnveggur að norðan lítið snaraður.“
**Búrhús**: „Dyra umbúningur með hurð á járnum og þrepskjöld og 2 þvertré yfir dyrum. Veggir og þak lélegt.“
**Eldhús**: „Veggir nokkuð stæðilegir, þak brunnið annars vegar.“
**Skáli**: „Viðir nokkuð fúnir og báðir hliðveggir brostfeldugir. Með lélegu þaki.“
**Göng** frá baðstofu til útidyra „Biti yfir bæjardyrum, aurstokkur að neðan, með tveimur dyrastöfum og 1ni fjöl hvörju megin dyra, hurð á járnum með járnsnerli, 2 trélokum og kengjum af járni. Með sperrum yfir dyrum og bjórþili að framan. Annar bæjardyraveggur lítið sl[...][54]kaður, þak nýtilegt.“
**Skemma**: „Hurð á járnum með skrá og lykli. Veggir stæðilegir, þak brunnið.“

[53] Hér virðist standa „hu...“ en letrið er máð.
[54] Orð er illæsilegt.

**Fjós** yfir 3 nautgripi: „Með einum bita og styttu á undir auknum mæniás. Þéttreft á veggi með fúnu upprefti og 2 þvertrjám yfir dyrum. Með dyrastöfum, þrepskjöld og hurð á járnum og lítt nýtum veggjum. A) ranghali frá fjósi til útidyra, með ámóta upprefti, með dyra umbúning og hurð á járnum. B) Ranghali til fjóstóftar, með ónýtu refti yfir og innri ranghalaveggur lítt nýtur. Fjós heytóftin vel brúkanleg." (ÞÍ. Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 151).

**Heimildaskrá**

Túnakort Sölvabakka. Hannes Jónsson, 1918.

Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 151. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

**Sölvabakki-2**

**Fvrnr.:** 10304
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 441499,33 N: 579496,14
**Ástand:** Horfin
**Heimildamenn:** Anna Margrét Jónsdóttir bóndi Sölvabakka og Björg Bjarnadóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi

**Staðhættir**

Útihús eru á túnakorti um 20m suðaustan við bæinn.

**Lýsing**

Samkvæmt heimildamönnum var fjárhús utan við núverandi fjárhús, suðaustur af íbúðarhúsinu. Fjárhúsin stóðu til 1976. Punktur var af loftmynd og því getur staðsetningu skeikað um einhverja metra.

**Heimildaskrá**

Túnakort Sölvabakka. Hannes Jónsson, 1918.

**Sölvabakki-3**

**Hlutverk:** Hrútakofi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfinn
**Heimildamenn:** Anna Margrét Jónsdóttir bóndi Sölvabakka og Björg Bjarnadóttir

**Staðhættir**

Fjárhús voru suðaustur af bænum og norðan við þau var hrútakofi sem rifinn var um 1966.

**Lýsing**

Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu hrútakofans.

**Sölvabakki-4**

**Fvrnr.:** 10305
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Slóði
**Staðsetning:** A: 441469,10 N: 579408,27
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Heimildamaður:** Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi

**Staðhættir**
Á túnakorti má sjá heimreiðina syðst í heimatúninu, hún liggur til suðausturs frá bænum.
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni lá heimreiðin til suðurs frá bænum og meðfram Sandgilinu og er þar vegslóði í dag. Punktur var tekinn af loftmynd og getur því skeikað einhverjum metrum.
**Heimildaskrá**
Túnakort Sölvabakka. Hannes Jónsson, 1918.

**Sölvabakki-5**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið vegna túnasléttunar
**Heimildamaður:** Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi

**Staðhættir**
Á túnakorti er útihús um 80m nna af bænum.
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni voru tvenn tóftarbrot (engin veggjalög en dældir sáust í túni), með stuttu millibili út og upp (norðaustur) af Stórhól og taldi Ingibjörg að þar hefði hugsanlega verið fjárhús. Hugsanlegt er að þarna sé um sama útihús að ræða og er á túnakorti frá 1918.
**Heimildaskrá**
Túnakort Sölvabakka. Hannes Jónsson, 1918.

**Sölvabakki-6**
**Hlutverk:** Útihús, Lambhús?
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið
**Heimildamaður:** Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi

**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni voru tóftir norðan við Stórhól og munu þar hafa verið Lambhús. Þau voru horfin fyrir minni Ingibjargar sem fædd er 1928.

**Sölvabakki-7**



*Mynd 43. Hóllinn er ljósgrænn fyrir miðri mynd og íbúðarhúsið og hlaðan á Sölvabakka í baksýn, horft er til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10306
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441449,53 N: 579629,79
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamenn:** Anna Margrét Jónsdóttir bóndi Sölvabakka og Björg Bjarnadóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi

**Staðhættir**
Í túninu rúmlega 60m norður af íbúðarhúsinu á Sölvabakka er lágur hóll um 10x13m að ummáli. Á honum er lág dæld um 10sm djúp og um 4x4m að ummáli. Ekki er merkt hús þarna á túnakorti. Ekki vissu heimildamenn hvaða mannvirki hefði staðið þarna.

**Sölvabakki-8**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið vegna túnasléttunar
**Heimildamaður:** Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi

**Staðhættir**
Á túnakorti er útihús rétt utan túns um 170m nnv af bæ.
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var hesthús nyrst í túninu. Ekki fundust leifar hússins og er það að líkindum komið undir tún. Hesthúsið stóð í svonefndri Hesthússléttu utan við minkahúsið.
**Heimildaskrá**
Túnakort Sölvabakka. Hannes Jónsson, 1918.

**Sölvabakki-9**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin
**Heimildamaður:** Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi

**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni voru tóftabrot nyrst í túni, rétt sunnan við mógrafirnar og taldi hún að þar hefðu verið einhverskonar útihús.

**Sölvabakki-10**
**Fvrnr.:** 10307
**Hlutverk:** Túngarður?
**Tegund:** Garðlag, hryggur
**Staðsetning:** A: 441489,25
N: 579408,07
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi



*Mynd 44. Horft er eftir túngarðinum til vesturs.*

**Staðhættir**
Suður af íbúðarhúsinu og fjárhúsunum er lágur hryggur og liggur hann austur/vestur.
**Lýsing**
Hugsanlega er um að ræða leifar túngarðs en hryggurinn rofnar á einum stað og er þar steyptur kantur. Að sögn heimildamanns var enginn túngarður í kringum túnið í hennar minni.

**Sölvabakki-11**



*Mynd 45. Uppspretta í Brunnhvammi. Horft er til suðvesturs.*

**Fvrnr.:** 10308
**Sérheiti:**
Brunnhvammur
**Hlutverk:** Vatnsból
**Tegund:** Brunnur
**Ástand:** Horfinn

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Vestan í túninu, næstum syðst, er nokkuð stór hvammur, sem heitir Brunnhvammur, þar var fyrrum vatnsból.“ (ÖS 1976: bls. 2).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var brunnur í hvamminum og upphlaðið brunnhús sem ekki var þak á. Nokkru neðar var hlóðapottur þar sem ullin var þvegin. Brunnurinn var að sögn sunnan við miðju hvammsins en ekkert sér eftir af honum.
**Heimildaskrá**
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-12**
**Sérheiti:** Brunnhvammur
**Hlutverk:** Þvottastaður
**Tegund:** Hlóðir
**Ástand:** Horfinn

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Vestan í túninu, næstum syðst, er nokkuð stór hvammur, sem heitir Brunnhvammur, þar var fyrrum vatnsból.“ (ÖS 1976: bls. 2).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var brunnur í hvamminum og nokkru neðar var hlóðapottur þar sem ullin var þvegin. Tjörn var gerð í hvamminn þar sem að ullin var skoluð. Einnig vissi heimildamaður til þess að slátur hafi verið soðið á hlóðunum. Ekki sáust neinar minjar um þvottastaðinn.
**Heimildaskrá**
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-13**
**Fvrnr.:** 10309
**Sérheiti:** Brunnhvammur
**Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 441412,39
N: 579520,16
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta


***Mynd 46. Matjurtagarður eða rétt í Brunnhvammi. Horft er að ofan til norðvesturs.***

**Staðhættir**
Brunnhvammur heitir hvammurinn beint vestur af bænum á Sölvabakka og efst í honum er garðlag. Í úttektum Þingeyraklausturs segir: „Sáðgarður stendur í Brunnhvamminum. Er með lélegum veggjum en að öðru brúkandi.“ (ÞÍ. Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 151).
**Lýsing**
Garðlagið liggur undir hvammbrekkunni að vestan. Það liggur í L og myndar þannig hólf upp við brekkuna sem er 5x10m að utanmáli. Breidd veggja er um 1m og hæð 30-40sm, það er algróið og mikill gróður er á því og umhverfis. Hugsanlega er þarna um að ræða matjurtagarður sem nefndur er hér að ofan eða að þarna hefur verið lítið rétt eða einhverskonar gripheldi.
**Heimildaskrá**
Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 151. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

**Sölvabakki-14**

**Sérheiti:** Náttmálaþúfa
**Hlutverk:** Eyktarmark
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Fannst ekki

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Í norður af bæjarhlaðinu er þúfa á bakkabrúninni, sem heitir Náttmálaþúfa. Náttmálaþúfa er eyktamerki frá Sölvabakka.“ (ÖS 1975: bls. 3).
**Lýsing**
Náttmálaþúfa fannst ekki við skráningu 2008.

**Sölvabakki-15**



*Mynd 47. Leifar úr öskuhaugnum á Sölvabakka.*

**Fvrnr.:** 10310
**Sérheiti:** Öskuhvammur
**Hlutverk:** Öskuhaugur
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:**
A: 441410,43
N: 579560,03
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta-nálægð við tún

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að Öskuhvammur sé vestan í túninu, rétt norðan við Brunnhvamm (ÖS 1976: bls. 2).
**Lýsing**
Öskuhóllinn sést ekki lengur í túni en í rofinni brún Öskuhvamms sést í ösku og ruslaleifar úr hólnum.
**Aðrar upplýsingar**
Í svörum varðandi örnefni segir: „Öskuhvammur dregur trúlega nafn sitt af því að hann er fyrir neðan Öskuhaug og er þetta hvortveggja nefnt svo af því að þar var öskunni fleygt. Öskuhaugurinn var notaður sem mið þegar róið var til fiskjar frá Sölvabakka […]“ (ÖS 1992: bls. 1). Jón Guðmundsson frá Sölvabakka ritar í Húnavöku um fiskimiðin frá Sölvabakka og var öskuhóllinn eitt þeirra kennileita sem miðað var við í landi.
**Heimildaskrá**
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Guðmundsson (1987). Fiskimiðin frá Sölvabakka. Í Húnavöku. Bls. 87.

**Sölvabakki-16**
**Fvrnr.:** 10311
**Hlutverk:** Beðasléttur
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 441496,93 N: 579779,23
**Ástand:** Horfnar
**Heimildamaður:** Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi

**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni voru beðasléttur í túninu norðan við bæinn norðan við minkahúsin. Ekkert sér eftir af sléttunum sem komnar eru undir tún.

**Sölvabakki-17**
**Fvrnr.:** 10312
**Sérheiti:** Mógrafirnar
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðsetning:**
A: 441480,50
N: 579834,71
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi


***Mynd 48. Mógrafirnar fremst á mynd. Horft er til suðurs.***

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austan við Hala eru Mógrafirnar. Austur af Mógröfunum og upp að Grænulaut hét Mógrafarbolli. Grænalaut og Mógrafarbolli er nú hvorutveggja komið í tún.“ (ÖS 1976: bls. 4).
**Lýsing**
Mógrafirnar eru tæpa 300m norður af bænum, svæðið er óreglulegt að lögun en er að jafnaði um 40x50m að ummáli.
**Aðrar upplýsingar**
Í svörum við örnefnaskrá segir: „Mógrafartjörn er ekki til lengur sem örnefni en hún var ræst fram af Bessa Þorleifssyni afa Eggerts Gíslasonar þess sem ritað hefur fyrri örnefnaskrá Sölvabakka, og er nú alltaf talað um Mógrafir og stendur vatn í þeim. Ekki er vitað hvað margar stungur af mó voru í Mógröfunum, en þær hafa ekki verið margar. Litlu var hægt orðið að ná af mó fyrir tjörninni en eftir að hún var ræst fram kom upp aukin mótekja. Mór var tekinn þar upp fram til 1946 eða 1947. Mórinn var talinn sæmilegur til eldsneytis.“ (ÖS 1992: bls. 3).
**Nánari lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var mórinn fluttur upp á Móholtið þar sem hann var þurrkaður og borinn á bakinu heim að bæ. Hann var geymdur í mókofa sem var áfastur gamla bænum.

**Heimildaskrá**
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-18**
**Sérheiti:** Stekkjarlaut
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfinn vegna túnasléttunar

**Staðhættir**
Stekkjarlaut er nyrst í túninu, rétt norðan Skipagils og Mógrafanna (ÖS 1976: bls. 4).
**Lýsing**
Stekkurinn er kominn undir tún og sjást engar minjar um hann.
**Aðrar upplýsingar**
Í svörum varðandi örnefni segir: „Stekkjarrústir voru í Stekkjarlaut miðri, en lautinni var bylt og ræktað tún þar árið 1957 og voru þá rústirnar sléttaðar. Ekki er vitað hvenær kvíar þessar hafa verið notaðar en það mun vera langt síðan.“ (ÖS 1992: bls. 3).
**Heimildaskrá**
ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-19**
**Sérheiti:** Skipagil
**Hlutverk:** Uppsátur/Naust
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Fannst ekki 2008/horfið
**Heimildamenn:** Björg Bjarnadóttir, fyrrum ábúandi á Sölvabakka

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Næst Skipahrygg er Skipagil, en niður undan því er aðallendingarstaður í Sölvabakkavík, sem er talinn sá bezti þar út og suður.“ (ÖS 1975: bls. 2).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var tóft í Skipagili en hún fannst ekki við vettvangsskráningu 2008 og gæti því verið horfin í sjó.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Vestan í túninu, næst Sandgili er Sandgilshryggur, þar næst norðar er nokkuð stór hvammur, sem heitir Brunnhvammur […] norðan við hann er Öskuhvammur, þar norður af er Markúsarhvammur, þar norðar Dýjahvammur, þar næst Grýluhvammur og þar næst Skiphólshryggur. Um hann lá Skipagata niður á Skiphól, sem var ávöl grasivaxin bunga í fjörunni. Við hliðina á Skiphól var aðal bátauppsátur í Sölvabakkavík og á hann var borinn afli af bátum til skipta milli.“ (ÖS 1975: bls. 1-2).
**Heimildaskrá**
ÖS 1975: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-20**

**Sérheiti:** Skipagata
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Fannst ekki
**Heimildamenn:** Björg Bjarnadóttir, fyrrum ábúandi á Sölvabakka

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Vestan í túninu, næst Sandgili er Sandgilshryggur, þar næst norðar er nokkuð stór hvammur, sem heitir Brunnhvammur […] norðan við hann er Öskuhvammur, þar norður af er Markúsarhvammur, þar norðar Dýjahvammur, þar næst Grýluhvammur og þar næst Skiphólshryggur. Um hann lá Skipagata niður á Skiphól, sem var ávöl grasivaxin bunga í fjörunni. Við hliðina á Skiphól var aðal bátauppsátur í Sölvabakkavík og á hann var borinn afli af bátum til skipta milli.“ (ÖS 1975: bls. 1-2).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni lá gatan upp úr gilinu, norður fyrir túnið og út Sandlágar. Ekki sáust göturnar niður í gilinu en vel kann að vera að gengið hafi verið meðfram garðlagi því sem skráð er nr. 22. Götur liggja aftur á móti þvert yfir gilið og meðfram sjávarbakkanum en virðast vera fjárgötur.
**Heimildaskrá**
ÖS 1975: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-21**



*Mynd 49. Tóft efst í Skipagili. Horft er til norðurs.*

**Fvrnr.:** 10313
**Sérheiti:** Skipagil
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 441404,02
N: 579878,62
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Skipagil er norður af bæ, norðar en Markúsar- og Dýjahvammur. Í örnefnaskrá segir: „Næst Skipahrygg er Skipagil, en niðurundan því er aðallendingarstaður í Sölvabakkavík, sem er talinn er sá bezti þar út og suður.“ (ÖS 1975: bls. 2). Efst í Skipagili er þrískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur við vestanverðan túnendann um 3m vestur af túngirðingu, nálega í stefnuna austur/vestur. Stærsta hólfið er til austurs, 4x3m að innanmáli. Breidd veggja er um 60sm til suðurs og hæð veggja er um 30sm. Dyr eða hlið er við norðausturhorn og ofan þeirra liggur garður út frá tóftinni sem að líkindum hefur verið notaður til að auðvelda innrekstur. Vestan

við eru tvö hólf, það syðra er um 100x120sm að innanmáli og eru veggir þar um 20sm á hæð og 40sm á breidd. Norðar er hólf sem er 2x1m að innanmáli, eru veggir í því um 20sm háir og um 40sm breiðir. Vestan þeirra gæti verið fjórða hólfið, 2x0,5m að innanmáli en það er afar óljóst. Garðlag liggur sunnan við tóftina og áleiðis niður Skipagilið.

**Heimildaskrá**

ÖS 1975: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-22**

**Fvrnr.:** 10314
**Sérheiti:** Skipagil
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 441397,38
N: 579861,16
**Ástand:** Vel greinilegar fornleifar
**Hættumat:** Lítil hætta-nálægð við sjó




**Staðhættir**

Skipagil er norður af bæ, norðar en Markúsar- og Dýjahvammur. Í örnefnaskrá segir: „Næst Skipahrygg er Skipagil, en niðurundan því er aðallendingarstaður í Sölvabakkavík, sem talinn er sá bezti þar út og suður.“ (ÖS 1975: bls. 2). Efst í Skipagili er þrískipt tóft og suður frá henni liggur garðlag.

**Lýsing**

Það liggur til suðvesturs  niður í Skipagilið og er greinilegt á um 12m kafla en síðan virðist vera 30m langt afar ógreinilegt framhald af garðinum, lengra niður í gilið. Það er um 120sm á breidd, algróið og mesta hæð er um 45sm.

**Heimildaskrá**

ÖS 1975: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-23**

**Sérheiti:** Skiptavöllur
**Hlutverk:** Sjóminjar
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir að Skiptavöllur sé norður af bæ, norður af Skipagilslæk: „Neðst norðan við Skipagilslæk er lítill sléttur flötur, sem tekur við beint af fjörunni. Hann er nefndur Skiptavöllur […]. (ÖS 1976: bls. 2).

**Lýsing**
Engin ummerki um mannvirki fundust á Skiptavelli.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Hann er nefndur Skiptavöllur, en þar var aflanum skipt hér áður frá Sölvabakka og komu menn af bæjunum í kring og réru með Sölvabakka bónda“. (ÖS 1976: bls. 2 ).
**Heimildaskrá**
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-24**
**Sérheiti:** Fiskhóll
**Hlutverk:** Herslubyrgi
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið

**Staðhættir**
Fiskhóll er norður af bæ, sunnan við Stekkjarlaut. Í örnefnaskrá segir: „Norðast í túninu er Stekkjarlaut, sunnan við Stekkjalaut er Fiskhóll.“ (ÖS 1975: bls. 3).
**Lýsing**
Ekki fundust nein ummerki eftir fiskhjalla.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þar voru áður fiskhjallar, -verkaður hákall, þurrkaður, hertur og saltaður fiskur.“ (ÖS 1975: bls. 3).
**Heimildaskrá**
ÖS 1975: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-25**
**Fvrnr.:** 10315
**Sérheiti:** Skipakinnarhorn
**Hlutverk:** Kennimark?
**Tegund:** Varða/þúfa
**Staðsetning:** A: 441300,29 N: 579980,43
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir og lýsing**
Efst á Skipakinnarhorni er grjóthleðsla og gróin fuglaþúfa þar ofan á. Hugsanlega er hleðslan hrunin varða. Algerlega gróðursnautt er í kringlum þúfuna og allur jarðvegur rofinn í burtu.

**Sölvabakki-26**
**Fvrnr.:** 10316
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 441477,36
N: 579885,33
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta


*Mynd 50. Hleðslan séð að ofan.*

**Staðhættir**
Á Móholti, rúmlega 330m norður af Sölvabakka, norður af mógröfunum eru sex steinhleðslur sem virðast manngerðar. Hleðslurnar liggja í röð frá suðvestri til norðausturs.
**Lýsing**
Hleðslan sem er lengst til suðvesturs er nálega hringlaga einföld steinlögn 0,5m í þvermál. Óvíst er um aldur og hlutverk.

**Sölvabakki-27**


*Mynd 51. Hleðslan er neðst til hægri á mynd. Fleiri eru í baksýn. Horft er til austurs.*

**Fvrnr.:** 10317
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 441485,18
N: 579895,73
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Á Móholti, rúmlega 330m norður af Sölvabakka, norður af mógröfunum eru sex steinhleðslur sem virðast manngerðar. Hleðslurnar liggja í röð frá suðvestri til norðausturs.
**Lýsing**
Önnur hleðslan að suðvestan er aflöng, einföld grjóthleðsla 100x50sm að ummáli. Aldur og hlutverk óvíst.

**Sölvabakki-28**
**Fvrnr.:** 10318
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 441489,48 N: 579899,14
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



***Mynd 52. Þríhyrnd grjóthleðsla, séð að ofan.***

**Staðhættir**
Á Móholti, rúmlega 330m norður af Sölvabakka, norður af mógröfunum eru sex steinhleðslur sem virðast manngerðar. Hleðslurnar liggja í röð frá suðvestri til norðausturs.

**Lýsing**
Þriðja að suðvestan er grjóthleðsla, þekjandi og virðist þríhyrningslaga, hún er um 80sm löng og 60sm breið. Aldur og hlutverk óvíst.

**Sölvabakki-29**



***Mynd 53. Ferhyrnd grjóthleðsla, séð að ofan.***

**Fvrnr.:** 10319
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 441495,31 N: 579903,12
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Á Móholti, rúmlega 330m norður af Sölvabakka, norður af mógröfunum eru sex steinhleðslur sem virðast manngerðar. Hleðslurnar liggja í röð frá suðvestri til norðausturs.

**Lýsing**
Fjórða hleðslan að suðvestan er ferhyrnd einföld steinlögn 70x120sm að utanmáli. Aldur og hlutverk óvíst.

**Sölvabakki-30**
**Fvrnr.:** 10320
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 441503,70 N: 579904,66
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Á Móholti, rúmlega 330m norður af Sölvabakka, norður af mógröfunum eru sex steinhleðslur sem virðast manngerðar. Hleðslurnar liggja í röð frá suðvestri til norðausturs.



***Mynd 54. Einföld hringlaga steinlögn. Séð að ofan.***

**Lýsing**
Hleðslan sem er önnur að norðvestan er hringlaga einföld steinhleðsla um 110sm að þvermáli. Aldur og hlutverk óvíst.

**Sölvabakki-31**



***Mynd 55. Grjóthleðsla eða grjóthrúga, séð að ofan.***

**Fvrnr.:** 10321
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 441505,72
N: 579906,19
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Á Móholti, rúmlega 330m norður af Sölvabakka, norður af mógröfunum eru sex steinhleðslur sem virðast manngerðar. Hleðslurnar liggja í röð frá suðvestri til norðausturs.

**Lýsing**
Lengst til norðvesturs er lítil grjóthleðsla, eða samsafn af grjóti og gróið umhverfis það. Aldur og hlutverk óvíst.

**Sölvabakki-32**
**Fvrnr.:** 10322
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hola, niðurgröftur
**Staðsetning:** A: 441509,83 N: 579905,59
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Á Móholti, rúmlega 330m norður af Sölvabakka, norður af mógröfunum eru sex steinhleðslur sem virðast manngerðar og austan þeirra er hola eða niðurgröftur tæplega 1x0,5m að ummáli. Hlutverk og aldur óþekkt.

**Sölvabakki-33**
**Fvrnr.:** 10323
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 441540,10 N: 580327,48
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta


***Mynd 56. Þúfa og hleðsla fremst á mynd. Horft er til vesturs.***

**Staðhættir**
Þúfa með grjóti í er efst á melhól, rúma 750m norður af bænum og stendur rör upp úr henni efst.
**Lýsing**
Grjóthleðsla er í þúfunni og upp við hana að austan sporöskjulaga, einföld hleðsla 90x70sm á kant, greinilega hlaðin af mannavöldum.
**Heimildaskrá**
ÖS 1975: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.
Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-34**



*Mynd 57. Hleðsla suður undan Náttmálaþúfu.*

**Fvrnr.:** 10324
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 441537,93 N: 580324,11
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Þúfa með grjóti í er efst á melhól, rúma 750m norður af bænum og stendur rör upp úr henni efst.
**Lýsing**
Um 2m til suðvesturs frá þúfunni er önnur grjóthleðsla um 50x50sm steinlögn þakin smáu grjóti að innan.

**Sölvabakki-35**
**Fvrnr.:** 10325
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441581,57 N: 580241,91
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta




**Staðhættir**
Í Sandlágum, gróinni laut á milli melhóla rúmlega 650m norður af bæjarhúsum á Sölvabakka eru tóftir, jarðsokknar og virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Tóftirnar eru fjórar, þær eru ekki auðgreinanlegar og erfitt er að koma auga á þær úr fjarlægð. Vestast er tvískipt tóft, jarðsokkin, sem snýr austur/vestur, lágur hóll með tveimur dældum í. Vestara hólfið er 1x50sm að ummáli en það austara er 1x2m að ummáli, báðar dældirnar eru um 10sm djúpar. Tóftin er 7x8m að utanmáli.

**Sölvabakki-36**
**Fvrnr.:** 10326
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441591,16 N: 580243,95
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í Sandlágum, gróinni laut á milli melhóla rúmlega 650m norður af bæjarhúsum á Sölvabakka eru tóftir, jarðsokknar og virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Austan við tóft (nr. 35) er önnur tóft, jarðsokkin, 12x3m að utanmáli og virðist tví- eða þrískipt og liggur hún þvert á hina eða norður/suður. Tvær dældir eru í tóftina um 10sm djúpar. Nyrsta dældin er 3x1m að innanmáli en sunnan við hana er önnur u.þ.b 80x80sm að ummáli. Syðst er ógreinileg dæld um 5sm djúp 50x50sm að ummáli. Breidd veggja er um 90sm en milliveggur er um 40sm. Tóftin stendur syðst á smá hrygg eða bungu.

**Sölvabakki-37**
**Fvrnr.:** 10327
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 441598,59 N: 580263,13
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í Sandlágum, gróinni laut á milli melhóla rúmlega 650m norður af bæjarhúsum á Sölvabakka eru tóftir, jarðsokknar og virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Norðaustan við tóft nr. 36 virðist vera garðlag um 15sm hátt og 70sm breitt, það er mosagróið, alls um 2m á lengd.

**Sölvabakki-38**
**Fvrnr.:** 10328
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 441598,34 N: 580232,63
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í Sandlágum, gróinni laut á milli melhóla rúmlega 650m norður af bæjarhúsum á Sölvabakka eru tóftir, jarðsokknar og virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Suðaustan við tóftir nr. 35 og 36 er minni tóft, jarðsokkin, sem snýr norður/suður. Dældin ofan í hana er nokkuð dýpri eða um 15sm og ummál hennar er um 1x0,8m. Tóftin er 4x5m að utanmáli. Hún er algróin.

**Sölvabakki-39**
**Fvrnr.:** 10329
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 441621,30 N: 580213,26
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í Sandlágum, grónum bolla, á milli melhóla rúmlega 650m norður af bæjarhúsum á Sölvabakka eru tóftir, jarðsokknar og virðast mjög gamlar.
**Lýsing**
Í brekku suðaustan við tóftirnar er fjórða tóftin og snýr hún nálega austur/vestur. Hún er 4x6m að utanmáli og dæld ofan í hana 2x1m að ummáli. Brekkan virðist mynda austurvegg tóftar. Vesturveggur sem snýr niður brekkuna er um 60sm hár að utan.

**Sölvabakki-40**



***Mynd 58. Hleðsla við fuglaþúfu.***

**Fvrnr.:** 10330
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 441643,98
N: 580185,55
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Á mel suðaustan við Sandlágar er fuglaþúfa og við hann er grjóthleðsla sem virðist vera manngerð.

**Sölvabakki-41**
**Fvrnr.:** 10331
**Sérheiti:** Sleipagata
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðsetning:**
A: 441296,71
N: 580412,54
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta


***Mynd 59. Sleipagata sunnan við Stekkjarvík. Horft er til norðurs.***

**Staðhættir**
Gata liggur frá vesturenda Stekkjarvíkur til suðurs langleiðina heim að bæ. Á örnefnakorti Jónu Fanndísar Jónsdóttur er gatan nefnd Sleipagata þar sem hún kemur ofan í Stekkjarvíkina að sunnan.
**Lýsing**
Gatan er vel greinileg á um 550m löngum kafla frá suðurenda Stekkjarvíkur að Skipakinnarhorni.

**Sölvabakki-42**
**Fvrnr.:** 10332
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 441338,41 N: 580138,66
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Gata liggur frá suðurenda Stekkjarvíkur til suðurs langleiðina heim að bæ. Varða liggur um 3,5m austur af götunni. Hún er lágreist, eiginlega nokkrir steinar í hrúgu og mosagróinn toppur ofan á þeim.

**Sölvabakki-43**
**Fvrnr.:** 10333
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 441317,11 N: 580255,74
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Rúmlega 700m nnv af bænum er gróin hleðsla, hugsanlega varða. Hún stendur við götu sem liggur norður í Stekkjarvík.
**Heimildaskrá**
ÖS 1975: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-44**




**Fvrnr.:** 10334
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441293,17 N: 580475,33
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna landbrots

**Staðhættir**
Á grónu klettanefi sunnan við Stekkjarvík er tóft.
**Lýsing**
Hún er 3,5x3m að utanmáli og liggur nálega norður/suður. Dyr snúa mót suðri og er dyraop um 1m á breidd. Veggir eru um 10sm háir og 1m breiðir en þó vel greinanlegir. Tóftin gæti verið tvískipt en bogadregin veggur eða einhverskonar undirstaða gengur út frá tóftinni til vesturs um 1,5m og um 2m á lengd. Tóftin er algróin og sker sig lítið úr umhverfi.

**Sölvabakki-45**



***Mynd 60. Veggjaleifar sem standa undan girðingu í Stekkjarhvammi. Horft er til suðausturs.***

**Fvrnr.:** 10335
**Sérheiti:** Stekkjarvík
**Hlutverk:** Stekkur?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441441,15
N: 580617,18
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta-vegna jarðræktar

**Staðhættir**
Talsvert norður af bæ, norðar en Saltklettar og Svartkolluhellir, við strandlengjuna er Stekkjarvík (ÖS 1976: bls. 2). Við mynni Syðra-Stekkjarvíkurgils að norðan eru leifar tóftar, hugsanlega stekkjar?
**Lýsing**
Tveir veggendar standa undan girðingu sem liggur utan um gamla kartöflugarða sem eru í víkinni. Breidd veggjanna er um 100sm og lengd að girðingu um 2m. Veggirnir eru grónir. Hugsanlega eru þetta leifar stekkjarins sem nefndur er í örnefnaskrá.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir „Þá tekur við Stekkjarvík [af Svartkolluhelli]. Nú, 1975, er hún að mestu komin undir kartöflugarða og til fjölda ára hefur verið tekin þar möl til steypu. (ÖS 1976: bls. 2). Í svörum varðandi örnefni segir: „Stekkjarrústir voru í Stekkjarvík en voru jafnaðar út

árið 1950 eða 1951 þegar gerður var þar kartöflugarður og voru þær sunnan til í víkinni." (ÖS 1992: bls. 2).

**Heimildaskrá**

ÖS 1992: ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.

ÖS 1976: ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-46**

**Sérheiti:** Ósvíkurbúð
**Hlutverk:** Sjóbúð
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**

Laxárós er í Ósvík sem er nyrst í landi Sölvabakka.

**Lýsing**

Töluverðar minjar eru í Ósvík en ekkert er vitað hver þeirra er Ósvíkurbúð sem nefnd er hér að neðan. Hugsanlegt er þó að átt sé við tóft þá sem skráð er nr. 47 en hún er eina tóftin sem stendur fram á sjávarbakka.

**Aðrar upplýsingar**

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir: „Í Ósvík er útræði, og á Ósvíkurbakkanum er sjóbúð, er eitt ár hefur byggð verið skemmstu (Ósvíkurbúð)."  (SSH: bls. 148).

**Heimildaskrá**

SSH: Sýslu- og sóknarlýsingar I, Húnavatnssýsla.  1950. Bókaútgáfan Norðri.

ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-47**

**Fvrnr.:** 10336
**Sérheiti:** Ósvík
**Hlutverk:** Sjóbúðir, naust?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441962,57 N: 581285,94
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Mikil hætta- vegna landbrots




**Staðhættir**
Nyrst í Ósvík fremst á sjávarbakkanum ofan fjörunnar, suður af árósum Laxár er tóft. Hún um miðja vegu milli Dalalækjar og Laxár.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og snýr nálega norður/suður. Innanmál nyrðra hólfs er 2x2m og mesta breidd veggja er um 100sm og mesta hæð um 90sm. Dyr snúa mót sjónum (til vesturs) og er vesturveggur að hluta rofinn vegna ágangs sjávar. Veggur til austurs, upp í brekkuna, er einnig rofinn og virðist sem hugsanlega hafi verið dyr í þá áttina og er opið um 40sm breitt. Tóftin liggur neðst í brekku og er nokkuð djúp, hún er algróin grasi og vel greinileg. Sunnan við er minna hólf1,5x1,5m að innanmáli, opið mót vestri. Veggir eru 80sm breiðir og um 30-50sm háir, milliveggur hæstur. Brekkan myndar austurvegg.

**Sölvabakki-48**

**Fvrnr.:** 10337
**Sérheiti:** Ósvík
**Hlutverk:** Óþekkt/sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441847,26
N: 581112,01
**Ástand:** Vel greinanlegar forn-leifar
**Hættuástand:** Hætta-vegna landbrots

**Staðhættir**

Fimm tóftir liggja á graslendinu ofan (austan) fjörunnar í Ósvík. Vegslóði liggur á milli þeirra og eru tvær nyrstu tóftirnar vestan við slóðann en þrjár tóftir austan hans.



***Mynd 61. Tóft fremst á mynd, horft er til suðurs.***

**Lýsing**

Syðst þeirra er tóft sem virðist tvískipt en innanmál norðurenda hennar er þó óljóst, tóftin snýr nna/ssv. Syðra hólfið er 3x1,5m að innanmáli. Dyr hafa að líkindum verið til vesturs en þar er 60sm rof á veggnum og að líkindum hefur einnig verið innangengt yfir í nyrðra hólfið. Hæð veggja er um 40sm og breidd mest um 150sm. Tóftin er algróin, grasi og mosa og virðist nokkuð gömul.

**Sölvabakki-49**



*Mynd 62. Tóft, horft til austurs. veglóði liggur yfir tóftarendann fremst á mynd.*

**Fvrnr.:** 10338
**Sérheiti:** Ósvík
**Hlutverk:** Óþekkt/sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441851,49
N: 581122,70
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættuástand:** Hætta- vegna landbrots og umferðar

**Staðhættir**

Fimm tóftir liggja á graslendinu ofan (austan) fjörunnar í Ósvík. Vegslóði liggur á milli þeirra og eru tvær nyrstu tóftirnar vestan við slóðann en þrjár tóftir austan hans.

**Lýsing**

Þremur metrum norðan við tóft nr. 48 er önnur tóft, tvískipt og liggur hún þvert á hina nálega austur/vestur. Tóftin er algróin grasi og mosa og hvergi sér í grjót. Vegslóði liggur í gegnum tóftina við vesturendann. Innanmál vestara hólfs er 2x2m en þess austara 2,5x2m. Hæð veggja er um 40sm og breidd þeirra um 120sm.

**Sölvabakki-50**
**Fvrnr.:** 10339
**Sérheiti:** Ósvík
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 441851,87
N: 581132,41
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættuástand:** Mikil hætta- vegna landbrots



***Mynd 63. Tvær tóftir í fjöruboðinu, næst er kofatóft (nr. 50) en fjær er tóft ( nr.51). Horft er til norðausturs.***

**Staðhættir**
Fimm tóftir liggja á graslendinu ofan (austan) fjörunnar í Ósvík. Vegslóði liggur á milli þeirra og eru tvær nyrstu tóftirnar vestan við slóðann en þrjár tóftir austan hans.
**Lýsing**
Fjórum metrum norðan við tóft nr. 49 er lítil kofatóft sem snýr nálega norður/suður og liggur hún vestan vegslóðans. Tóftin er um 1x1,5m að innanmáli, breidd veggja er um 70sm og er hún opin mót hafi. Hæð veggja er um 10-15sm. Fjörugrjót liggur alveg upp að tóftinni að vestan.

**Sölvabakki-51**
**Fvrnr.:** 10340
**Sérheiti:** Ósvík
**Hlutverk:** Óþekkt/sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441856,75 N: 581137,29
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættuástand:** Mikil hætta- vegna landbrots

**Staðhættir**
Fimm tóftir liggja á graslendinu ofan (austan) fjörunnar í Ósvík. Vegslóði liggur á milli þeirra og eru tvær nyrstu tóftirnar vestan við slóðann en þrjár tóftir austan hans.
**Lýsing**
Tveimur metrum norðan við kofann (nr. 50), vestan vegslóðans, er tóft sem snýr norðaustur/suðvestur, hugsanlega undirstöður húss. Dyr hafa snúið mót vestri. Innanmál er 2x3,5m, dyraop 1m, hæð 20sm og breidd 100sm. Grjóti hefur skolað upp í tóftirnar og liggur hún alveg við jaðar fjörunnar.

**Sölvabakki-52**



*Mynd 64. Tóft, horft er út Ósvík til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10341
**Sérheiti:** Ósvík
**Hlutverk:** Óþekkt/sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 441869,41
N: 581134,30
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættuástand:** Hætta – vegna landbrots

**Staðhættir**
Fimm tóftir liggja á graslendinu ofan (austan) fjörunnar í Ósvík. Vegslóði liggur á milli þeirra og eru tvær nyrstu tóftirnar vestan við slóðann en þrjár tóftir austan hans.
**Lýsing**
Um 6m austan við tóft nr. 51 er fimmta tóftin. Hún er ógreinilegust tóftanna og ekki sjást neinar dyr á henni. Útveggur mót austri er útfallinn og kominn í þúfur og því erfitt að greina útlínur hans nákvæmlega. Innanmál tóftar er 2x1,5m, hæð veggja er 40-45sm. Breidd vestur veggjar er um 80sm og hún liggur norðaustur/suðvestur.

**Sölvabakki-53**
**Fvrnr.:** 10342
**Sérheiti:** Ósvík
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441992,41 N: 581131,30
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættuástand:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Dalalækur rennur til sjávar í Ósvík, sunnan við Laxá og eru þrjár tóftir sunnan hans. Tóftirnar þar minna heldur á minjar tengdar hefðbundnum búskap en minjar tengdar sjósókn eins og þær sem að framan eru taldar (sjá tóftir 47-52).
**Lýsing**
Um 7m suður af læknum, er tvískipt tóft og stendur á lágum hól og eru veggir nokkuð sokknir. Tóftin virðist nokkuð gömul, er algróin og sér hvergi í grjót. Hún snýr norður/suður. Greinilegar dyr eru til suðurs og jafnvel eru aðrar til norðurs. Innanmál nyrðra hólfs er 1,5x2m en 1x1m til suðurs. Hæð veggja er um 40sm og breidd veggja er um 1-2m.

**Sölvabakki-54**
**Fvrnr.:** 10343
**Sérheiti:** Ósvík
**Hlutverk:** Stekkur/beitarhús?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441928,68 N: 581155,04
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættuástand:** Hætta-nálægð við vatnsfall

**Staðhættir**
Dalalækur rennur til sjávar í Ósvík, sunnan við Laxá og eru þrjár tóftir sunnan hans.
**Lýsing**
Á lækjarbakkanum sunnanverðum eru tvær tóftir, sú nyrðri tvískipt, gæti verið stekkur eða beitarhús. Tóftin snýr nálega norðvestur/suðaustur og er innanmál vestara hólfs (króar/heytóftar) 1,2x1,5m og hæð veggja um 30sm. Breidd milliveggjar er um 80sm. Innanmál austara hólfs (rétt/fjárhús) er 8x2m, hæð veggja 45sm og breidd veggja um 90sm. Fjárgata liggur yfir austurhorn tóftar. Hlið eða dyr snúa mót suðri og eru um 1m á breidd. Sunnan við tóftina er garðlag, rúmlega 12m langt, hugsanlega til að auðvelda innrekstur í tóftina. Mesta hæð hans er 40sm en breidd um 40-60sm.

**Sölvabakki-55**
**Fvrnr.:** 10344
**Sérheiti:** Ósvík
**Hlutverk:** Rétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441925,33 N: 581147,26
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættuástand:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Dalalækur rennur til sjávar í Ósvík, sunnan við Laxá og eru þrjár tóftir sunnan hans.
**Lýsing**
Á lækjarbakkanum sunnanverðum eru tvær tóftir, sú syðri er ferhyrnd, 2x3,5m að innanmáli, hugsanlega lítil rétt. Ekkert hlið er greinanlegt en fjárgötur liggja þvert í gegnum tóftina á nokkrum stöðum og eru veggir þar rofnir. Hæð veggja er tæplega 30sm en breidd um 70sm. Tóftin er algróin og snýr nálega norður/suður.

**Sölvabakki-56**
**Sérheiti:** Dýjadalskot
**Hlutverk:** Býli-
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Norðarlega fyrir miðju á jörð Sölvabakka, milli Nautadals og Melgils er Dýjadalur.

**Lýsing**
Ekki fundust neinar minjar í Dýjadal en austar er Stekkjarhvammur (í landi Neðri-Lækjadals) og er þar fornbýli með túngarði og töluverðum minjum (sjá tóftir 98-113).
**Aðrar upplýsingar**
Í svörum varðandi örnefni segir: „Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðarsóknar eftir séra Eggert Briem frá 1873 er getið um Dýjadalskot sem hafi verið eyðibýli í Dýjadal. Í Dölunum austan við mynni Dýjadals eru tóftarbrot og eru það trúlega leifar þessa býlis.“ (ÖS 1992: bls. 2).
**Heimildaskrá**
ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-57**



*Mynd 65. Hádegisvarða, horft er í átt að bæjarhúsin á Sölvabakka til norðvesturs.*

**Fvrnr.:** 10345
**Sérheiti:** Hádegisvarða
**Hlutverk:** Eyktamark
**Tegund:** Varða
**Staðsetning:**
A: 441680,23
N: 579137,22
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Suður af Austastabolla er Abrashóll [Afbragðshóll] […]. Skammt fyrir vestan Langavatnsenda er Efraleiti; þar nokkru vestar er Neðraleiti; á því er Hádegisvarða. Hún er eyktamark frá Sölvabakka. Hún er kippkorn fyrir sunnan og neðan Abrashól.“ (ÖS 1976: bls. 3-4).
**Lýsing**
Hádegisvarða stendur fremst á melhól um 450m ssa af bænum. Varðan er grasi gróin en sér í grjót í kanti hennar. Hún er um 30-40sm há.
**Heimildaskrá**
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-58**
**Fvrnr.:** 10346
**Sérheiti:** Skógargötur
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðsetning:** A: 442822,44 N: 579634,68
**Ástand:** Göturnar eru að hluta horfnar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Þá ræður [Dalalækur] merkjum austur að Votulágarhorni, þaðan til suðurs eftir hinum fornu Skógargötum (reiðgötum) í miðjan Langavatnsenda“. (ÖS 1976: bls. 1).
**Lýsing**
Ekki fundust Skógargötur við skráningu 2008 og virðist sem þær hafi hugsanlega farið undir girðingu sem liggur á landamerkjum eða vegslóð sem liggur meðfram henni að austan. Hluti af götunum sést þó á loftmynd og punktur tekinn af henni.
**Aðrar upplýsingar**
Í svörum varðandi örnefni segir: „Skógargöturnar voru almennar reiðgötur um Refasveitina og lá best við að fara þær þegar farið var yfir Laxá á Lestavaði [… í Neðri - Lækjardal…]. Þessi leið nefnist Skógargötur frá Votulág og allt suður að Langavatni og hafa þær trúlega dregið nafn sitt af hrísmóum sem þær liggja um á þessari leið. Þær eru ofan við Fögrubrekku rétt neðan Löngubrekku. Þessar götur eru nú orðnar ógreinilegar þar sem þær eru hættar að þjóna sínu forna hlutverki.“ (ÖS 1992: bls. 1).
**Heimildaskrá**
ÖS 1992: ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1976: ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-59**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Ástand:** Fannst ekki/horfin

**Staðhættir**
Varða var á landamerkjum Svangrundar og Sölvabakka, um hana segir í örnefnaskrá Svangrundar: „Landamerki: Norðvesturhorn er norðurhorn á Miðmundagili. þaðan er bein stefna austur í litla vörðu, sem er skammt sunnan norðari Langavatnsenda. Þaðan er lína út í mitt vatn.“ (ÖSG, 1). Og í örnefnaskrá Sölvabakka segir: „Þá eftir vatninu skammt til suðurs í litla grjótvörðu skammt sunnan við vatnsenda [Langavatnsenda] […]“. (ÖS 1976: bls. 1).
**Lýsing**
Ekki fannst varða þessi við vettvangsskráningu sumarið 2008.
**Heimildaskrá**
ÖSG: Örnefnaskrá Svangrundar. Endurgerð á skrá Jóns Ól. Benónýssonar. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

## Svangrund

**Sölvabakki-60**
**Fvrnr.:** 10347
**Sérheiti:** Svangrund
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:**
A: 441621,19
N: 578840,84
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 66. Leifar bæjarhólsins á Svangrund, nú í túni. Horft er til norðausturs.*

**Staðhættir**
Gamli bærinn stóð austan við Ámutjörn. Búið er að rífa bæinn og hann kominn undir tún. Smá ávala má finna í túninu þar sem bærinn stóð. Á túnakorti er bærinn austast í túni og heimreiðin vestan hans. Útihús, hugsanlega fjós hefur verið við bæinn að norðan.
**Heimildaskrá**
Túnakort Svangrundar. Hannes Jónsson 1918.

**Sölvabakki-61**



**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin

**Staðhættir**
Á túnakorti er bærinn austast í túni og heimreiðin vestan hans. Bærinn stendur nú í sléttu túni og ekkert sér eftir af heimreiðinni.
**Heimildaskrá**
Túnakort Svangrundar. Hannes Jónsson 1918.

**Sölvabakki-62**
**Fvrnr.:** 10348
**Sérheiti:** Brunnbolli
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 441667,97 N: 578866,18
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austan við bæinn er Brunnbolli. Í honum var vatnsból fyrir Svangrund. heldur var þar vont vatn.“ (ÖSG, 3).
**Lýsing**
Punktur var tekinn í Brunnbolla af loftmynd.
**Heimildaskrá**
ÖSG: Örnefnaskrá Svangrundar. Endurgerð á skrá Jóns Ól. Benónýssonar. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-63**



***Mynd 67. Tóftir útihúsa. Ullartjörn í baksýn, horft er til suðausturs.***

**Fvrnr.:** 10349
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 441682,62
N: 578792,35
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Hætta vegna rofs

**Staðhættir**
Norðvestur af Ullartjörn og tæplega 60m suðaustur af gamla bæjarstæðinu á Svangrund eru tóftir, að líkindum útihúsa. Ekki virðist sem húsið sé á túnakorti frá 1918 sem bent gæti til þess að annaðhvort hafi það verið fallið úr notkun fyrir þann tíma eða reist síðar.

**Lýsing**
Tóftin sker sig nokkuð úr umhverfi en nákvæm skipan veggja er óljós. Þó virðast hún vera af tvöföldum húsum og lítill kofi til norðurs. Mesta breidd veggja er um 140sm en þeir eru útfallnir. Hæð veggja mest um 20sm og víða komnar þúfur í veggi. Utanmál tóftar er um 12x13m og er hún algróin.
**Heimildaskrá**
Túnakort Svangrundar. Hannes Jónsson 1918.
ÖSG: Örnefnaskrá Svangrundar. Endurgerð á skrá Jóns Ól. Benónýssonar. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-64**
**Fvrnr.:** 10350
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðsetning:**
A: 441681,50
N: 578780,92
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna rofs

**Staðhættir og lýsing**
Þremur metrum sunnan tóftarinnar er hola, um 50sm djúp en engar sjáanlegar hleðslur eru í veggjum.



***Mynd 68. Hola, súrheysgryfja? suður af fjárhústóft. Horft er til suðurs.***

**Sölvabakki-65**
**Hlutverk:** Útihús/matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið/horfinn

**Staðhættir**
Á túnakorti er útihús eða matjurtagarður rétt utan túns að norðvestan um 180m frá bænum. Engar skýringar eru á kortinu og því er óvíst hvort þarna sé um að ræða matjurtagarð eða útihús. Þarna er nú sléttað tún og ekkert fannst við skráningu 2008 en þess ber að geta að túnið var óslegið og því mikið gras á því.
**Heimildaskrá**
Túnakort Svangrundar. Hannes Jónsson 1918.

**Sölvabakki-66**
**Hlutverk:** Útihús/matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið

**Staðhættir**
Á túnakorti er útihús eða matjurtagarður rétt utan túns að norðvestan um 180m frá bænum. Engar skýringar eru á kortinu og því er óvíst hvort þarna sé um að ræða matjurtagarð eða útihús. Þarna er nú sléttað tún og ekkert fannst við skráningu 2008 en þess ber að geta að túnið var óslegið og því mikið gras á því.
**Heimildaskrá**
Túnakort Svangrundar. Hannes Jónsson 1918.

**Sölvabakki-67**



*Mynd 69. Garðlagið ofarlega á mynd og er rofið í garðinn vel greinilegt. Horft er til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10351
**Hlutverk:** Túngarður?
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:**
A: 441550,74
N: 578803,66
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna rofs

**Staðhættir**
Við austurenda Ámutjarnar er garðlag sem liggur niður brekkuna að tjörninni og annað á móti, hinu megin tjarnarinnar. Hugsanlegt er að þarna sé túngarður en á milli garðbrotanna eru tóftir og gæti þar hafa verið býli.
**Lýsing**
Garðurinn, liggur nálega austur/vestur, hann er algróinn, mosa og grasi. Garðurinn er hlaupinn í þúfur en rofinn efst og á norðurhlið. Garðurinn er mest um 180sm breiður og um 70sm þar sem hann er hæstur. Vestari garðurinn nær frá túngirðingu í norðri að vatninu í suðaustri. Hann er mest um 2m á breidd og um 50sm á hæð. Algróinn en að hluta kominn í þúfur, einkum að norðan.

**Sölvabakki-68**



*Mynd 70. Fremst á mynd eru tvær tóftir sem liggja í brekkunni austan Ámutjarnar. Horft er til nna.*

**Hlutverk:** Óþekkt
**Fvrnr.:** 10352
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 441560,34
N: 578839,10
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**

Í brekkunni austur af Ámutjörn um 30m norður af austara garðlaginu sem skráð er nr. 67 eru tóftir. Næst garðinum eru samhliða tvær ferhyrndar tóftir um 3m vestur af girðingunni sem er umhverfis vatnið. Syðri tóftin er grasi gróin og fellur austurveggur hennar saman við brekkuna. Hún er 2x3m að innanmáli og er veggur mót vestri nokkuð fallinn. Þúfur eru inní tóftinni og gætu hafa verið einhverjir innveggir sem ekki eru greinanlegir í dag. Breidd veggja 80-120sm, hæð þeirra er 30-50sm nema til austurs undir brekkunni. Veggir að hluta hlaupnir í þúfur og ekki er að sjá neinar dyr á tóftinni.

**Sölvabakki-69**
**Fvrnr.:** 10353
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441563,44 N: 578847,11
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**

Beint norður af tóft nr. 68 er önnur tóft og eru veggir að hluta hlaupnir í þúfur. Breidd veggja er 70sm og innanmál er 3x4,5m. Hæð mest um 120sm en annars um 45-50sm, algróið. Götur liggja neðan við og í tóftunum.

**Sölvabakki-70**
**Fvrnr.:** 10354
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441561,27 N: 578879,93
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Hætta vegna rofs og nálægðar við tún



*Mynd 71. Tvær tóftir norðaustan við Ámutjörn. Horft er til austurs.*

**Staðhættir**
Ofar í brekkunni og norðar er tvískipt tóft eða tvær samliggjandi tóftir sem liggja austur/vestur eftir brekkunni.

**Lýsing**
Hugsanlega er innangengt á milli þeirra en það er erfitt að segja nákvæmlega til um það þar sem veggir eru hlaupnir í þúfur. Tóftirnar eða hólfin eru algróin og liggur girðing efst á þeim. Innanmál syðri tóftar er 3,6x15m en sú nyrðri er 8x2,5m. Breidd veggja er mest um 2m og hæð um 50sm. Það er mögulega minni tóft að sunnan, þar sem að virðist vera veggjalag og rofdæld í það en það er afar óljós og gæti verið hrun úr vegg. Tóftin er að mestu gróin en sér í mold í rofum. Hvalbein fannst í tóftinni.

**Sölvabakki-71**



*Mynd 72. Tóftir við Ámutjörn. Yngri tóftin er til hægri á mynd en sú eldri er fjær, nær tjörninni. Horft er til vnv.*

**Fvrnr.:** 10355
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 441547,96
N: 578860,92
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta- vegna rofs

**Staðhættir**
Rúmlega 10m neðar eða suðaustan við tóft nr. 70 er önnur tóft.

**Lýsing**
Tóftin virðist þrískipt en austurendi hennar fer undir tóft sem byggð er ofan á. Tóftin virðist í

heild vera um 26x7m að innanmáli en sá hluti sem er vestan yngri tóftarinnar er 15x7m að innanmáli. Tóftin liggur í smá boga frá norðvestri til austurs. Hún er algróin og eru veggir um 80sm breiðir og hæð frá 30-100sm háir, hæst þar sem tóftin liggur með brekkunni.

**Sölvabakki-72**
**Fvrnr.:** 10356
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441555,48 N: 578859,20
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna rofs og vegna nálægðar við tún

**Staðhættir og lýsing**
Ofan á austurenda tóftar nr. 71 er yngri tóft og myndar brekka norðurvegg hennar. Innanmál er 3,5x2m og hæð veggja 50-90sm, hæstir við brekkuna til norðurs. Tóftin er algróin en sér í mold í rofi í veggjum. Dyr eru líklega til vesturs.

**Sölvabakki-73**
**Fvrnr.:** 10357
**Hlutverk:** Bústaður?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441461,60 N: 578933,63
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta-nálægð við tún



***Mynd 73. Tóft við Ámutjörn, hugsanlega bæjartóft. Horft er til vesturs og er íbúðarhúsið á Svangrund í baksýn.***

**Staðhættir**
Norðan við Ámutjörn um 50m austur af íbúðarhúsi á Svangrund eru tóftir, hugsanlega bæjartóftir sem liggja nálega norður/suður og önnur tóft sem liggur þvert á hana að vestan.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng 8x20m að utanmáli. Hún er 5-skipt en norðurendi hennar er kominn undir girðingu og er sléttað tún þar norðan við. Tóftin eru algróin grasi og vallhumall er í henni. Sá hluti tóftar sem enn er heill er um 8x16m langur og er nyrsta húsið um 4x2m að innanmáli. Hæð veggja er mest um 60sm annars í kringum 30sm. Þar sunnan við er hús sem er hugsanlega innangengt í, það er 1,2x2,5m að innanmáli og hæð veggja er um 50sm. Þar

sunnar er hús sem 3x1,2m að innanmáli. Hæð veggja mest um 50sm enn víða lægri eða um 30sm. Ekki sjást dyr til suðurs er þar er næsta hús 3x3m að innanmáli og hæð veggja um 50sm. Innangengt er þar til suðurs í syðsta húsið sem er um 3x1,5m að innanmáli, hæð veggja er um 20-40sm. Breidd veggja er um 70sm. Þýft er í tóftinni og veggir aðeins orðnir þýfðir, suðurveggur er lægri og verr farinn en sá nyrðri.

**Sölvabakki-74**
**Fvrnr.:** 10358
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 441454,14
N: 578927,50
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Norðan við Ámutjörn um 50m austur af íbúðarhúsi eru tóftir, hugsanlega bæjartóftir (nr. 73) sem liggja nálega norður/suður og önnur tóft sem liggur þvert á hana að vestan.
**Lýsing**
Tóftin er aflöng og liggur austur/vestur, hugsanlega tvískipt. Hún er 11x3m að innanmáli. Veggir eru útflattir um 2m á breidd. Tóftin er opin til vesturs en skammveggur til austurs, samlagast tóft nr. 73. Lágt veggjalag virðist vera fyrir miðri tóft, 60sm breitt og nær það þvert yfir tóftina. Hæð veggja til norðurs er um 65sm en 30sm til austurs.

**Sölvabakki-75**
**Fvrnr.:** 10359
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 441430,25 N: 578900,75
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Vestan við meinta bæjartóft, norðvestan við Ámutjörn er garðlag nr. 67 að líkindum hluti túngarðsins og er tóft við hann að vestan.
**Lýsing**
Þar sem garðurinn beygir til suðausturs er hringlaga tóft upp við hann og er garðurinn norðausturveggur hennar. Hún er um 4x5m að utanmáli. Breidd veggja er um 150sm og hæð 30-50sm. Tóftin er algróin og hlaupin í þúfur.

**Sölvabakki-76**




**Hlutverk:** Óþekkt
**Fvrnr.:** 10360
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 442036,17 N: 578573,57
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta- vegna rofs

**Staðhættir**
Í grónum bolla, Djúpakatli, syðst og austast í landi Sölvabakka tvískipt tóft eða tvær tóftir samliggjandi. Þær eru hér skráðar saman.
**Lýsing**
Efri tóftin er 2x2m að innanmáli, jarðsokkin og virðist gömul. Hún snýr norðaustur/suðvestur. Dýpt tóftarinnar er mest um 10-15sm. Hún liggur neðarlega í brekku og þvert á hana, neðan við er önnur tóft sem liggur norðvestur/suðaustur. Veggir eru um 90sm á breidd, 4x1m að innanmáli, algrónir. Á fjórum stöðum sunnan við tóftirnar eru niðurgreftir, hugsanlega efnistaka og jafnvel hefur verið tekið þar torf í tóftirnar.

**Sölvabakki-77**



***Mynd 74. Hleðsla við fuglaþúfu fyrir miðri mynd en fremst á myndinni er ferhyrnd grjóthleðsla, horft er til norðausturs.***

**Fvrnr.:** 10361
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:** A: 441872,67 N: 578720,55
**Ástand:** Greinan-legar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suðaustur af Ullartjörn, upp af Krókalágum, rúm-lega 900m suðaustur af Sölvabakka eru lítt grónir melar og á þeim eru grjót-hleðslur, reglulegar að lögun og virðast manngerðar.
**Lýsing**
Nyrst eru tvær hleðslur, sú nyrðri er aflöng hálfhleðsla í kringum aflanga fuglaþúfu 2x1,5m að utanmáli. Hlutverk og aldur er óviss.

**Sölvabakki-78**
**Fvrnr.:** 10362
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:** A: 441870,73 N: 578718,68
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suðaustur af Ullartjörn, upp af Krókalágum, rúmlega 900m suðaustur af Sölvabakka eru lítt grónir melar og á þeim eru grjóthleðslur, reglulegar að lögun og virðast manngerðar.
**Lýsing**
Nyrst eru tvær hleðslur, sú syðri sem er einföld steinhleðsla, liggur um 50m suðvestur af þeirri fyrri (nr. 77) og er 80x40sm að utanmáli. Hlutverk og aldur er óviss.

**Sölvabakki-79**
**Fvrnr.:** 10363
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:**
A: 441833,16
N: 578652,95
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suðaustur af Ullartjörn, upp af Krókalágum, rúmlega 900m suðaustur af Sölvabakka eru lítt grónir melar og á þeim eru grjóthleðslur, reglulegar að lögun og virðast manngerðar.



***Mynd 75. Grjóthleðsla, horft er til norðausturs. Krókalágar til hægri.***

**Lýsing**
Grjóthrúga er á syðri hlið melsins, 1x2m á kant, þakin grjóti af mismunandi stærð og eru tvö til þrjú lög af smásteinum ofan. Hleðslan virðist ekki mjög gömul en bæði hlutverk og aldur er óviss.

**Sölvabakki-80**



*Mynd 76. Grjóthleðsla, séð að ofan.*

**Fvrnr.:** 10364
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:**
A: 441813,30
N: 578680,38
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suðaustur af Ullartjörn, upp af Krókalágum, rúmlega 900m suðaustur af Sölvabakka eru lítt grónir melar og á þeim eru grjóthleðslur, reglulegar að lögun og virðast manngerðar.

**Lýsing**
Norðan megin á melnum, næst Ullartjörn eru fjórar grjóthleðslur sem að mynda nánast ferhyrning, gróður er í kringum þær mosi og lyng. Hleðslan í norðvesturhorni ferhyrningsins er 50x60sm að utanmáli og er hleðslan myndum af 6 nokkuð stórum steinum. Aldur og hlutverk er óvíst.

**Sölvabakki-81**
**Fvrnr.:** 10365
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:**
A: 441810,84
N: 578675,73
**Ástand:** Greinanlegar forn-leifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suðaustur af Ullartjörn, upp af Krókalágum, rúmlega 900m suðaustur af Sölvabakka eru lítt grónir melar og á þeim eru grjóthleðslur, reglulegar að lögun og virðast manngerðar.



*Mynd 77. Ferhyrnd hleðsla, séð að ofan.*

**Lýsing**
Norðan megin á melnum, næst Ullartjörn eru fjórar grjóthleðslur sem að mynda nánast ferhyrning, gróður er í kringum þær mosi og lyng. Hleðslan í suðvesturhorni ferhyrningsins er 60x40sm að utanmáli og er hleðslan mynduð af 7 steinum sem liggja í ferning. Aldur og hlutverk er óvíst.

**Sölvabakki-82**



**Hlutverk:** Óþekkt
**Fvrnr.:** 10366
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:**
A: 441820,77
N: 578681,65
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suðaustur af Ullartjörn, upp af Krókalágum, rúmlega 900m suðaustur af Sölvabakka eru lítt grónir melar og á þeim eru grjóthleðslur, reglulegar að lögun og virðast manngerðar.
**Lýsing**
Norðan megin á melnum, næst Ullartjörn eru fjórar grjóthleðslur sem að mynda nánast ferhyrning, gróður er í kringum þær mosi og lyng. Hleðslan í norðausturhorni er einföld steinlögn þakin að innan með steinum, hún er um 1x1m á kant. Aldur og hlutverk er óvíst.

**Sölvabakki-83**
**Fvrnr.:** 10367
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:**
A: 441817,98
N: 578673,77
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suðaustur af Ullartjörn, upp af Krókalágum, rúmlega 900m suðaustur af Sölvabakka eru lítt grónir melar og á þeim eru grjóthleðslur, reglulegar að lögun og virðast manngerðar.



***Mynd 78. Grjóthleðsla, séð að ofan.***

**Lýsing**
Norðan megin á melnum, næst Ullartjörn eru fjórar grjóthleðslur sem að mynda nánast ferhyrning, gróður er í kringum þær mosi og lyng. Hleðslan í suðausturhorni er mynduð af 5 steinum sem mynda ferning sem er 50x50sm á kant. Aldur og hlutverk er óvíst.

**Sölvabakki-84**



*Mynd 79. Grjóthleðsla í melbrekku ofan við Krókalágar.*

**Fvrnr.:** 10368
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:** A: 441903,40
N: 578692,94
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Suðaustur af Ullartjörn, upp af Krókalágum, rúmlega 900m suðaustur af Sölvabakka eru lítt grónir melar og á þeim eru grjóthleðslur, reglulegar að lögun og virðast manngerðar.
**Lýsing**
Sunnanvert á melnum, gegnt hleðslum (nr. 77 og 78) eru tvær hleðslur og syðri þeirra er aflöng hleðsla eða grjóthrúga sem liggur í smá halla ofan í Krókalágarnar. Hún er 60x120sm að utanmáli. Aldur og hlutverk er óvíst.

**Sölvabakki-85**
**Fvrnr.:** 10369
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:**
A: 441918,51
N: 578707,49
**Ástand:** Greinan-legar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 80. Grjóthleðsla í melbrekku ofan við Krókalágar, séð að ofan.*

**Staðhættir**
Suðaustur af Ullartjörn, upp af Krókalágum, rúmlega 900m suðaustur af Sölvabakka eru lítt grónir melar og á

þeim eru grjóthleðslur, reglulegar að lögun og virðast manngerðar.
**Lýsing**
Sunnanvert á melnum, gegnt hleðslum (nr. 77 og 78) eru tvær hleðslur og nyrðri þeirra er hleðsla sem er um 60x60sm á kant en óregluleg í lögun.

**Sölvabakki-86**



*Mynd 81. Hleðsla á melunum austan við Krókalágar. Horft er til suðausturs.*

**Fvrnr.:** 10370
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:**
A: 441972,49
N: 578674,99
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Tvær hleðslur eru á melunum austur af Krókalágum, rúmlega 1km suðaustur af Sölvabakka.
**Lýsing**
Nyrðri hleðslan eða grjóthrúgan er með blandaðri stærð af steinum gróið er umhverfis, mosa og lyngi. Hún er um 2x1m að ummáli. Aldur og hlutverk er óvíst en ekki virðist þetta vera mjög gamalt.

**Sölvabakki-87**



*Mynd 82. Grjóthleðsla, séð yfir Krókalágar til vesturs.*

**Fvrnr.:** 10371
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:** A: 441935,13
N: 578627,40
**Ástand:** Greinanlegar forn-leifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Tvær hleðslur eru á melunum austur af Krókalágum, rúmlega 1km suðaustur af Sölvabakka.
**Lýsing**
Syðri hleðslan eða grjóthrúgan er með misstóru grjóti,

1,5x2m að utanmáli. Gróið er umhverfis hana. Aldur og hlutverk er óvíst en ekki virðist þetta vera mjög gamalt.

**Sölvabakki-88**

**Fvrnr.:** 10372

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Grjóthleðsla

**Staðsetning:**

A: 441790,70

N: 578582,42

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 83. Grjóthleðsla eða samansafn af steinum við Syðri-Krókalágar.*

**Staðhættir**

Suð af Ullartjörn rúmlega 1km suðsuðaustur af Sölvabakka, norðan við landamerkjagirðingu, Sölvabakka og Blöndubakka er hleðsla.

**Lýsing**

Á melnum ofan við Syðri-Krókalágar er grjóthleðsla eða grjóthrúga með fremur smáu grjóti, um 1x1m á kant. Aldur og hlutverk er óviss en ekki virðist hleðslan mjög gömul.

**Sölvabakki-89**



*Mynd 84. Grjóthleðsla við fuglaþúfu. Til vinstri sést landamerkjagirðing á milli Sölvabakka og Blöndubakka.*

**Fvrnr.:** 10373

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Grjóthleðsla

**Staðsetning:**

A: 441768,52

N: 578575,31

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**

Suð af Ullartjörn rúmlega 1km suðsuðaustur af Sölvabakka er grjóthleðsla

**Lýsing**

Á melnum í Syðri-Krókalágum, um 15m

norður af landamerkjum Sölvabakka og Blöndubakka er fuglaþúfa og grjóthleðsla að hluta utan hennar. Hlutverk og aldur er óviss en hugsanlega hefur verið varða þarna sem nú er gróið yfir að hluta.

## Neðri-Lækjardalur

### Sölvabakki-90



*Mynd 85. Bærinn og fjósið voru vestan við hlöðuna. Horft er til norðausturs*

**Fvrnr.:** 10374
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:**
A: 443735,01
N: 580628,59
**Ástand:** Horfið
**Hættumat:** Hætta-minjar geta leynst undir yfirborði
**Heimildamenn:** Anna Margrét Jónsdóttir bóndi Sölvabakka, Björg Bjarnadóttir og Óskar Axelsson fyrrum ábúandi

**Staðhættir**
Bæjarstæði Neðri-Lækjardals liggur vestan Skagastrandarvegar um 2.5km norðaustur af Sölvabakka.
Í örnefnaskrá segir um bæinn: „Bærinn stendur rétt fyrir austan Grund.“ (ÖNL, 4). Á túnakorti frá 1918 er bærinn austanvert í túni, norðan bæjarlækjar. Gamli bærinn stóð norðanvert á lækjarbakka vestan við uppistandandi steinsteypta hlöðu. Samkvæmt heimildamönnum var bærinn rifinn uppúr 1980 en fjósið í kringum 2000.

**Lýsing**
Bæjarhús eru nú horfin en leifar gamla bæjarstæðisins geta þó leynst undir yfirborði. Samkvæmt heimildamanni sem bjó í Neðri-Lækjardal frá 1963-1974 snéru bæjardyr nálega mót vestri. Nyrst var fjós, sunnar hlaða svo geymsluhús og syðst voru bæjardyrnar. Austan hlöðunnar var votheysgryfja, nálega þar sem steinsteypt hlaða stendur í dag. Rafmagn var komið í bæinn en vatni var dælt með vatnsdælu. Tveir lækir eru við tún í Neðri-Lækjardal og var vatnið tekið úr syðri læknum.

**Nánari lýsing**
„Árið 1932 byggði Árni Blandon baðstofu í Neðri-Lækjardal, sem varla er í frásögu færandi nema að því leyti, að grindin og sperrurnar eru úr kjörviði, þ.e. pikkspón, sem er kvistalaus og olíuborinn viður, rifinn úr dekkinu á varðskipinu Þór, sem strandaði á blindskeri fram undan bænum Sölvabakka. Skipsskrokkinn hafði Árni keypt af Þórarni Jónssyni bónda og alþingismanni á Hjaltabakka, sem hafði verið veitt umboð til að selja skipið. Nú, árið 1974, er baðstofan vel uppistandandi. Baðstofan var byggð úr timbri og torfi upp á gamla mátann, með pappa- og torfþaki. Timburþil snéri til vesturs og sex rúðu gluggi. Fyrir ofan hann var skipsgluggi úr Þór, skrúfaður aftur, þegar honum var lokað. Ekki var hætta á, að hann gisnaði,

eins og oft vill verða með glugga á hjörum. Baðstofa þessi er með skilrúmi því næst í miðju“ (ÖNL, 5).

**Heimildaskrá**

ÖNL: Örnefnaskrá Neðri-Lækjardals (1975). Kristján Eiríksson skráði eftir Árna Blandon. Örnefnastofnun Íslands.

TK: Túnakort Neðri-Lækjardals. Hannes Jónsson 1918.

**Sölvabakki-91**




**Fvrnr.:** 10375
**Sérheiti:** Neðri-Lækjadalur
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Dældir og veggjalög
**Staðsetning:** A: 443730,32
N: 443730,42
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hætta:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamenn:** Anna Margrét Jónsdóttir bóndi Sölvabakka, Björg Bjarnadóttir og Óskar Axelsson fyrrum ábúandi

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er útihús sunnan við bæjarlækinn, beint suður af bænum, syðst og austast í túni. Fjárhúsin voru um miðja vegu milli tveggja lækja, nú í sléttu túni.

**Lýsing**

Búið er að rífa húsin en þó sér í veggjalög og dældir í túninu. Nyrst eru þrjár samsíða dældir sem liggja austur/vestur og eru um 10sm djúpar og sér í grjót á nokkrum stöðum. Dældirnar eru frá 6-9m langar og 1,5-2má breidd. Suðvestur af þeim eru tvær dældir sem liggja norður/suður og norðan þeirra eru gróðurskil. Þær eru um 5m langar og 1-2m á breidd. Í gróðurskilunum til suðvesturs virðist vera veggjalag um 70sm breitt og sér í grjóthleðslur efst í því.

**Nánari lýsing**

Samkvæmt heimildamanni voru þetta tvístæð hús, með tveimur króm og garða á milli. Til suðurs var einhölukró. Giskaði Óskar á að húsin hefðu tekið um 150 fjár. Þau voru hlaðin úr torfi og grjóti.

**Heimildaskrá**

Túnakort Neðri-Lækjardals. Hannes Jónsson 1918.

**Sölvabakki-92**
**Fvrnr.:** 10376
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Hóll
**Staðsetning:**
A: 443768,56
N: 580687,86
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamenn:** Anna Margrét Jónsdóttir bóndi Sölvabakka, Björg Bjarnadóttir og Óskar Axelsson fyrrum ábúandi



***Mynd 86. Lágur hóll í túni. Horft er til suðvesturs.***

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Hesthúsflatir eru norðan bæjarins, þar sem hesthúsið var byggt.“ (ÖNL, 4).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamönnum stóð hesthúsið þar sem nú er sléttað tún norður af gamla bæjarstæðinu. Smá hóll er í túninu þar sem hesthúsið stóð. Engin hús eru merkt þar á túnakorti frá 1918.
**Nánari lýsing**
Samkvæmt Óskari voru húsin hlaðin úr torfi og grjóti en voru illa farin þegar hann kom í Neðri-Lækjardal og voru þau rifin í hans búskapartíð. Húsin voru með tveimur króm og hafa að líkindum tekið um 10-12 hross.
**Heimildaskrá**
ÖNL: Örnefnaskrá Neðri-Lækjardals (1975). Kristján Eiríksson skráði eftir Árna Blandon. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-93**
**Fvrnr.:** 10377
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Leið
**Staðsetning:** A: 443719,093 N: 580652,59
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Óskar Axelsson fyrrum ábúandi

**Staðhættir**
Á túnakorti er heimreiðin til norðvesturs frá útihúsinu og sagði heimildamaður að hún hefði legið þannig er hann flutti í Neðri-Lækjardal 1963 en síðar breytti hann henni og lá hún þá til austurs frá bænum upp á þjóðveg.
**Lýsing**
Gamla heimreiðin sést enn og liggur á milli tveggja túna norður af bænum.

## Heimildaskrá

Túnakort Neðri-Lækjardals. Hannes Jónsson 1918.

## Sölvabakki-94



*Mynd 87. Niðurgröftur fyrir miðri mynd og hægra megin er uppþornaður lækjafarvegur. Horft er til norðvesturs.*

**Fvrnr.:** 10378
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðsetning:**
A: 443548,74
N: 580593,02
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Vestan við túnið í Neðri-Lækjardal um 3m norðan við þurran lækjafarveg og um 10m norðan við lækinn sem rennur til vesturs eftir dölunum er niðurgröftur, hugsanlega mógröf, 3x4m að ummáli og 110sm djúp.

## Sölvabakki-95

**Fvrnr.:** 10379
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:**
A: 443523,31
N: 580613,54
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta-vegna rofs

**Staðhættir**
Í litlum hvammi, Litlugrund, norðan við lækinn sem rennur til vesturs eftir dölunum er garðlag, torfhlaðið, hugsanlega matjurtagarður.



*Mynd 88. Garðlag, að líkindum matjurtagarður efst í brekkunni, undir girðingunni. Horft er til norðurs.*

**Lýsing**

Að austan er það um 1m breitt og allt að 60sm hátt. Á brekkubrún að norðan er garðurinn óljós um 10sm hár og um 150sm breiður og virðist eins og hann hafi blásið í burtu en gróið aftur. Að vestan virðist vera bakki efst en um miðja brekkur tekur við mjór og lágur garður líkt og eftir girðingu. Vestur hliðin er alls um 12m. Enginn garður er greinanlegur að sunnan en innan garðs er slétt og markar þýfið sem tekur við í hvamminum suðurbrúnina. hvammurinn er vel gróinn en ofan hans lítt grónir melar.

**Sölvabakki-96**




**Fvrnr.:** 10380
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443427,85 N: 580563,30
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**

Í Litlahvammi tæplega 100m vestan við matjurtagarðinn (nr. 95) er tóft.

**Lýsing**

Hún er 15x12m að ummáli, mosa og grasi vaxin og skera veggir sig ekki úr umhverfi hvað gróður varðar en inní tóftinni er grænna og gróskumeira. Veggir eru á bilinu 1,5-3m allt að 70sm háir að innan. Nokkuð af þúfum er inní tóftinni og ekki er greinilegt hvort það séu einhver veggjalög en þó virðist eins og tveir veggir gangi inní tóftina út frá suðurveggnum á ská til norðausturs. Meðfram norður veggnum er þúfnaröð um 1m frá veggnum og gæti þar verið um vegg að ræða. Sömuleiðis er þúfnaröð meðfram austurveggnum utanverðum sem gæti verið veggur. Utan við vesturvegg tóftar, sunnan við miðju er um 60-70sm djúpur ferkantaður niðurgröftur 1,5x2,5m að ummáli en norðvestar lítill niðurgröftur um 40sm djúpur og 110sm breiður þar norðan og sunnan við. Útlit tóftarinnar bendir til þess að hún sé gömul.

**Sölvabakki-97**
**Fvrnr.:** 10381
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 443430,01
N: 580536,37
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta-nálægð við vatnsfall og jarðvegsrof



*Mynd 89. Tóft fremst á mynd. Horft er til austurs.*

**Staðhættir**
Í Litlahvammi tæplega 100m vestan við matjurtagarðinn [95] er tóft og á lækjarbakka, tæplega 20m sunnar er önnur tóft fremur óljós.

**Lýsing**
Veggir eru mikið sokknir og fremur óljósir á köflum en þó má vel greina inn- og útbrúnir þeirra sem eru um 5-10sm háar að utan og um 1m á breidd. Hæð veggja að innan er um 30sm. Tóftin er 3x4m að utanmáli og snýr nálega austur/vestur. Rof er í lækjarbakkann fast upp við tóftina að austan en um 2,5m eru að læknum.

**Teikning af fornbýli [98-113] – Fúsakot?**




**Sölvabakki-98**
**Fvrnr.:** 10382
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Bústaður?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443277,48 N: 580563,87
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta- vegna rofs

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Fremur stór tóft er upp á melnum, nyrst innan túngarðs, hugsanlega bæjarhóll, en tóftirnar virðast yngri heldur en túngarðurinn. Tóftin er vel græn og sker sig þannig úr umhverfi. Sjálf tóftin er þrískipt en tvískipt rétt eða eitthvert mannvirki sem ekki hefur haft þak er austan við. Mesta hæð veggja að innan er um 60-70sm. Vestasta tóftin stendur um 40sm hærra en hinar. Breidd veggja er víðast um 120sm. Nyrst er óljós tóft sem gengur frá austri til vesturs. Hugsanlega er þarna bæjarhóll en tóftirnar efst á hólnum virðast yngri heldur en túngarðurinn. Fast sunnan við tóftirnar er hóll sem gæti verið öskuhóll. Veggir tóftarinnar til

austurs eru lægri og standa lægra, eru um 1m á breidd og 40sm háir og gæti sá hluti verið eldri en aðrir hlutar tóftar. Og því gæti verið að byggt hafi verið ofan á eldri mannvirkjum á einhverjum tíma.

**Aðrar upplýsingar**

Í sýslu- og sóknarlýsingum er minnst á tvö eyðikot í landi Neðri-Lækjardals. Voru það Fúsakot, skammt frá bæ og svokallað Dýjadalskot í samnefndum dal. Engar byggðaleifar fundust í Dýjadal en leifar fornbýlis, túngarðs og annarra bygginga eru í Stekkjarhvammi, sem er nokkru austar. Vera kann að þar sé um að ræða Fúsakot sem nefnt er í sóknarlýsingu. Í svörum varðandi örnefni segir: „Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðarsóknar eftir séra Eggert Briem frá 1873 er getið um Dýjadalskot sem hafi verið eyðibýli í Dýjadal. Í Dölunum austan við mynni Dýjadals eru tóftarbrot og eru það trúlega leifar þessa býlis.“ (ÖS 1992: bls. 2) Þarna virðist átt við byggðaleifar þær sem liggja í Stekkjarhvammi en miðað við sóknarlýsinguna er líklegra að um sé að ræða Fúsakot þó ekki verði það fullyrt með vissu.

**Heimildaskrá**


*Sýslu- og sóknarlýsingar I, Húnavatnssýsla 1839-1873.* Hið íslenzka bókmenntafélag, Akureyri, 1950

ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.


**Sölvabakki-99**



***Mynd 90. Fornbýli í Dölunum. Horft er til nnv.***

**Fvrnr.:** 10383

**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 443221,70 N: 580471,81
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Túngarðurinn er umfangsmikill og vel greinanlegur nær óslitið hringinn í kringum túnið. Eldri garður virðist hafa náð frá suðvesturhorni túngarðsins til suðausturs og lokað þannig hvamminum. Sá garður er lyngi og mosa vaxinn, mjög útflattur og hafa margar fjárgötur legið yfir hann að stekkjartóftinni í túngarðinum.

**Sölvabakki-100**
**Fvrnr.:** 10384
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443308,76 N: 580494,38
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Tóft er austast við suðurhlið túngarðs að innanverðu. Hún snýr austur/vestur með dyr mót norðri. Breidd veggja er um 1,5m, hæð þeirra um 50sm og innanmál tóftar 2,4x2,6m. Fjárgata liggur meðfram garðinum. Sami gróður er á tóftinni og túngarðinum, mosi, sina og grænt gras innan veggja.

**Sölvabakki-101**
**Fvrnr.:** 10385
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443293,93 N: 580492,92
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Vestan við tóft nr. 100 er önnur tóft, 2x4m að innanmáli. Hún liggur nálega austur/vestur. Tóftin stendur á smá upphækkun, og því hugsanlega byggð á einhverju eldra. Hún er sinu og mosa gróin eins og túngarðurinn og virðist því vera svipuð í aldri. Breidd veggja er um 1,5-

2m, hæð að innan um 40sm en 50-110sm að utan. Hugsanlegt er að tóftin sé tvískipt en stór þúfa er í tóftinni miðri við túngarðinn.

**Sölvabakki-102**
**Fvrnr.:** 10386
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443269,60 N: 580489,43
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
Í örnefnaskrá segir: „Meðfram læknum að norðan, alla leið frá túninu til sjávar, eru grashvammar í svonefndum Dölum. Efsti hvammurinn, sem þá er mjög lítill, nefnist Litlihvammur; þá er Stekkjarhvammur, sem er allstór og sér fyrir rústum, þar sem stekkurinn hefur verið.“ (ÖNL, 5).
**Lýsing**
Alveg syðst við túngarðinn er stekkjartóft. Lambakróin stendur aðeins hærra, er um 1,5x1,5m að innanmáli og veggir eru 40sm háir. Réttin er sunnan við, 1,5x4m að innanmáli og eru veggir hennar um 60-70sm háir. Veggir tóftarinnar eru 1-1,5m breiðir og virðist tóftin vera yngri en aðrar tóftir tengdar fornbýlinu. Veggir eru mosa og sinu vaxnir en tóftin er þó mun grænni og gróskumeiri en aðrar tóftir innan túngarðsins.
**Heimildaskrá**
ÖNL: Örnefnaskrá Neðri-Lækjardals (1975). Kristján Eiríksson skráði eftir Árna Blandon. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-103**
**Fvrnr.:** 10387
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443256,35 N: 580492,38
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Vestan við stekkjartóftina er tví- eða þrískipt tóft. Hún virðist vera frá svipuðum tíma og túngarðurinn en lægri og umfangsminni. Veggir eru um 1m breiðir og 30-40sm háir. Sina og mosi eru í veggjum og gólfi. Hrun er úr túngarði í norðanverða tóftina og hugsanlega í hana sunnanverða líka. Nyrðra hólfið er um 1,7x3m að innanmáli, syðra hólfið er 3x1,5m að innanmáli, stendur nokkuð hærra og er löng þúfa, hugsanlega veggur sem skiptir tóftinni í tvennt.

**Sölvabakki-104**
**Fvrnr.:** 10388
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443241,75 N: 580498,74
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Norðvestan tóftar nr. 103 er önnur, aflöng tóft sem liggur vnv/asa. Óljós og slitin garðlög nyrst mynda litla tóft og við hana virðist yngri tóft ofan á. Breidd veggja er um 1m og hæð um 30sm. Dyr til suðurs. Innanmál eldri hlutans er 2x2,3m en innanmál yngri tóftar er 1,7x1,1m.

**Sölvabakki-105**
**Fvrnr.:** 10389
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443244,76 N: 580497,32
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Yngri tóft virðist vera ofan á tóft nr. 104. Hún er 1,7x1,1m að innanmáli. Veggir eru um 40sm á hæð og breidd þeirra er um 110sm. Dyr á yngri tóft virðast vera til austurs.

**Sölvabakki-106**
**Fvrnr.:** 10390
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443189,64 N: 580488,67
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.

**Lýsing**
Tæplega 15m suðvestan við túngarðinn er hringlaga mannvirki sem stendur á upphækkun sem er 11m að þvermáli og virðist hringlaga skurður grafinn í kringum hana. Tóft og garðlag eru á upphækkuninni. Tóftin er fremur óljós, mosa og lyngi vaxin. Stór steinn er í henni að austanverðu. Breidd veggja er um 120-150sm og hæð þeirra er um 30-40sm. Norðan og norðvestan við er borgadregin þúfnamyndun, hugsanlega hluti tóftarinnar. Garðlag, lítið og hlaupið í þúfur gengur í hálfhring út frá tóftinni að austan og virðist koma aftur að henni að vestan. Það er þó óljóst þar sem veggurinn er þýfður.

**Sölvabakki-107**
**Fvrnr.:** 10391
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443251,26 N: 580551,63
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta- vegna rofs

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Niðurgrafin tóft er upp á melbrúninni vestast. Tóftin er fremur óljós, veggir eru um 10sm háir, greinilegastir að vestan og sunnan en óljósari að utan að norðan og austan. Hún er sokkin í gróður að norðan og liggja fjárgötur í gegnum hana frá austri til vesturs. Tóftin er 5x5m að utanmáli.

**Sölvabakki-108**
**Fvrnr.:** 10392
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 443234,51 N: 580578,64
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta- vegna rofs

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Túngarðurinn er umfangsmikill og vel greinanlegur nær óslitið hringinn í kringum túnið. Hann er þó mikið rofinn upp á melnum að norðan en samt vel greinanlegur. Hann er þýfður og algróinn til suðurs, suðausturs og suðvesturs en ógreinilegur til norðurs. Fimm tóftir eru upp við garðinn á suðurhlið. Tvær utan við, tvær að innan og ein tóft rýfur garðinn, þ.e. garðurinn liggur upp að tóftinni að austan og vestan. Vesturveggur liggur upp eftir gróinni klauf í melinn og virðist hann yngri á þeim kafla og líkist þar fremur manngerðum bakka en garði. Hann er alls um 380m langur.

**Sölvabakki-109**
**Fvrnr.:** 10393
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Öskuhóll?
**Tegund:** Hóll
**Staðsetning:** A: 443272,86 N: 580560,37
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta- vegna rofs

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Hóll er sunnan við mögulega bæjartóft (nr. 98). Hugsanlega er um að ræða öskuhól bæjarins eða leifar einhverrar tóftar, en engar veggjaleifar sjást þó á hólnum.

**Sölvabakki-110**
**Fvrnr.:** 10394
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443287,32 N: 580552,78
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta- vegna rofs

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Suðaustan við hugsanlega bæjartóft (nr. 98) er tóft og virðist hún vera eldri. Veggir eru grónir lyngi og mosa en gras er í botni. Tóftin snýr nna/ssv með dyr mót nna. Hún er 4x6m að utanmáli og er austur langveggur lengri sem gæti verið til að auðvelda innrekstur. Hún virðist tvískipt og er minna hólfið til suðurs en það stærra til norðurs.

**Sölvabakki-111**
**Fvrnr.:** 10395
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443302,73 N: 580542,80
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta- vegna rofs

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.

**Lýsing**
Um 20m suðaustur frá stóru tóftinni (nr. 98) er tóft, 5x8m að utanmáli og liggur hún fram á melbrúninni og snýr austur/vestur. Hún virðist forn, er sokkin og sker sig lítt úr umhverfi. Hæð veggja er um 20-30sm og breidd 1-1,5m.

**Sölvabakki-112**
**Fvrnr.:** 10396
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443296,37 N: 580562,39
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta- vegna rofs

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Austan við tóft nr. 108 er tví- eða þrískipt tóft, norðurhluti hennar er greinilegri en suður hlutinn. Tóftin er gróskumeiri en túngarðurinn og virðist því vera yngri og gæti verið frá sama tímabili og stóra tóftin. Breidd veggja er um 1,5m og hæð 40-60sm, tóftin er 7x7m að utanmáli. Tóftin er jarðsokkin og fornleg.

**Sölvabakki-113**
**Fvrnr.:** 10397
**Sérheiti:** Stekkjarhvammur/Fúsakot?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443246,63 N: 580512,23
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Fornbýli er í Stekkjarhvammi, austan Dalalækjar, um 380m vestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals.
**Lýsing**
Í suðvesturhorni túnsins er lítil tóft.Veggir eru afar óljósir um 5-10sm háir og um 40-50sm breiðir, tóftin snýr norðaustur/suðvestur með dyr mót suðvestri. Tóftin er jarðsokkin og fornleg.

**Sölvabakki-114**



*Mynd 91. Sveinsstekkur (?) í Sveinsstekkjarlaut. Horft er til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10398
**Sérheiti:** Sveinsstekkjarlaut
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 443040,77
N: 580188,18
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Sveinsstekkjarlaut er austan við Beinalág tæplega 770m suðvestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals. Í henni eru þrennar tóftir.
**Lýsing**
Syðsta tóftin í lautinni er þrískipt og liggur norðvestur/suðaustur, 13x7-10m að utanmáli. Breidd veggja er 1-2m. Hún er mjög græn og gróskumikil líkt og umhverfi hennar.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir „Sunnan við Tungur er Sveinsstekkjarlaut. Þar sést enn fyrir stekkjarbrotum.“ (ÖS 1976: bls. 3). Í svörum varðandi örnefni segir: „Í Sveinsstekkjarlaut eru stekkjabrot en ekki veit ég hvernig nafnið er komið til að öðru leyti.“ (ÖS 1992: bls. 2).
**Heimildaskrá**
ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-115**
**Fvrnr.:** 10399
**Sérheiti:** Sveinsstekkjarlaut
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443013,30
N: 580218,23
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:**
Engin fyrirsjáanleg hætta




**Staðhættir**
Sveinsstekkjarlaut er austan við Beinalág tæplega 770m suðvestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals. Í henni eru þrennar tóftir.

**Lýsing**
Um 30m norðvestan við tóft nr. 114, fremst í lautinni eru tvennar tóftir og nyrðri tóftin er niðurgrafin í hólrana. Veggir eru óljósir nema að sunnan og vestan og mesta hæð að innan er um 60sm. Hún er 5x9m að utanmáli og liggur nálega austur/vestur.

**Sölvabakki-116**
**Fvrnr.:** 10400
**Sérheiti:** Sveinsstekkjarlaut
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443014,23 N: 580228,69
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Sveinsstekkjarlaut er austan við Beinalág tæplega 770m suðvestur af bæjarstæði Neðri-Lækjardals. Í henni eru þrennar tóftir.
**Lýsing**
Tæplega 5m norðan við tóft 115 er önnur tóft. Breidd veggja er um 1m og hæð veggja um 20sm. Hún virðist vera tvískipt en er nokkuð ógreinileg, algróin.

**Sölvabakki-117**
**Fvrnr.:** 10401
**Sérheiti:** Lestavað
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 443630,15 N: 581268,06
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Tvö vöð eru á Laxá undan Neðra-Lækjardalslandi. Annað í beinni stefnu milli bæjanna Neðra-Lækjardals og Syðra-Hóls, og nefnist það Lestavað. Hitt er neðst í ánni, rétt fyrir ofan þar sem hún rennur í sjó. Það heitir Neðstavað.“ (ÖNL, 2).
**Lýsing**
Punktur var tekinn af loftmynd.
**Heimildaskrá**
ÖNL: Örnefnaskrá Neðri-Lækjardals (1975). Kristján Eiríksson skráði eftir Árna Blandon. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-118**



***Mynd 92. Hestar á leið yfir Neðstavað sem er til vinstri á mynd. Horft er til norðurs.***

**Fvrnr.:** 10402
**Sérheiti:** Neðstavað
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 442235,58 N: 581340,20
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Tvö vöð eru á Laxá undan Neðra-Lækjardalslandi. Annað í beinni stefnu milli bæjanna Neðra-Lækjardals og Syðra-Hóls, og nefnist það Lestavað. Hitt er neðst í ánni, rétt fyrir ofan þar sem hún rennur í sjó. Það heitir Neðstavað.“ (ÖNL, 2).
**Lýsing**
Hnit tekin af loftmynd eftir örnefnakorti Jónu Fanndísar Jónsdóttur sem ólst upp á Sölvabakka. Kortið er til á Örnefnastofnun.
**Heimildaskrá**
ÖNL: Örnefnaskrá Neðri-Lækjardals (1975). Kristján Eiríksson skráði eftir Árna Blandon. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-119**

**Fvrnr.:** 10403
**Hlutverk:** Brú
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 443444,29
N: 581239,67
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



***Mynd 93. Leifar fyrstu brúarinnar yfir Laxá. Hægra megin er brúarendinn í landi Höskuldsstaða en vinstra megin í landi Sölvabakka. Horft er niður ána til norðurs.***

**Staðhættir**
Elsta brúarstæðið á Laxá er um 900m vestur af núverandi brú.

**Lýsing**
Brúin er horfin en brúarendarnir standa enn heilir beggja megin ár hlaðnir úr grjóti og steypt á milli. Veiðivegur liggur niður að gömlu brúnni að sunnan en síðustu metrarnir fram á brúarendann eru grasi grónir. Hann er um 2,5m breiður og 5m á lengd.

**Nánari lýsing**
Í örnefnaskrá segir: „Mikill hluti landsins í Neðri-Lækjardal eru sléttir melar, og mundi einhverjum detta í hug, að vel væri gjörandi að sá í þá melgrasi, gæti það orðið falleg flöt. Norðast á þessum melum, austan við Brúarvellina, er Brúarvallatorfa út við Laxá, upp undan gamla brúarstæðinu.“ (ÖNL, 6).

**Aðrar upplýsingar**
Í Árbók Ferðafélags Íslands 2007 segir: Laxá er ein af fyrstu ám er brúuð var í Húnavatnssýslu. Trébrú var sett á Hlaupið haustið 1876 og þótti ekki lítil fararbót. Sú brú entist illa því vatns- og aurrennsli var mikið á hana í vetrarhlákum og vorleysingum en snjóþyngsli fóru einnig illa með hana. Brúin stóð líka of lágt og voru síðar hlaðnir undir hana öflugir grjótstöplar, styrktir með steinlímsblöndu [...] (ÁFÍ, 166).

**Heimildaskrá**
ÖNL: Örnefnaskrá Neðri-Lækjardals (1975). Kristján Eiríksson skráði eftir Árna Blandon. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Torfason. (2007). Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda. *Árbók Ferðafélag Íslands. 2007*. Ferðafélag Íslands: Reykjavík

**Sölvabakki-120**
**Fvrnr.:** 10404
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðsetning:**
A: 443038,03
N: 581293,29
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Heimildamaður:** Óskar Axelsson, fyrrum ábúandi í Neðri-Lækjardal



*Mynd 94. Mógrafir á gilbarminum fyrir miðri mynd. Horft er til norðurs.*

**Staðhættir**
Í grónum hvammi, vestur af gamla brúarstæðinu eru mógrafir. Þær eru á svonefndum Brúarvöllum en um þá segir í örnefnaskrá: „Brúarvellir heitir einu nafni grashvammur allvíðlendur. Þeir takmarkast frá Kjósinni að vestan en af gamla brúarstæðinu á ánni að austan, og munu bera nafn af brúnni“ (ÖNL, 3). Sagði heimildamaður að hann hefði heyrt að nafnið væri ekki tilkomið af brúnni heldur af steinboga sem var yfir ána, neðan við þar sem gamla brúin var. Óvíst er hvort það er rétt.
**Lýsing**
Grafirnar eru fremst á gilbarminum um 30x35m að ummáli.
**Heimildaskrá**
ÖNL: Örnefnaskrá Neðri-Lækjardals (1975). Kristján Eiríksson skráði eftir Árna Blandon. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-121**
**Sérheiti:** Neðrivegur
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Meðfram læknum að norðan, alla leið frá túninu til sjávar, eru grashvammar í svonefndum Dölum. Efsti hvammurinn, sem þá er mjög lítill, nefnist Litlihvammur; þá er Stekkjarhvammur, sem er allstór og sést fyrir rústum, þar sem stekkurinn hefur verið. Þar fyrir vestan er Votihvammur. Milli þessara hvamma lá reiðvegur, sem stundum var farinn, og nefndist þá Neðrivegur.“ (ÖNL, 5).
**Lýsing**
Gatan var ekki skráð 2008.

**Heimildaskrá**
ÖNL: Örnefnaskrá Neðri-Lækjardals (1975). Kristján Eiríksson skráði eftir Árna Blandon. Örnefnastofnun Íslands.

**Aðrar minjar í landi Sölvabakka**

**Sölvabakki-122**
**Sérheiti:** Beinalág
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Beinalág er í norðausturhorni Sölvabakkalands. Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Dalalæk er Ósvíkurtorfa, og nær hún alveg fram á Ósvíkurbakka og suður að Hellrargili. Þar ofan við, suður frá Dalalæk, neðst er Nautadalur, er liggur til suðausturs. Þar nokkru ofar Dýjadalur í sömu átt. Þar næst er Beinalág til suðurs. Beinalág er nokkuð löng.“ (ÖS 1976: bls. 3)
**Lýsing**
Gatan var ekki skráð 2008.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þegar brúin á Laxá var fyrir neðan Hlaupið lágu reiðgöturnar eftir Beinalág og suður á göturnar, sem liggja ofan að Sölvabakka. “ (ÖS 1976: bls. 2). Í svörum við spurningum varðandi örnefnaskrá segir: „Beinalág er bein, þ.e. stefna hennar milli suðurs og norðurs og hef ég aldrei heyrt aðra skýringu á nafni hennar.“ (ÖS 1992: bls. 2).
**Heimildaskrá**
ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-123**



*Mynd 95. Stekkjartóft í Votahvammi, horft er til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10405
**Hlutverk:** Stekkur?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 442687,48
N: 580299,23
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Tvennar tóftir eru í Votahvammi, norður af Dalalæk, tæplega 1,4km norðaustur af Sölvabakka.
**Lýsing**
Austast í hvamminum er

tvískipt tóft sem liggur austur-vestur, hugsanlega stekkjartóft. Króin er til austurs, 1x1m að innanmáli og er innangengt til vesturs yfir í réttina sem er 1x2m að innanmáli og er gengt út úr henni til vesturs. Veggir eru um 80-100sm breiðir og um 40sm háir. Tóftin stendur á svolitlum bakka sem liggur eftir gilinu við brekkuræturnar og virðist vegghleðsla eftir bakkanum. Hæð bakkans að sunnan er um 50-70sm en um 20-30sm upp að brekkunni. Þetta garðlag verður ógreinilegt um 10m útfrá tóftinni til hvorrar áttar en bakkinn heldur áfram eftir nær öllu gilinu til norðvesturs.

**Sölvabakki-124**




**Fvrnr.:** 10406
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 442603,29 N: 580333,01
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Tvennar tóftir eru í Votahvammi, norður af Dalalæk, tæplega 1,4km norðaustur af Sölvabakka.
**Lýsing**
Rúmlega 80m norðvestur af stekkjartóftinni [nr. 123] er minni tóft, jarðsokkin sem snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 5x6m að utanmáli og engar dyr sjást á tóftinni. Veggir þýfðir og ójafnir, um 70-80sm breiðir og um 40sm háir að jafnaði. Tóftin stendur í nokkrum halla neðan við miðja hlíð.

**Sölvabakki-125**




**Hlutverk:** Stekkur, rétt?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 442180,03 N: 580720,50
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Nyrst í Stórahvammi, norður af Dalalæk, tæplega 1,4km nna af Sölvabakka er tvískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin stendur í smá halla frá suðvestri upp brekkuna til norðausturs. Suðaustur langveggur er lengri en norðvestur veggur og því gæti verið að hluti veggjar væri horfinn eða að veggurinn hafi verið lengri til að auðvelda innrekstur. Innanmál réttar, til suðvesturs er 2,5x3,5m og virðist aðeins hafa hrunið inní hana að norðaustan. Innanmál króar til norðausturs er 1,5x1,5m. Tóftin er öll vel gróin, vegghæð er um 40-50sm og breidd um 80-100sm. Bakki gengur í boga í framhaldi af suðvesturveggnum og beygir til norðvesturs, hæð bakkans að sunnan er um 40-50sm en um 10-20sm að norðan upp að brekkunni, hugsanlega eru þetta leifar vegghleðslu, en gata liggur eftir bakkanum og gæti það einnig skýrt vegglögunina.

**Sölvabakki-126**
**Sérheiti:** Arnbjargarþúfa
**Hlutverk:** Varða?
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Uppi á melunum suðaustur af Hellrargili, er stór rúnnuð þúfa. Hefur þar líklega verið hlaðin grjótvarða til forna og hún síðan gróið upp af fugladriti“ (ÖS 1975: bls. 5).
**Lýsing**
Þúfan var ekki skráð 2008.
**Heimildaskrá**

ÖS 1975: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.


**Sölvabakki-127**
**Fvrnr.:** 10408
**Sérheiti:** Bóndaklettur
**Hlutverk:** Huldufólksbústaður
**Tegund:** Náttúruminjar
**Staðsetning:** A: 441224,17 N: 579481,05
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Bóndaklettur er stór klettur í fjörunni, vestan við bæ. Í örnefnaskrá […] Bóndaklett sem er stór klettur þar fram af fjörunni. Á flóði fellur upp fyrir hann.“ (ÖS 1976: bls. 1).
**Lýsing**
Hnit tekin eftir örnefnakorti Jónu Fanndísar Jónsdóttur sem ólst upp á Sölvabakka. Kortið er til á Örnefnastofnun.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Talið var, að huldufólk byggi í Bóndakletti. Er hún [bungan] talin álagablettur og mátti aldrei slá hann, áttu þá einhver óhöpp að verða. Var því trúað, að huldufólkið, sem bjó í Bóndakletti hefði blettinn til afnota.“ (ÖS 1976: bls. 2).
**Heimildaskrá:**
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-128**
**Fvrnr.:** 10409
**Sérheiti:** Sandgil
**Hlutverk:** Álagablettur
**Tegund:** Náttúruminjar
**Staðsetning:** A: 441342,75 N: 579476,43
**Ástand:** Ómetið
**Heimildamaður:** Ingibjörg Jónsdóttir, Blönduósi

**Staðhættir**
Í Sandgili vestan við bæ er álagablettur. Í örnefnaskrá segir: „Í Sandgili, nálægt miðju, norðan megin við Sandgilslæk, er bunga, sem skagar nokkuð til suðurs. Er hún talin álagablettur […] og mátti aldrei slá hann, áttu þá einhver óhöpp að verða.“ (ÖS 1976: bls. 2).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni mátti ekki slá gilið en það var í lagi að beita það. Punktur var tekinn af loftmynd.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Er hún [bungan] talin álagablettur og mátti aldrei slá hann, áttu þá einhver óhöpp að verða. Var því trúað, að huldufólkið, sem bjó í Bóndakletti hefði blettinn til afnota.“ (ÖS 1976: bls. 2).
**Heimildaskrá**
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-129**
**Fvrnr.:** 10410
**Sérheiti:** Markúsarhvammur
**Hlutverk:** Sögustaður
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 441406,73 N: 579591,82
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að Markúsarhvammur sé vestan í túninu, norður af Brunnhvammi, sem kemur þar syðst og svo Öskuhvammi sem er þar næst á undan Markúsarhvammi (ÖS 1976: bls. 2).

**Lýsing**
Hnit tekin eftir örnefnakorti Jónu Fanndísar Jónsdóttur sem ólst upp á Sölvabakka. Kortið er til á Örnefnastofnun.
**Aðrar upplýsingar**
Í svörum við spurningum varðandi örnefnaskrá segir: „Markúsarhvammur dregur nafn sitt af manni að nafni Markús sem á að hafa grafið fjársjóð þar í jörðu. Fjársjóður þessi er ófundinn enn og ekki vitað um tilraunir til að leita hans. Ekki heldur vitað hvað þessi sögn er gömul." (ÖS 1992: bls. 1).
**Heimildaskrá**
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-130**
**Fvrnr.:** 10411
**Sérheiti:** Arnketill (Arnkell)
**Hlutverk:** Tröll
**Tegund:** Náttúruminjar
**Staðsetning:** A: 441503,77 N: 580836,17
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Þá næst Hellrar [af Stekkjarvík], sem heita Syðsti- Mið- og Norðasti-Hellir. Í Mið-Helli er klettur, sem heitir Arnketill." (ÖS 1976: bls. 2-3).
**Lýsing**
Hnit tekin eftir örnefnakorti Jónu Fanndísar Jónsdóttur sem ólst upp á Sölvabakka. Kortið er til á Örnefnastofnun.
**Aðrar upplýsingar**
Í svörum við spurningum varðandi örnefnaskrá segir: „Sagan segir að Arnketill (aldrei heyrt nafnið Arnkell) og Arnbjörg hafi verið tröll sem dagaði uppi við veiðar í Stekkjarvíkinni þegar sólin skein á þau. Þar sem Arnbjörg dagaði uppi heitir Arnbjargarstapi, en Arnketill þar sem karlinn dagaði uppi." (ÖS 1992: bls. 2).
**Heimildaskrá**
ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1975: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-131**
**Fvrnr.:** 10412
**Sérheiti:** Arnbjörg eða Arnbjargarstapi
**Hlutverk:** Tröll
**Tegund:** Náttúruminjar
**Staðsetning:** A: 441475,82 N: 580861,50
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Þá næst Hellrar [af Stekkjarvík], sem heita Syðsti- Mið- og Norðasti-Hellir. Í Mið-Helli er klettur, sem heitir Arnketill. Þar fram af er klettur í sjó fram, sem heitir Arnbjörg eða Arnbjargarstapi." (ÖS 1976: bls. 2-3).

**Lýsing**
Hnit tekin eftir örnefnakorti Jónu Fanndísar Jónsdóttur sem ólst upp á Sölvabakka. Kortið er til á Örnefnastofnun.
**Aðrar upplýsingar**
Í svörum við spurningum varðandi örnefnaskrá segir: „Sagan segir að Arnketill (aldrei heyrt nafnið Arnkell) og Arnbjörg hafi verið tröll sem dagaði uppi við veiðar í Stekkjarvíkinni þegar sólin skein á þau. Þar sem Arnbjörg dagaði uppi heitir Arnbjargarstapi, en Arnketill þar sem karlinn dagaði uppi.“ (ÖS 1992: bls. 2).
**Heimildaskrá:**
ÖS 1992: Sölvabakki. Svör við spurningum varðandi örnefni. 1992. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1975: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.
ÖS 1976: Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

**Sölvabakki-132**
**Hlutverk:** Útihús/matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið

**Staðhættir**
Á túnakorti Svangrundar er útihús eða matjurtagarður um 30m austur af bænum. Engar skýringar eru á kortinu og því er óvíst hvort þarna sé um að ræða matjurtagarð eða útihús. Ef áttahögun á kortinu er rétt gæti mannvirkið hafa verið við Brunnbolla. Ekki fannst neitt þarna við skráningu 2008.
**Heimildaskrá**
Túnakort Svangrundar. Hannes Jónsson 1918.

**Sölvabakki-133**
**Hlutverk:** Útihús/matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfið

**Staðhættir**
Á túnakorti Svangrundar er útihús eða matjurtagarður við túnjaðar, um 40m suður af bænum. Engar skýringar eru á kortinu og því er óvíst hvort þarna sé um að ræða matjurtagarð eða útihús. Þarna er nú sléttað tún og engar minjar fundust á vettvangi 2008 en þess ber að geta að túnið var óslegið og því mikill gróður á því.
**Heimildaskrá**
Túnakort Svangrundar. Hannes Jónsson 1918.

## Breiðavað



*Mynd 96. Íbúðarhúsin á Breiðavaði. Yngra húsið sem búið er í er til vinstri en eldra húsið sem byggt var framan við gamla bæinn er á hægri mynd. Þar má einnig sjá tóftarleifar á gamla bæjarstæðinu.*

Breiðavaðs er fyrst getið í bréfi frá 1507 þar sem Sveinn Þorfinnsson færir Gottskálki biskupi á Hólum jörðina Ystagil í Langadal með þeim ítökum er henni fylgja og þar með torfskurð í undirhaga á Breiðavaði.[55]

Í jarðabók segir að bænhús hafi áður verið á Breiðavaði. Jörðin var í einkaeign góðbónda eins á Rangárvöllum og var landsskuldin greidd í landaurum en kúgildin í smjöri. Hlunnindin voru góð, næg torfrista og -stunga, lítið eitt af lyngi og hrís til eldiviðar og beitar og silungsveiði í Réttarvatni. Tún og engi voru í sífelldri hættu af völdum lækjar sem þar rennur um.[56]

Jörðin var metið á 40 hundruð að fornu, en 27,2 að nýju mati árið 1848.[57]

Breiðavaðskot var þekkt örnefni 1708 þar sem menn töldu að byggð hafi verið og sáust þar óljós tóftarbrot í byrjun 18. aldar.[58]

### Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðamati frá 1849-50 er jörðin metin á 40 hundruð: „Túnið stórt og greiðfært, harðt og snögglendt, með þurrum jarðvegi að norðanverðu; lækr hleypur gegnum túnið, og skemmir einstökusinnum með því að bera skriðu á það norðanmegin og taka áburðinn burtu, samt brýtr nokkuð báða bakkana, og verðr ekki fyrir byggt, fóðrar 5 kýr; slægjur seintækar, en í kringum túnið, og ekki í einu lagi, eru því rétt nefndar rejtingssamar, samt töluverðar að víðáttu; sumarhagar nota góðir til halda, hægir fyrir neðan, en erfiðir fyrir ofan, þó vel brúkandi fyrir búsmala, kúabeit niðr við Blöndu, spillir á sumrin, vegna lestagans þar yfir, og að menn oft hvila þar, vetrarbeit þrautabest uppá „Kallbak“ en er örðugur vegna snjóalaga á leiðinni, en líka opt að fá nær, en ekki eins góð; má yfirhöfuð heita kjarngóð. Mótak óþekkt.“ Jörðin er metin á 800 ríkisdali.[59]

---

[55] *DI VIII*, 1906-1913. Bls. 177.
[56] *Jarðabók Árna og Páls*, VIII, 1926. Bls. 409.
[57] *Ný jarðabók*, 1861. Bls. 91.
[58] *Jarðabók Árna og Páls*, VIII, 1926. Bls. 410.
[59] Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 62. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

Árið 1916 er túnið talið 20 dagsláttur að hluta harðlent og snögglent og um ¾ slétt. Töðufengur um 200hb á ári. Engjar eru samfelldar en sumt á dreif um bithaga, þær eru fremur snöggslægar, að hluta þýfðar og að nokkru þurrlendar mýrar og vallendisslægjur. Engjavegur er nokkuð góður og stutt er á flestar engjar. Gefur af sér um 360hb árlega. Beitiland er víðlent og kjarngott og stutt er til beitar. Góð sumarbeit er fyrir allan búpening en vetur eru fremur snjóþungir. Vatnsból er gott, mótak lítið eða ekkert og torfrista slæm.[60]

**Landamerki**
Landamerkjalýsing fyrir Breiðavað.

> „Frá Ennis landamerkjum að neðan, frá Blöndu, úr Þórdísarbrekkuhorni, og þaðan beint strik í norður slakkann fyrir vestan Núpann í stein, sem stendur á holti, sunnanvert við Rjettarhvammsmýri, og þaðan sjónhending beint í þúfu, sem stendur norðarlega í Torflág; síðan beint strik til Kúlubrúnar; þaðan beint í Breiðavaðslæk í Bugum; síðan eptir því, sem sami lækur ræður upp í Grundarlækjarskarð; þaðan beint í vörðubrot, sem stendur á sama hrygg syðst.- Frá Ennis landamerkjum að vestan ræður Blanda í Tjaldhólshorn norðanvert við Rafnseyrarvað; þaðan beint strik upp í norðanverðan Grjóthól milli lækja. Úr Grjóthól beina sjónhending í sunnanverðan Stórhól; þaðan í vörðu sem stendur á Steinabrún; þaðan beint í syðri Flóamel; síðan upp norðanvert í Klofasteina; þaðan stefnu í há Breiðavaðs-hnjúk; síðan beint í vörðubrot á fyrrnefndum Nónhrygg. –Þetta framanskrifað, eptir sem menn vita sannast og glöggast, undirskrifar.“

Undirritað á Breiðavaði, 10. maí 1890 af Einari Árnasyni eiganda.[61]

[60] Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 213. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.
[61] Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 147.

# Fornleifaskrá




**Breiðavað-1**
**Fvrnr.:** 10163
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Tóft og húsgrunnur
**Staðsetning:** A: 444042,83 N: 574568,48
**Ástand:** Gamli bærinn er að mestu horfinn
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Gamli bærinn stóð efst í túninu, sunnan Breiðavaðslækjar. Hann stóð þar efst á dálitlum valllendishól. [...] Norðan þeirra var skemma og önnur skemma norðast í húsaröðinni. Smárétt var á milli þessara tveggja skemma. [...] Austan við réttina og skemmurnar, norður af gömlu baðstofunni, voru tveir kofar. Þeir lágu hlið við hlið, andstætt við skemmurnar og snéru dyr þeirra til norðurs.“ (ÖS: bls. 5).
Gamli bærinn stóð nálega þar sem eldra íbúðarhúsið á Breiðavaði er nú en náði lengra til norðausturs. Það sem eftir er af gamla bænum er ein tóft og kantur af grunni bæjarins og garðlög.
**Lýsing**
Tóft er við norðausturhorn gamla íbúðarhússins, vel gróin grasi og arfa. Húsið er hlaðið úr torfi og grjóti og sér í grjót á nokkrum stöðum í veggjum. Tóftin liggur nálega austur/vestur og hafa dyr snúið mót austri. Veggir eru að hluta rofnir, mest um 120sm breiðir og hæð mest um 70sm. Innanmál tóftar er 2,5x5m. Veggur er jafn hár landinu að norðan og því er gengið niður í tóftina og eru veggir þar fremur lágir. Garðlag liggur til suðurs frá austurenda tóftar, um 20sm hátt og 50sm breitt og sér í grjót í því. Það afmarkar að hluta rabbabaragarð sem

liggur suður undir tóftinni. Suðvestan við tóftina, um 4m austan við gamla íbúðarhúsið er grjóthlaðinn kantur. Kanturinn er um 40-50sm hár og nokkuð hruninn. Að líkindum er þetta grunnur undan gamla bænum.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Bæjardyr og skemmurnar voru með tréþiljum móti vestri. Inn af bæjardyrum voru allbreið torfgöng, sem lágu beint að búri og hlóðaeldhúsi, austast í húsaþyrpingunum. Eldhúsið var fyrir enda ganganna, en búrið til hægri handar, þegar inn var gengið. Um mið göngin, til hægri handar, var gengið inn í baðstofuna, upp fjórar lágar tröppur. Baðstofan var þrjú stafgólf, þriggja álna. Hún var alþiljuð og með skarsúð. Gluggi var á henni mót suðri, - hann var í hálfþili; hann var fjögra rúðna. Tveir smágluggar voru mót norðvestri, neðst við súð. Norðasta stafgólfið var að nokkru afþiljað og var gluggi upp undir súð móti norðvestri. Beint á móti inngangi í baðstofuna var gengið inn í svokallaða gömlu baðstofu, sem var algerlega óþiljuð og sperrureist með röftum og hrístróði. [...] Gamla baðstofan var elzti hluti bæjarins og mun hafa verið í byggð um aldamótin 1800. Hinn hluti bæjarins mun hafa verið byggður af Jónasi hreppstjóra Jóhannssyni, þess er kom við sögu Jóseps draugs (Sjá lýsingu Björnólfsstaða). Hefur hann sennilega byggt bæinn fyrir miðja 19. öld. Búið var í þessum bæ fram um 1937.“ (ÖS: bls. 5-6). Samkvæmt túnakorti var matjurtagarður áfastur bænum að sunnan.

**Heimildaskrá**


ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort Breiðavaðs. Hannes Jónsson, 1918.


**Breiðavað-2**



***Mynd 97. Ábúendur á Breiðavaði ásamt Guðmundir Sigurðarsyni við "bænhústóftina". Horft er til suðvesturs.***

**Fvrnr.:** 10164

**Hlutverk:** Bænhús?

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning:** A: 443953,15 N: 574570,34

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Hættumat**: Tóftin er í beitarhólfi og er í hættu vegna ágangs búfjár

**Heimildamenn:** Stefanía Egilsdóttir og Þórarinn Bjarki Benediktsson

**Staðhættir**

Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Hjer segja menn að áður hafi verið bænhús, og var þar skemmuhús í manna minni sem kirkjan skyldi staðið hafa.“ (JÁM: bls. 408). Í hestahólfinu um 60m norðaustur af íbúðarhúsinu á Breiðavaði og tæpa 15m vestur af bæjarlæknum er hringlaga tóft.

**Lýsing**

Veggir eru sokknir, nánast útflattir og hvergi er dyr að sjá. Tóftin er algróin grasi, um 6m að þvermáli og fyrir miðju hennar er hringlaga þúfa sem er 1,20m að þvermáli. Breidd veggja er frá 100-200sm og hæð þeirra um 20sm. Samkvæmt heimildamönnum hvíla þau álög á tóftinni að ekki skuli hreyfa við henni.

**Aðrar upplýsingar**
Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Enginn veit að hjer hafi tíðir veittar verið.“ (JÁM: bls. 408).
**Heimildaskrá**
JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1926. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-3**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin
**Heimildamaður:** Kristján Sigfússon bóndi Húnsstöðum

**Staðhættir**
Samkvæmt túnakorti lá heimreiðin til suðausturs frá gamla bænum.
**Lýsing**
Þjóðvegurinn lá áður ofar en hann gerir í dag og sér enn móta fyrir gamla akveginum á köflum. Heimreiðin heim að bænum lá til suðausturs, rétt neðan við minkahúsið. Samkvæmt heimildamanni kom heimreiðin nálega á milli gamla bæjarins og eldra íbúðarhússins.
**Heimildaskrá**
Túnakort Breiðavaðs. Hannes Jónsson, 1918.

**Breiðavað-4**
**Fvrnr.:** 10165
**Sérheiti:** Fjós
**Hlutverk:** Heimild
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 444003,86 N: 574575,29
**Ástand:** Horfið
**Heimildamaður:** Kristján Sigfússon bóndi Húnsstöðum

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Fjósið stóð u.þ.b. 100 m fyrir framan bæinn, nær Breiðavaðslæk“ (ÖS: bls. 6). Hús er sýnt á túnakorti vestan við bæinn.
**Lýsing**
Steinsteyptur grunnur er þar sem fjósið stóð síðast og var steinsteypt súrheysgryfja (A: 444018,11/ 574578,74) tæplega 10m austan þess. Að sögn heimildamanns stóð fjósið áður á sama stað.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Það rúmaði eina 6-8 gripi.“ (ÖS: bls. 6).
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.
Túnakort Breiðavaðs. Hannes Jónsson, 1918.

**Breiðavað-5**
**Fvrnr.:** 10166
**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 443900,53 N: 574527,28
**Ástand:** Horfin
**Heimildamenn:** Stefanía Egilsdóttir og Þórarinn Bjarki Benediktsson

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Aðalfjárhúsin stóðu á áðurnefndri Fit, sunnan Breiðavaðslækjar.“ (ÖS: bls. 6).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamönnum stóðu aðalfjárhúsin nokkurn veginn þar sem að íbúðarhúsið er í dag. Þau eru nú horfin.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þau munu hafa tekið nálægt 150 fjár.“ (ÖS: bls. 6).
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.
Túnakort Breiðavaðs. Hannes Jónsson, 1918.

**Breiðavað-6**
**Fvrnr.:** 10167
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Dæld
**Staðsetning:** A: 443815,99 N: 574802,51
**Ástand:** Nánast horfin
**Hættumat:** Hætta- tóftirnar eru í nýplægðu flagi og stafar þeim hætta af frekari framkvæmdum við túnasléttun

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Norðan Breiðavaðslækjar voru fjárhús á þremur stöðum. Ein þeirra stóðu nálægt miðju túni og hin utar, nálægt túnjaðrinum.“ (ÖS: bls. 6). Fjárhúsin eru sýnd á túnakorti frá 1918.
**Lýsing**
Nyrstu fjárhúsin voru tæpa 280m nnv af íbúðarhúsinu (því yngra). Túnið var nýplægt þegar skráning fór fram í júlí 2008 en enn sér móta fyrir húsunum sem legið hafa norðaustur/suðvestur. Þrjár samsíða dældir sáust í flaginu og þvert á þær fjórða dældin sem að líkindum hefur verið heytóft eða hlaða. Svæðið er að utanmáli 10x15m.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þessi þrenn hús hafa tekið nálægt 150 fjár. Þessi hús voru bæði notuð sem fjárhús og hesthús (þ.e. eintöluhesthús við hliðina).“ (ÖS: bls. 6).
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.
Túnakort Breiðavaðs. Hannes Jónsson, 1918.

**Breiðavað-7**
**Fvrnr.:** 10168
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Hola
**Staðsetning:** A: 443842,72 N: 574799,14
**Ástand:** Brunnurinn er nánast horfinn

**Hættumat:** Hætta- brunnurinn er í nýplægðu flagi og stafar hætta af frekari framkvæmdum við túnasléttun
**Heimildamenn:** Stefanía Egilsdóttir og Þórarinn Bjarki Benediktsson

**Staðhættir**
Nyrst í túninu var fjárhús og samkvæmt heimildamönnum var brunnur austan þess, um 270m nna frá íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Túnið var nýlega plægt (þegar fornleifaskráning fór fram í ágúst 2008) og aðeins sást hola í flaginu um 3x3m að ummáli. Hún er mest um 40sm djúp.

**Breiðavað-8**
**Fvrnr.:** 10169
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Dæld
**Staðsetning:** A: 443935,24 N: 574728,11
**Ástand:** Nánast horfin
**Hættumat:** Hætta- tóftirnar eru í nýplægðu flagi og stafar þeim hætta af frekari framkvæmdum við túnasléttun

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Norðan Breiðavaðslækjar voru fjárhús á þremur stöðum. Ein þeirra stóðu nálægt miðju túni og hin utar, nálægt túnjaðrinum.“ (ÖS: bls. 6). Fjárhúsin eru sýnd á túnakorti frá 1918.
**Lýsing**
Austarlega í túninu (sem var nýlega plægt þegar fornleifaskráning fór fram í ágúst 2008) ofan við bæinn, og um 80m nna af fjárhúsinu kom upp grjót við túnvinnslu. Þar eru tvær dældir í túnið samsíða og snúa norðaustur/suðvestur.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þessi þrenn hús hafa tekið nálægt 150 fjár. Þessi hús voru bæði notuð sem fjárhús og hesthús (þ.e. einhöluhesthús við hliðina).“ (ÖS: bls. 6).
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.
Túnakort Breiðavaðs. Hannes Jónsson, 1918.

**Breiðavað-9**
**Fvrnr.:** 10170
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 443970,72 N: 574639,85
**Ástand:** Horfin
**Heimildamenn:** Stefanía Egilsdóttir og Þórarinn Bjarki Benediktsson

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Norðan Breiðavaðslækjar voru fjárhús á þremur stöðum. Ein þeirra stóðu nálægt miðju túni og hin utar, nálægt túnjaðrinum.“ (ÖS: bls. 6). Fjárhúsin eru sýnd á túnakorti frá 1918.

**Lýsing**
Syðst útihúsanna voru að líkindum fjárhús sem stóðu samkvæmt heimildamönnum nálega þar sem fjárhúsin standa í dag en eru nú með öllu horfin. Ef marka má túnakortið frá 1918 virðast húsin þó hafa staðið aðeins vestar en fjárhúsin gera í dag og getur því verið skekkja á hnitum.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þessi þrenn hús hafa tekið nálægt 150 fjár. Þessi hús voru bæði notuð sem fjárhús og hesthús (þ.e. einhöluhesthús við hliðina).“ (ÖS: bls. 6).
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-10**
**Fvrnr.:** 10171
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 443892,13
N: 574836,48
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Á hól norðaustan við túnið, neðan túngarðs um 300m norðan við íbúðarhúsið á Breiðavaði er tóft.


*Mynd 98. Tóft austan við túnið. Horft er til suðausturs.*

**Lýsing**
Tóftin er vel gróin og greinileg. Hún er 2x3m að innanmáli, snýr norðaustur/suðvestur með dyr mót suðvestri. Breidd veggja er um 80sm og hæð mest um 50sm en langhlið mót suðvestri er lægri eða um 20sm. Girðing liggur í gegnum tóftina til norðausturs og er hóllinn rofinn þar og sér í grjóthleðslur. Grjót sést á þremur stöðum í tóft.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Norðaustur af túninu er Húsalág og norðan við hana, neðarlega, er Húsamelur.“ (ÖS: bls. 3). Ekki þekktu ábúendur örnefnið en lág er upp af túninu til norðausturs og stendur tóftin við enda hennar. Upp af henni er melur sem vel gæti verið Húsmelur sem nefndur er í örnefnaskrá.
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-11**



*Mynd 99. Hestasteinn á Breiðavaði. Kengurinn er enn í honum neðst til vinstri.*

**Fvrnr.:** 10172
**Hlutverk:** Hestasteinn
**Tegund:** Steinn
**Staðsetning:**
A: 444056,91 N: 574584,60
**Ástand:** Gott
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Gamli bærinn stóð efst í túninu, sunnan Breiðavaðslækjar. Hann stóð þar efst á dálitlum valllendishól. [...] Norðan þeirra var skemma og önnur skemma norðast í húsaröðinni. Smárétt var á milli þessara tveggja skemma. Fram undan norðustu skemmunni stóð hestasteinn á hlaðinu með keng í.“ (ÖS: bls. 5)
**Lýsing**
Hestasteinninn er enn til en hefur verið færður og liggur nú ofan við gamla íbúðarhúsið.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Hún var notuð til að stinga inn í hana hestum.“ (ÖS: bls. 5)
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-12**
**Fvrnr.:** 10173
**Hlutverk:** Gröf
**Tegund:** Haugur
**Staðsetning:** A: 443930,09
N: 574608,67
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta - liggur í beitarhólfi og hætta er af ágangi búfjár
**Heimildamenn:** Stefanía Egilsdóttir og Þórarinn Bjarki Benediktsson



*Mynd 100. Möguleg gröf fremst á mynd. Horft er til vesturs.*

**Staðhættir og lýsing**
Aflangur 20sm hár hóll um 200x80sm að utanmáli er í hestahólfi um 80m nna af íbúðarhúsinu á Breiðavaði. Hann liggur nærri austur/vestur og er lítt gróinn. Vesturendi hólsins er rofinn og þar er grjót, þéttraðaðir steinar og einnig er hann að hluta þakinn steinum til austurs. Samkvæmt heimildamönnum eru munnmæli um að þetta sé heiðin gröf.

**Breiðavað-13**
**Fvrnr.:** 10174
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 444063,53 N: 574630,03
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Rúmlega 60m nna af gamla íbúðarhúsinu um 15m suður og austur af bæjarlæknum er tóft og til suðvesturs frá henni garðlag.
**Lýsing**
Tóftin liggur norðaustur/suðvestur, hún er gróin grasi og einnig er arfi í henni en þó sér í grjót í veggjum. Hún er 2,5x1m að innanmáli, hæð veggja er 20-30sm, breidd þeirra um 60-70sm og virðast dyr vera til suðausturs.

**Breiðavað-14**
**Fvrnr.:** 10175
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 444056,24 N: 574621,93
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Rúmlega 60m nna af gamla íbúðarhúsinu um 15m suður og austur af bæjarlæknum er tóft og til suðvesturs frá henni garðlag.
**Lýsing**
Garðurinn er um 30sm á hæð og um 60sm á breidd og vel gróinn grasi. Hann er alls um 30m langur og fremur óljós.

**Breiðavað-15**



***Mynd 101. Réttin á bakka bæjarlækjarins.***

**Fvrnr.:** 10176
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 444067,07
N: 574673,76
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Fremst í bæjargilinu um 100m nna af gamla íbúðarhúsinu eru tóftir réttar.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er hlið á vesturhorni hennar. Hún er hlaðin úr grjóti og standa grjóthleðslur

vel og sér í þær í veggjum en að öðru leyti er tóftin gróin. Innanmál réttar er um 5x12m og breidd veggja um 120sm og hæð mest um 120sm til suðausturs en lægri til norðvesturs þar sem þeir eru um 60-70sm á hæð. Veggjahæð að utan er um 40sm. Lítil tóft er upp við réttina að framan (til suðvesturs) um 1x0,5m að innanmáli og er breidd veggja um 20sm og hæð um 25sm. Litla tóftin er hugsanlega leikstaður barna.

**Breiðavað-16**



***Mynd 102. Túngarðurinn.***

**Fvrnr.:** 10177
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 443960,98 N: 574835,50
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Túngarðurinn sést vel á kafla norðan og austan við túnið.
**Lýsing**
Hann er heillegastur ofan (norðan) við túnið, á rúmlega 100m frá norðvestri til suðausturs kafla allt að 120sm breiður og 80sm hár. Síðan beygir hann til suðurs og suðausturs og er þar ógreinilegri og töluvert rofinn á um 100m kafla. Síðan hverfur hann alveg en er svo aftur greinilegur þegar nær dregur bæjarlæknum þar sem hann virðist skiptast og liggur annar endinn suður í átt að bænum (hugsanlega eldri garður), þar 40sm hár en 1,5m á breidd, en hinn liggur til austurs (hugsanlega yngri garður) að bæjarlæknum að vestanverðu. Þar er hann um 1m breiður og 30sm hár.

**Breiðavað-17**
**Fvrnr.:** 10178
**Hlutverk:** Túngarður?
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 444118,77 N: 574699,57
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta
**Staðhættir**
Annar garður eða garðbútur er austan bæjarlækjar og liggur það norðvestur-suðaustur upp brekku austanvert í bæjargilinu.
**Lýsing**
Garðlagið er alls um 12m langt, 1m á breidd og um 80sm á hæð. Það er algróið.

**Breiðavað-18**
**Fvrnr.:** 10179
**Hlutverk:** Óþekkt, mylla?
**Tegund:** Hugsanleg veggjalög
**Staðsetning:** A: 444035,71 N: 574665,11
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Um 50m austur af fjárhúsunum, við túngarðinn er þúfnakragi sem hugsanlega eru leifar tóftar.
**Lýsing**
Þúfnakraginn eða möguleg tóft er um 3x3,5m að utanmáli en ekki er greinilegt hvert innanmál er, en hæð er um 40sm. Gamall lækjafarvegur hefur legið að garðinum úr norðvestri og virðist sem hann renni í gegnum hann og framhjá tóftinni/þúfnakraganum að norðanverðu. Hugsanlegt er að þarna hafi verið mylla.


***Mynd 103. Myllutóft? innan við túngarðinn.***

**Breiðavað-19**
**Fvrnr.:** 10180
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 444124,05 N: 574505,82
**Ástand:** Horfinn
**Heimildamaður:** Kristján Sigfússon bóndi Húnsstöðum

**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni voru tóftir rúmlega 100m suðaustur af eldra íbúðarhúsinu, nú við suðurenda minkahússins. Þær eru nú með öllu horfnar en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns.

**Breiðavað-20**



*Mynd 104. Grjóthleðsla ofan Breiðavaðs.*

**Fvrnr.:** 10181
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Grjótlögn
**Staðsetning:**
A: 443954,50 N: 574915,66
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Á mel tæplega 390m norður af bænum um 25m nna af nyrsta hluta túngarðsins er ferhyrnd steinhleðsla, 1x1m að utanmáli. Hún er þakin grjóti að innan í um tveimur lögum og er gróðurkantur í kringum hana.

**Aðrar upplýsingar**
Hlutverk og aldur grjótlagnarinnar er óþekkt en minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa þó ekkert verði fullyrt um slíkt án frekari rannsókna.

**Breiðavað-21**
**Fvrnr.:** 10182
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðsetning:** A: 444313,39
N: 575134,10
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Póstleiðin frá Breiðavaði lá til norðurs upp með bæjarlæknum og upp fyrir ásinn ofan við bæinn og norður Breiðavaðsflóa, gatan sést enn vel á köflum.



*Mynd 105. Póstleiðin liggur vestan Breiðavaðslækjar. Horft er til norðurs.*

**Breiðavað-22**



*Mynd 106. Varða við póstleiðina, horft er til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10183
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 444281,64 N: 575078,83
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Varða er við gömlu póstleiðina, á fyrsta melhólnum ofan við bæinn um 30m vestur af Breiðavaðslæk. Hún er hrunin en um 50sm há. Líklega er hún fyrsta varðan á póstleiðinni.

**Breiðavað-23**
**Fvrnr.:** 10184
**Hlutverk:** Stekkur, Sel?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 444348,83 N: 575151,30
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta




**Staðhættir**
Í gróinni laut meðfram bæjarlæknum að vestan er tóft, rúmlega 600m nna af bænum. Gamla póstleiðin liggur á brekkubrún vestan við tóftirnar.

**Lýsing**
Tóftin liggur norðaustur/suðvestur og hefur verið tvískipt eða jafnvel þrískipt og liggur fremst á lækjarbakka, hugsanlega stekkjartóft eða jafnvel sel. Tvær tóftir liggja samhliða hugsanlega rétt og kró en við norðausturenda sem er rofinn af læknum eru einhverjar mishæðir sem gætu hafa verið þriðja tóftin. Lækurinn hefur einnig rofið burtu skammvegg stærri tóftarinnar mót norðaustri. Veggir eru um 1m á breidd en ná tveimur metrum þar sem þeir hafa hrunið, hæð veggja er um 50-60sm. Hlið hefur verið á stærri tóftinni mót suðvestri og er innanmál hennar 2x9m. Minni tóftin er 4,2x1,5m að innanmáli þriðja tóftin norðaustan við er um 1,5x1,1m að innanmáli og liggur hún um 30sm hærri en hinar. Tóftin er algróin grasi og mosi er í veggjum.

**Breiðavað-24**



*Mynd 107. Guðmundur Sigurðarson stendur í holu sem virðist manngerð.*

**Fvrnr.:** 10185
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hola
**Staðsetning:**
A: 444367,32
N: 575196,05
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í gróinni laut meðfram bæjarlæknum að vestan er tóft, rúmlega 600m nna af bænum. Rúmum 40m norðar í næstu laut að ofan er hola.
**Lýsing**
Holan er 1,3x2,5m að utanmáli og um 40sm djúp. Hlutverk er óvíst en hugsanlegt er að hún sé tengd fyrrskráðum minjum [23].

**Breiðavað-25**




**Fvrnr.:** 10186
**Hlutverk:** Móþurrkun/geymsla?
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 444024,91 N: 574302,82
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í uppþornaðri mýri, tæplega 240m suðaustur af íbúðarhúsinu á Breiðavaði er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er vel gróin og skilur sig lítt frá umhverfinu. Veggjahæð er um 10-20sm og breidd 60-100sm. Hún liggur nálega austur/vestur. Dyr virðast vera til austurs en það er óljóst því veggir til austurs og suðurs eru mjög óljósir. Austan við tóftina er smá haugur eða stafli hugsanlega gróinn mó- eða torfstafli.

**Breiðavað-26**




**Hlutverk:** Stekkur
**Fvrnr.:** 10187
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 444339,30
N: 574255,93
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Breiðavaðslækur rennur í Blöndu vestan við bæ. Í örnefnaskrá segir: „Sunnan Breiðavaðslækjar er svæði, sem heita Torfur fyrir ofan Breiðavaðshaga. [...] Sunnan við Torfur heitir Nónbolli. [...] Þar austan við melana, litlu sunnar er Stekkjarhvammur. Í honum er Stekkjartjörn og í hana rennur Stekkjarlind, sem kemur upp í dýji í svonefndum Bana, mjög þýfðu mýrarstykki, þar fyrir ofan. Melurinn fast austan við Stekkjartjörn er nefndur Stekkjarmelur.“ (ÖS: bls. 2).
Í hvammi ofan við þjóðveginn um 490m suðaustur af íbúðarhúsinu á Breiðavaði er stekkjartóft.
**Lýsing**
Í hvamminum er tjörn og er tóftin alveg undir hvammbrekkunni beint norður af tjörninni. Hún liggur austur/vestur og er norður langveggur hlaðinn uppundir brekkuna. Hún er grjóthlaðin og er króin til vesturs. Innangengt virðist í réttina til austurs um göng. Tóftin er vel gróin en þó sér vel í grjóthleðslur í veggjum. Hlið er á krónni til suðurs og er hún 2,3m að innanmáli, mesta hæð veggja er um 1m og breidd 75sm. Réttin er 12x2m að innanmáli en suður langvegg vantar eða að þar hefur verið girt með öðrum hætti. Norður langveggur sem hlaðinn er upp við brekkuna er um 130sm hár en austurveggur, sem er nokkuð illa farinn, er um 30-50sm hár.
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-27**
**Fvrnr.:** 10188
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 444352,65 N: 574290,33
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Mikil hætta vegna jarðvegseyðingar

**Staðhættir**
Á þurrum mel, tæplega 500m suðaustur af íbúðarhúsinu á Breiðavaði og um 30m norður af Stekkjarhvammi er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er mjög uppblásin og veggir óljósir. Hún virðist tvískipt. Utanmál tóftar er 3,5x4,5m og innanmál minni tóftar sem liggur til norðvesturs er 1x1,2m og hæð veggja að utan um 10-30sm. Veggir stærri tóftarinnar eru alveg rofnir og því ekki hægt að meta innanmál hennar. Tóftin er annars gróin grasi og mosa.

**Breiðavað-28**
**Fvrnr.:** 10189
**Sérheiti:** Breiðavaðssel
**Hlutverk:** Sel
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðsetning:** A: 444873,48 N: 574581,92
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta




**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Rétt norðan merkja, milli Björnólfs-staða og Breiðavaðs, rennur Sellækur. Hann rennur í Blöndu í landi Björnólfsstaða. Hann á upptök sín í flóanum austan við Breiðavaðsás. Flóinn heitir Breiðavaðsflói. Sunnan Sellækjar, við landamerkin, heitir Stórhóll. Norðan Sellækjar, nokkru ofar en Stórhóll, stóð Breiðavaðssel, og sjást rústir þess enn. Það mun hafa verið í byggð fyrir u.þ.b. 100 árum [~1875].“ (ÖS: bls. 3).

Tæplega 900m austur af bænum á Breiðavaði um 50m norður af landamerkjum Breiðavaðs og Björnólfsstaða er seltóft. Tóftin er í alldjúpu og breiðu dragi um 25m norðan lækjarins sem skiptir merkjum.

**Lýsing**

Tóftin er þrískipt, gróin grasi, smára og ljónslappa. Hún er mun grænni og gróskumeiri en lyngmóarnir sem eru umhverfis hana. Tóftirnar standa í töluverðum halla og líklega er um 1-1,5m hæðamunur á efstu og neðstu tóft. Neðst virðist vera rétt, hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir eru mest um 50sm háir. Að norðan er veggurinn 110sm breiður og sést nokkuð grjót efst í honum. Suðurveggurinn er um 220sm breiður. Réttarhlið til suðvesturs er um 1m breitt. Innanmál er 2x3m. Ofan eða suðaustan við réttina er minni tóft, nálega hringlaga 2x2m að innanmáli. Breidd veggja er um 60sm og hæð þeirra er 30sm. Innangengt er yfir í rétt og rof er á suðurvegg sem einnig gætu verið dyr. Þar áföst norðan við er þriðja tóftin 3x1,5m að innanmáli, hugsanlega vistarverur. Dyr eru til suðvesturs um 70sm breiðar. Breidd veggja er um 60sm og hæð til suðurs 10-15sm og á kafla er rétt um 5sm, en aðrir veggir um 30sm háir. Tóftin er algróin og hvergi sér í grjót.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Norður og niður af selinu eru slægjublettir, innan um holtin, sem hétu Selbreiðar og einnig neðan í Stórhól. Þetta voru smá valllendisbrekkur, sem stundum voru slegnar.“ (ÖS: bls. 3). Í Föðurtúni segir: Í Breiðavaðsseli, fram og upp af Breiðavaði, bjó

einnig á síðustu öld Guðmundur „hreppur“, en ekki munu þessi kot hafa verið af öðrum.“ (FT: bls. 71).

**Heimildaskrá**

FT: Föðurtún. P. V. G. Kolka. 1950. P. V. G. Kolka.

ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-29**



*Mynd 108. Varða og grjóthlaðið byrgi sem er fremst á mynd.*

**Fvrnr.:** 10190
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 445183,45
N: 575106,72
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir og lýsing**

Á ógrónum mel ofan við Breiðavaðssel um 590m ofan (nna) af Breiðavaðsseli er varða og ferhyrnd hleðsla, hugsanlega byrgi beint norður af henni.
Varðan er mest um 45sm há og hrunið er úr henni. Hún er um 1x1,8m að grunnmáli.

**Breiðavað-30**
**Fvrnr.:** 10191
**Hlutverk:** Byrgi
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 445183,13 N: 575111,16
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**

Á ógrónum mel ofan við Breiðavaðssel um 590m ofan (nna) af Breiðavaðsseli er varða og ferhyrnd hleðsla, hugsanlega byrgi um 1m norður af henni.

**Lýsing**

Byrgið er um 1x2m að ummáli, einföld grjóthleðsla sem opin er til austurs. Hugsanlega leifar smalabyrgis.

**Breiðavað-31**




**Fvrnr.:** 10192
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 444012,08 N: 574028,58
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í hvamminum suður af bænum, við Blöndu, um það bil fyrir miðjum hvammi er tóft.
**Lýsing**
Tóftin stendur á grasi grónum hól, hún er tvískipt, líklega stekkjartóft. Hóllinn er 13x16m að ummáli og liggur tóftin austur/vestur. Króin til austurs en réttin til vesturs og virðist innangengt á milli. Króin stendur lítið eitt hærra en réttin og er 2x3m að innanmáli, veggir að nokkru hlaupnir í þúfur og eru mest um 30sm háir. Réttin er 4x5m að innanmáli, algróin, með mosa í veggjum, en sér þó í grjót í tóftinni. Breidd veggja er um 50-60sm.

**Breiðavað-32**
**Fvrnr.:** 10193
**Hlutverk:** Garður
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 443971,81 N: 574070,61
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í hvamminum suður af bænum, við Blöndu, um það bil fyrir miðjum hvammi er tóft og virðist garðlag liggja til norðvesturs frá henni. Garðlagið er þó ógreinilegt og gæti verið um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða.
**Lýsing**
Garðlagið liggur frá tóftinni og út með hvamminum. Breidd garðsins er 100-150sm en 200sm þar sem hann er mest hruninn. Hann er gróinn grasi og mosa og er mesta hæð um 50sm. Garðurinn er hlaupinn í þúfur. Umhverfi tóftarinnar og garðsins er mýrlendi en minjarnar liggja frammi á brún á smá stalli sem liggur upp frá grónum áreyrum og er þar þurrt mólendi.

**Breiðavað-33**



*Mynd 109. Varða á mel suðvestur af bænum, horft er til norðausturs heim að Breiðavaði.*

**Fvrnr.:** 10194
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 443726,18
N: 574462,34
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Tæplega 240m vsv af íbúðarhúsinu á Breiðavaði, rúmlega 50m upp af þjóðveginum er melhóll og efst á honum varða.
**Lýsing**
Grunnflötur hennar er um 1,5x1,5m og hæð 35sm. Hún virðist að hluta hlaðin og að hluta hrúgað upp.

**Breiðavað-34**
**Sérheiti:** Breiðavaðskot
**Hlutverk:** Bústaður
**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**
Í Jarðabók Árna og Páls segir: Breidavadskot heitir örnefni hjer í landinu, sem menn ætla að einhvörntíma muni bygt verið, og sjást hjer líkindi til garðaleifa og lítillra tóftabrota, so sem að þar mætti hafa staðið eitt hús eður tvö; hjer um vita nálægir ei farmar að undirrjetta. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæðið er alt komið í flög og grámosamóa.“ (JÁM: 410).
**Lýsing**
Staðsetning býlisins er ekki þekkt en austan við Grafarvatn er stekkjartóft, garðlög og hugsanlega eldri tóftir sem hugsanlega hafa tilheyrt kotinu [sjá nr. 35-41]. Umhverfi tóftanna er þannig háttað að sunnan eru ræktuð tún en að norðan er gróðursnauður melur.
**Heimildaskrá**
JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1926. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-35**
**Fvrnr.: 10195**
**Sérheiti:** Breiðavaðskot ?




**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443559,21 N: 574819,39
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Austan við Grafarvatn en norðan við ystu tún á Breiðavaði, tæplega 500m norðvestur af íbúðarhúsinu eru tóftir og garðlag. Minjarnar liggja suður undir ógrónu holti.
**Lýsing**
Garðlag liggur suður undir holtinu frá austri til vesturs og inn í því er stekkjartóft. Tóftin liggur nálega austur/vestur en smá bogi er á tóftinni sem hefur verið grjóthlaðin og sér í hleðslur í veggjum á nokkrum stöðum, að öðru leyti er tóftin gróin. Stekkurinn er byggður undir brekku. Króin liggur til austurs og er innanmál hennar 3x1,5m. Ekki er að sjá að innangengt hafi verið í kró. Réttin er 9x2m að innanmáli og er hlið á suður langvegg tóftar um 60sm breitt. Hæð veggja í krónni eru um 50-70sm og breidd er mest um 80sm. Veggir í kró eru rofnir efst. Hæð veggja í réttinni er um 45sm til suðurs en 90sm upp í brekkuna til norðurs.

**Breiðavað-36**
**Fvrnr.:** 10196
**Sérheiti:** Breiðavaðskot ?

**Hlutverk:** Túngarður?
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 443526,90
N: 574818,81
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Austan við Grafarvatn en norðan við ystu tún á Breiðavaði, tæplega 500m norðvestur af íbúðarhúsinu eru tóftir og garðlag. Minjarnar liggja suður undir ógrónu holti og meðfram því frá austri til vesturs liggur garðlag.



*Mynd 110. Stekkjartóftin fremst á mynd og garðurinn aftan við. Ljósm. BZ.*

**Lýsing**
Garðurinn er algróinn grasi og mosa og er um 50-80sm hár. Hann er víða um 80sm breiður en mest um 120sm breiður til vesturs þar sem hann er rofnari og útflattari. Hann er greinilegur á um 110m kafla frá Grafarvatni og austur fyrir stekkjartóftina. Þar austan við erum 50m óljóst framhald garðsins, rofið og lágt, algróið um 30sm hátt, en síðustu 20 metrana er aðeins einföld grjóthleðsla sem virðist geta verið grunnur garðsins og hefur þá allt torf verið rofið í burtu.

**Breiðavað-37**



*Mynd 111. Garðlag, hugsanlega leifar fornbýlis? við Grafarvatn.*

**Fvrnr.:** 10197
**Hlutverk:** Óþekkt
**Sérheiti:** Breiðavaðskot ?
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:**
A: 443504,59
N: 574826,92
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Austan við Grafarvatn en norðan við ystu tún á Breiðavaði, tæplega 500m norðvestur af íbúðarhúsinu eru tóftir og garðlag.

Minjarnar liggja suður undir ógrónu holti.

**Lýsing**

Hugsanlega liggur annað garðlag til norðurs frá garðinum [36] í vinkil til norðausturs upp brekku, um 90sm breitt og 40sm hátt. Garðlagið er þó fremur óljóst og gæti verið náttúrumyndun. Það er nokkuð heillegt að neðan en rofnar þegar kemur austur í brekkuna.

**Breiðavað-38**

**Fvrnr.:** 10198
**Sérheiti:** Breiðavaðskot ?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft?
**Staðsetning:** A: 443502,58 N: 574820,75
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**

Austan við Grafarvatn en norðan við ystu tún á Breiðavaði, tæplega 500m norðvestur af íbúðarhúsinu eru tóftir og garðlag. Minjarnar liggja suður undir ógrónu holti.

**Lýsing**

Hugsanlega liggur annað garðlag til norðurs frá garðinum í vinkil til norðausturs og virðist hugsanlega vera tóft vestur undir honum, opin til suðurs. Veggur virðist um 60sm breiður og 20sm hár. Veggjalagið er gróið og fremur óljóst.

**Breiðavað-39**

**Fvrnr.:** 10199
**Sérheiti:** Breiðavaðskot ?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:**
A: 443506,81
N: 574809,07
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 112. Tóft eða einhverjar mannvirkjaleifar. Grafarvatn sést í baksýn.*

**Staðhættir**

Austan við Grafarvatn en norðan við ystu tún á Breiðavaði, tæplega 500m norðvestur af íbúðarhúsinu eru tóftir og garðlag. Minjarnar liggja suður undir ógrónu holti.

**Lýsing**

Tæplega 2m utan við garðinn virðist vera tóft, 3x3m að utanmáli. Engar dyr er að sjá á tóftinni og liggja fjárgötur þvert yfir svo erfitt er að átta sig á innanmáli hennar.

**Breiðavað-40**



*Mynd 113. Tóft, horft er til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10200
**Sérheiti:** Breiðavaðskot ?
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 443536,30 N: 574813,48
**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Austan við Grafarvatn en norðan við ystu tún á Breiðavaði, tæplega 500m norðvestur af íbúðarhúsinu eru tóftir og garðlag. Minjarnar liggja suður undir ógrónu holti.
**Lýsing**
Suður undir garðinum er jarðsokkin tóft, opin til norðurs. Breidd veggja er um 60sm og hæð 15-20sm. Mýrargróður er í hluta veggja og innan í tóftinni og gæti því verið um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða.

**Breiðavað-41**
**Fvrnr.:** 10201
**Sérheiti:** Breiðavaðskot ?
**Hlutverk:** Náma
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðsetning:** A: 443520,75 N: 574812,55
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Austan við Grafarvatn en norðan við ystu tún á Breiðavaði, tæplega 500m norðvestur af íbúðarhúsinu eru tóftir og garðlag. Minjarnar liggja suður undir ógrónu holti.
**Lýsing**
Bæði norðan og sunnan garðlagsins eru niðurgreftir, þar sem hugsanlega hefur verið tekið torf eða mór.

**Breiðavað-42**
**Sérheiti:** Grafarvatn
**Hlutverk:** Náma?
**Tegund:** Heimild

**Staðhættir:** Grafarvatn er vestan við Breiðavað, norðan við Breiðavaðslæk sem rennur í Blöndu vestan við bæ. Í örnefnaskrá segir: „Norðan við Breiðavaðslækinn [...] var Þvottahvammur við lækinn. [...] Norður af Þvottahvammi eru Breiðavaðsnúpar, stór melhóll og er Laugarhvammur vestan í honum. Í lægðinni, austan núpanna, er Grafarvatn, fast við Breiðavaðstún.“ (ÖS: bls. 2)

**Lýsing**
Ekki fundust mógrafir nema þær sem skráðar eru nr. 41 né merki um annarskonar grafir við Grafarvatn en að líkindum hefur verið mýri við suðausturenda vatnsins og þar gætu mögulega hafa verið mógrafir sem nú er búið að ræsta fram og breyta í tún.
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-43**
**Fvrnr.:** 10202
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 443225,73 N: 575516,30
**Ástand:** Heillegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 114. Varða [43], horft er yfir Réttarvatn.*

**Staðhættir**
Efst á nesi sem liggur út í Réttarvatn um 1,2km norðvestur af bænum á Breiðavaði er varða.
**Lýsing**
Varðan er um 50sm há og 80x100sm að grunnmáli, hugsanlega hefur hún upphaflega verið hlaðin en steinunum síðar hrúgað saman er hrunið var úr henni.

**Breiðavað-44**



*Mynd 115. Grjóthleðsla, steinlögn. Horft er til suðurs.*

**Fvrnr.:** 10203
**Hlutverk:** Óþekkt, heiðin gröf?
**Tegund:** Steinlögn
**Staðsetning:** A: 443845,53
N: 574936,66
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Rúmlega 400m nna af bænum eru ógrónir melar sem liggja nálega norður/suður. Á austari melnum eru tvær vörður og tvær grjóthleðslur.
**Lýsing**
Syðst er aflöng hleðsla sem liggur nálega norður/suður 1x2,5m að utanmáli. Hleðslan er ekki regluleg en steinarnir liggja nokkuð þétt.
**Aðrar upplýsingar**
Hlutverk og aldur grjótlagnarinnar er óþekkt en minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa þó ekkert verði fullyrt um slíkt án frekari rannsókna.

**Breiðavað-45**
**Fvrnr.:** 10204
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:** A: 443843,01
N: 574943,10
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
**Staðhættir**
Rúmlega 400m nna af bænum eru ógrónir melar sem liggja nálega norður/suður. Á austari melnum eru tvær vörður og tvær grjóthleðslur.


***Mynd 116. Varða. Horft er til suðurs í átt til Breiðavaðs.***

**Lýsing**
Norðan við hleðsluna [nr. 44] er varða, 1x1m að grunnmáli. Hún er um 30sm há ekki hlaðin en að hluta gróin og gróið er í kringum hana en að melurinn að öðru leyti lítt gróinn.

**Breiðavað-46**


***Mynd 117. Grjóthleðsla, steinlögn. Horft er til ssa.***

**Fvrnr.:** 10205
**Hlutverk:** Óþekkt, heiðin gröf?
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:** A: 443829,63
N: 574964,12
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
**Staðhættir**
Rúmlega 400m nna af bænum eru lítt grónir melar sem liggja nálega norður/suður. Á austari melnum eru tvær vörður og tvær grjóthleðslur.
**Lýsing**
Norðar er ferhyrnd grjóthleðsla 100x120sm að utanmáli og liggur nálega norður/suður. Grjótið í köntunum er allt svipað að stærð og er hún að hluta fyllt grjóti að innan.
**Aðrar upplýsingar**
Hlutverk og aldur grjótlagnarinnar er óþekkt en minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa þó ekkert verði fullyrt um slíkt án frekari rannsókna.

**Breiðavað-47**
**Fvrnr.:** 10206
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:** A: 443818,97 N: 574988,90
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Rúmlega 400m nna af bænum eru lítt grónir melar sem liggja nálega norður/suður. Á austari melnum eru tvær vörður og tvær grjóthleðslur.


*Mynd 118. Varða. Horft er til ssa.*

**Lýsing**
Syðst er varða, um 70x60sm að grunnmáli og um 30sm há. Gróið er umhverfis vörðuna.

**Breiðavað-48**


*Mynd 119. Grjóthleðsla, að hluta hulin gróðri.*

**Fvrnr.:** 10207
**Hlutverk:** Óþekkt, heiðin gröf?
**Tegund:** Grjótlögn
**Staðsetning:** A: 443764,84 N: 574960,94
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Rúmlega 400m nna af bænum eru lítt grónir melar sem liggja nálega norður/suður. Á vestari melnum eru þrjár steinhleðslur.
**Lýsing**
Til suðvesturs á melnum er einföld steinlögn 60x120sm að utanmáli. Gróið er yfir hleðsluna að hluta.
**Aðrar upplýsingar**
Hlutverk og aldur grjótlagnarinnar er óþekkt en minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa þó ekkert verði fullyrt um slíkt án frekari rannsókna.

**Breiðavað-49**
**Fvrnr.:** 10208
**Hlutverk:** Óþekkt, heiðin gröf?
**Tegund:** Grjótlögn
**Staðsetning:** A: 443770,91
N: 574967,85
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 120. Fremst á myndinni er ferhyrnd grjóthleðsla. Horft til suðurs.*

**Staðhættir**
Rúmlega 400m nna af bænum eru lítt grónir melar sem liggja nálega norður/suður. Á vestari melnum eru þrjár steinhleðslur.
**Lýsing**
Hleðslan sem liggur fyrir miðju er 70x70sm á kant, hleðslan er einföld að utan en grjóti þétt raðað innan hennar.
**Aðrar upplýsingar**
Hlutverk og aldur grjótlagnarinnar er óþekkt en minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa þó ekkert verði fullyrt um slíkt án frekari rannsókna.

**Breiðavað-50**
**Fvrnr.:** 10209
**Hlutverk:** Óþekkt, heiðin gröf?
**Tegund:** Grjóthleðsla
**Staðsetning:**
A: 443770,91
N: 574963,80
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrir-sjáanleg hætta



*Mynd 121. Grjóthleðsla, steinlögn. Horft er til ssa.*

**Staðhættir**
Rúmlega 400m nna af bænum eru lítt grónir melar sem liggja nálega norður/suður. Á vestari melnum eru þrjár steinhleðslur.
**Lýsing**
Hleðslan er aflöng 2x1,5m að utanmáli og liggur niður undan brekkunni og er gróið yfir hana. Hún er sporöskjulaga, einföld en grjóti er þétt raðað innan hennar.

**Aðrar upplýsingar**
Hlutverk og aldur grjótlagnarinnar er óþekkt en minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa þó ekkert verði fullyrt um slíkt án frekari rannsókna.

**Breiðavað-51**
**Fvrnr.:** 10210
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Götur
**Staðsetning:** A: 443760,10 N: 575009,89
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Götur liggja nyrst frá túninu til norðvesturs eftir þurrum melum. Þær sjást vel á um 400m kafla og eru mest um 5 eða 6 götur samsíða.



***Mynd 122. Reiðgötur, horft er til suðausturs.***

**Breiðavað-52**



***Mynd 123. Varða á landamerkjum Breiðavaðs og Vatnahverfis.***

**Fvrnr.:** 10211
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:**
A: 444543,89
N: 576502,66
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Efst á ásnum ofan við bæinn er varða á landamerkjum Breiðavaðs og Vatnahverfis. Hún er lágvaxin um 30-40sm en hlaðin ofan á stórt grjót þannig að í heildina er hún um 1m á hæð.

**Breiðavað-53**




**Fvrnr.:** 10212
**Sérheiti:** Bensagerði
**Hlutverk:** Smalakofi
**Tegund:** Tóft
**Staðsetning:** A: 445810,32
N: 575526,27
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Á henni [Flóahæð] eru vatnaskil – til suðurs í Sellæk og norðurs í Breiðavaðslæk. Austan Flóans, næst Grundarlæk, heitir Hrísholt og Klapparholt sunnar. Breiðavaðslækur nefndist Grundarlækur ofan Flóa, (þ.e. Breiðavaðsflóa), en rétt ofan við Flóann myndaðist mosavaxin melgrund við lækinn, var hún framburður úr honum. Ofan Flóahæðar er lítill melhóll með stórum steinum. Það er nefnt Bensagerði.“ (ÖS: bls. 4). Kofatóft er austan við Breiðavaðsflóa.
**Lýsing**
Tóftin er 2x3m að utanmáli, veggir eru lágir eða um 20sm. Tóftin er gróin en grjót sést í veggjum. Mesta breidd er tæplega 1m. Tóftin liggur austur/vestur og hugsanlega er minni tóft sunnan við þar sem virðist vera veggur sem þó er mjög óljós.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þar hefur sennilega einhvern tímann verið smalakofi og mátti sjá óljós merki um vegghleðslu. Bjarni heyrði þau munnmæli, að einhver Bensi hefði slasast þarna, eða eitthvað orðið að honum.“ (ÖS: bls. 4).
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-54**
**Fvrnr.:** 10213
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 445790,47
N: 575396,85
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 124. Varða, horft er til suðurs.*

**Staðhættir**
Um 120m suður af Bensagerði er varða.
**Lýsing**
Varðan er ekki stæðileg og er annaðhvort hrunin eða að hún hefur ekki verið upphlaðin. Grunnmál hennar er 1,5x1,8m og er hún mest um 30sm á hæð.

**Breiðavað-55**



*Mynd 125. Vörðuhrúga ofan Breiðavaðsflóa. Horft er til vesturs.*

**Fvrnr.:** 10214
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 445624,14
N: 576051,92
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta

**Staðhættir**
Tvær vörður eru norður af Bensagerði, báðar lágreistar og fremur lítilfjörlegar.
**Lýsing**
Nyrðri varðan, um 550m nnv af Bensagerði, er vart meira en nokkrir steinar sem liggja saman nokkrir steinar eru umhverfis sem gætu verið hrun úr henni. Það virðist vera að varðan hafi aldrei verið mikil um sig. Hæð mest um 20-30sm. Aldur óviss.

**Breiðavað-56**
**Fvrnr.:** 10215
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Hleðsla
**Staðsetning:** A: 445647,80
N: 575910,67
**Ástand:** Sæmilegt
**Hættumat:** Engin fyrirsjáanleg hætta



*Mynd 126. Hrunin varða. Horft til suðurs.*

**Staðhættir**
Tvær vörður eru norður af Bensagerði, báðar lágreistar og fremur lítil-fjörlegar.
**Lýsing**
Syðri varðan, tæplega 420m nnv af Bensagerði, er heldur umfangsmeiri en sú nyrðri [55] en samt hefur hún að líkindum aldrei verið vegleg. Nokkrir fremur stórir steinar liggja við einn stóran stein og virðist hún vera hrunin þar sem að nokkur grjót liggur utan við. Hæð mest um 20-30sm. Aldur óviss.

**Breiðavað-57**
**Sérheiti:** Breiðavað
**Hlutverk:**Vað
**Tegund:** Heimild

**Aðrar upplýsingar**
Í Föðurtúni segir: „Yzti bær í Langadal er Breiðavað, suður af enda Kaldbaks, þar sem Blanda hefur beygt til vesturs. Bæjarnafnið er dregið af mjög gömlu vaði á ánni, því að þess er getið í Vatnsdælasögu. Áin hefur verið reið þarna á nokkrum kafla, og lá þar yfir aðalkaupstaðarleiðin framan úr héraðinu, meðan sótt var verzlun í Höfðakaupstað. Hét þar þá Hrafnseyrarvað, en Strákavað litlu neðar, enda tæpara.“(FT: bls. 68).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamönnum er örnefnið Breiðavað aðeins þekkt í bæjarheitinu en tvö vöð eru í landi Breiðvaðs og gæti bærinn dregið nafn af þeim en þau heita nú Strákavað og Hrafnseyrarvað.
**Heimildaskrá**
FT: Föðurtún. P.V.G. Kolka. 1950. P.V.G. Kolka.

**Breiðavað-58**
**Fvrnr.:** 10216
**Sérheiti:** Hrafnseyrarvað
**Hlutverk:** Vað
**Tegund:** Vað
**Staðsetning:** A: 444461,59 N: 573914,52
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í Sýslu- og sóknarlýsingum kemur fram að besta vaðið í ánni Blöndu hafi verið á Hrafnseyri, skammt frá bænum Breiðavaði, og þar fara flestir yfir um (SSH: 107).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni er Hrafnseyrarvað við merki Breiðavaðs og Björnólfsstaða og var oftast farið yfir það Björnólfsstaðamegin. Sunnan ár er komið yfir í land sem fyrrum tilheyrði Hnjúkum en tilheyrir nú Blönduósi.
**Aðrar upplýsingar**
Í Föðurtúni segir: „Hét þar þá Hrafnseyrarvað, en Strákavað litlu neðar, enda tæpara. [...] Vegurinn yfir Hrafnseyrarvað lagðist niður, er brúin kom á Blöndu nokkrum km. neðar 1897, enda mun áin hafa breytt sér þar.“(FT: bls. 68).
**Heimildaskrá**
FT: Föðurtún. P.V.G. Kolka. 1950. P.V.G. Kolka.
SSH: Sýslu- og Sóknarlýsingar I. Húnavatnssýsla. 1950. Bókaútgáfan Norðri.

**Breiðavað-59**
**Fvrnr.:** 10217
**Sérheiti:** Strákavað
**Hlutverk:**Vað
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** A: 443123,68 N: 574372,32
**Ástand:** Ómetið
**Heimildamaður:** Kristján Sigfússon bóndi Húnsstöðum

**Staðhættir**
Í Húnaþing II segir: „Ekki er nú vitað hvar vað það var á Blöndu, er jörðin tók nafn sitt af, en tvö vöð eru fyrir landi jarðarinnar, og heitir hið syðra Hrafnseyrarvað, en hið nyrðra Strákavað.“ (HÞ II: bls. 152).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni er Strákavað skammt sunnan við Breiðavaðslæk þar sem hann rennur í Blöndu. Þar þrengir ánna aðeins og er vaðið rétt ofan við bugðu á ánni.
**Heimildaskrá**
HÞ: Húnaþing II. Sigurður Þorbjarnarson. 1978. Búnaðarsamband Austur- Húnvetninga o.fl.

**Breiðavað-60**
**Sérheiti:** Réttarvatn
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Fannst ekki við skráningu 2008

**Staðhættir**
Réttarvatn er við landamerki Breiðavaðs, norðvestan við bæ. Í örnefnaskrá segir: „Landamerki: Að vestan er merkjalínan úr Syðra- Þórdísarbrekkuhorni við Blöndu. Þaðan til norðurs í stóran stein við Réttarvatn. Þaðan, að norðan, ræður Réttarvatn að vík í sunnanverðu Réttarvatni, rétt sunnan við Vatnahverfishólma.“ (ÖS: bls. 1).
**Lýsing**
Hvorki þekktu heimildamenn á Breiðavaði né í Enni til uppruna örnefnisins og engar tóftir fundust umhverfis vatnið. Ef að vatnið er nefnt eftir rétt sem hefur staðið í námunda við það er líklegt að hún sé horfin.
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-61**
**Sérheiti:** Brattagata
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Ástand:** Horfin
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir:** Breiðavaðslækur rennur í Blöndu vestan við bæ. Í örnefnaskrá segir: „Norðan við Breiðavatnslæk er Laugahvammur við Blöndu. Í Laugarhvammi, u.þ.b. 10-15 m frá Blöndu, kemur fram úr brekkunni töluvert stór lækur og fellur í Blöndu. [...] Norðan við Laugahvamm var kölluð Brattagata. Hún lá á klettastalli meðfram Blöndu.(ÖS: bls. 2)
**Lýsing**
Ekki fannst gatan við vettvangsskráningu, heimildamaður mundi eftir götunni en taldi að hún væri horfin þar sem melurinn sem hún lá eftir sígur fram.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Hættulegt var að ganga hana að vetrarlagi.“ (ÖS: bls. 2)
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-62**
**Fvrnr.:** 10218
**Sérheiti:** Gullkistutjörn
**Hlutverk:** Þjóðsögustaður
**Tegund:** Tjörn
**Staðsetning:** A: 443517,22 N: 574427,34
**Ástand:** Gott

**Staðhættir**
Tjörnin er sunnan vegar gegnt heimreiðinni heim að Breiðavaði um 350m vestsuðvestur af íbúðarhúsinu.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Sagt var, að þar hefði einhver maurapúki sökkt gullkistu.“ (ÖS: bls. 2)
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-63**
**Sérheiti:** Þvottahvammur
**Hlutverk:** Þvottastaður
**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**
Breiðavaðslækur rennur í Blöndu vestan við bæ. Í örnefnaskrá segir: „Norðan við Breiðavaðslæk, neðan þjóðvegar, var Þvottahvammur við lækinn.“ (ÖS: bls. 2).
**Lýsing**
Engin ummerki fundust um þvottastað í hvamminum.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þar var ull þvegin frá Breiðavaði, Enni og stundum Vatnahverfi.“ (ÖS: bls. 2).
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-64**
**Sérheiti:** Hnausaketill
**Hlutverk:** Náma?
**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austan Ólafstjarnar [Ólafstjörn er norðvestur af bæ, milli Réttar- og Grafarvatns] er Stararketill og norður af honum er Hnausaketill.“ (ÖS: bls. 2)
**Lýsing**
Ekki fundust ummerki eftir torftöku í katlinum.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Í leysingum á vorin safnast pollar í þessa katla“ (ÖS: bls. 2).
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-65**
**Sérheiti:** Torflág
**Hlutverk:** Náma
**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Í norður frá túninu, þó nokkuð ofar en túnið, er engjastykki, sem heitir Torflág.“ (ÖS: bls. 3).
**Lýsing**
Ekki fundust ummerki eftir torftöku við vettvangsskráningu 2008.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Þar hefur líklega verið skorið torf, en víða var erfitt um torfristu á þessum slóðum.“ (ÖS: bls. 3).
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-66**
**Sérheiti:** Laugarhvammur
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Heimild
**Ástand:** Horfin
**Heimildamaður:** Ævar Þorsteinsson, bóndi Enni

**Staðhættir**
Í Húnavöku er grein um vatnsmyllur í Engihlíðarhreppi „Vorið 1904 fékk Sveinn Kristófersson bóndi í Enni leyfi til þess að koma þarna [Laugarhvammi] upp vatnsmyllu.“ (JB, 73).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var kofinn við uppsprettu sem kemur upp í hvamminum tæplega 100m norðan við ós Breiðavaðslækjar. Myllan er nú horfin en búið er að byggja yfir hana og vatni er dælt í vatnstank sem stendur á melnum ofan við og þaðan flutt til Blönduóss.
**Aðrar upplýsingar**
„Byggði hann þarna hús úr timbri og var stærð þess þannig að hægt var að geyma þar inni nokkra poka af rúg og mjöli. Þau ár sem Sveinn starfrækti mylluna tók hann rúg og bygg til mölunar af mönnum sem þurftu að fá malað. Sumarið 1906 vissi ég að mölun á hestburði, sem var tveir pokar eða 100 kíló kostaði eina krónu og fimmtíu aura.“ (JB, 73)
**Heimildaskrá**
Jakob Bjarnason (1991). *Vatnsmyllur í Engihlíðarhreppi.* Í Húnavöku 31. árg. Bls. 73.

**Breiðavað-67**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Ástand:** Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „[...] vík í sunnanverðu Réttarvatni, rétt sunnan við Vatnahverfishólma. Úr þessari vík eru merkin beina sjónhendingu í vörðu á há Breiðavaðskúlu. “ (ÖS: bls. 1).

**Lýsing**
Varðan varð ekki skráð 2008.
**Heimildaskrá**
ÖS: Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

**Breiðavað-68**
**Fvrnr.:** 10413
**Hlutverk:** Túngarður?
**Tegund:** Garðlag
**Staðsetning:** A: 443947,60 N:574337,25
**Ástand:** Greinanlegar fornleifar
**Hættumat:** Hætta vegna rofs

**Staðhættir**
Garður, hugsanlega túngarður er um 200m suðaustur af íbúðarhúsinu. Skurðir skera hann á tveimur stöðum og sér í grjót úr vegghleðslu í öðrum þeirra. Til norðausturs er garðurinn vel greinilegur á milli tveggja skurða um 1m hár og 1,5m breiður og allþýfður. Eftir því sem lengra dregur til suðurs verður hann ógreinilegri uns hann hverfur í uppþornaðri mýri suðaustan við túnin neðan við bæinn, hann kemur svo aftur í ljós um 75m suðvestar, þar í uppþornaðri mýri. Garðlagið er um 15-20sm hátt og 2,5m breitt. Hugsanlegt er að þarna sé suðurendi túngarðs sem skráður er nr. 16 en það verður þó ekki fullyrt þar sem að garðlagið liggur nokkuð sunnar heldur en gamla túnið eins og það er á túnakorti frá 1918.
**Heimildaskrá**
Túnakort Breiðavaðs. Hannes Jónsson, 1918.

## Niðurstöður – samantekt

*Fornleifar í Blönduósbæ*
Heildar vettvangsskráning var gerð á fjórum jörðum í tengslum við aðalskipulagsgerð Blönduósbæjar sumarið 2008. Um er að ræða jarðirnar Hnjúka í Torfalækjahreppi og Sölvabakka, Breiðavað og Enni í Engihlíðarhreppi. Fjölbreytt minjaflóra einkennir svæðið sem skráð var. Flestar eru, eins og við er að búast, hefðbundnar búsetuminjar, merki um landnytjar og jarðrækt auk leifa sjóbúða og annarra minja tengdum sjósókn. Auk þess voru skráðar leifar nokkurra fornbýla auk leifa bygginga og landnýtingar, allt fram á 20. öldina.

***Tafla 1.*** *Í töflunni kemur fram fjöldi fornleifa sem skráðar voru upp úr heimildum og á vettvangi. Í síðasta dálknum er gefið upp hversu stórt hlutfall minja sem skráðar voru upp úr heimildum fundust við vettvangsvinnuna.*

| Jörð | Fjöldi minja | Minjar skráðar á vettvangi* | Staðsetning óþekkt/óskráð | Hlutfall % |
|---|---|---|---|---|
| Enni | 66 | 55 | 11 | 83 |
| Hnjúkar | 60 | 39 | 27 | 55 |
| Sölvabakki** | 133 | 110 | 23 | 83 |
| Breiðavað | 68 | 57 | 11 | 84 |
| **Samtals** | **327** | **255** | **72** | **78** |

**Flokkurinn inniheldur bæði minjar sem enn sjást á yfirborði auk minja sem eru horfnar en staðsetning þeirra er þekkt. **Minjarnar sem um ræðir eru allar innan núverandi landamerkja Sölvabakka og eru þar taldar með minjar sem tilheyrðu Neðri-Lækjardal og Svangrund. Alls voru 70 minjar skráðar í landi Sölvabakka.*

Alls voru skráðar eftir ritheimildum 327 fornleifar. Á vettvangi voru skráðar og hnitsettar 255 minjar. 45 voru horfnar eða staðsetning þeirra ókunn, um 22% af heildarfjöldanum. Minjarnar sem ekki voru skráðar á vettvangi eru annað hvort horfnar vegna jarðræktar, framkvæmda hverskyns eða náttúruaflanna. Sumar minjar kunna að hafa farið framhjá skrásetjurum. Einstaka minjar hafa ekki fengið hnit þar sem þær eru langt utan alfaraleiðar og má þar sem dæmi nefna þjóðsögustaði, vörður og leiðir. Flestar fornleifar var að finna í núverandi landi Sölvabakka alls 110 en þá eru meðtaldar minjar á stórum hluta Neðri-Lækjardals og Svangrundar. Segja má að hlutfall minja sem fundust á vettvangi hafi verið nokkuð hátt um 80% af heildarfjölda þeirra minja sem fundust við heimildaöflun. Fæstar minjar höfðu varðveist í landi Hnjúka, um helmingur þeirra sem skráðar voru úr heimildum. Tekið skal fram að hluti þeirra fornleifa sem fá hnit við skráninguna er í raun horfinn af yfirborði þótt staðsetning þeirra sé kunn. Eitthvað af minjum, sem ekki voru skráðar eða fundust einhverra hluta vegna ekki, kunna þó að vera enn til staðar.

*Minjar og notkunargildi þeirra*
Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan minjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur einnig hlotið aukið vægi í ferðaþjónustu og má segja að nú sé viss vakning í notkun menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera gömlu verklagi, byggingaháttum og landnotkun vitni. Kynning á fornleifum er mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og þeirri byggðasögu sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. Það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna. Til að hægt sé að meta það er nauðsynlegt að minjarnar séu skráðar með skipulögðum hætti þannig að heildstætt yfirlit sé til yfir fjölda, ástand og gerð þeirra minja sem til staðar eru.

**Minjar í landi Ennis**

Flestar minjar innan túns í Enni eru horfnar vegna túnaræktunar, þar á meðal gamli bæjarhóllinn. Lágur hóll með dæld er í túninu norður af bænum og hefur þar að líkindum staðið einhverskonar útihús. Sokkið garðlag er í túninu norðan við bæinn, hugsanlega leifar gamals túngarðs. Í túninu suðaustur af bænum sjást leifar umfangsmikilla beðasléttа.

Utan túns eru minjar heillegri. Á Laufskálanesi við Hólmavatn eru fornar tóftir, jarðsokknar og lokar garðlag nesið af. Lítil varða stendur efst á nesinu. Sunnan við vatnið eru lyngi grónar holur eða niðurgreftir sem minna á kolagrafir en hugsanlega hafa þær orðið til þegar leitað var að efni í vegagerð. Gömul reiðleið liggur til norðurs frá bænum og framhjá þremur vörðum. Fleiri gamlar reiðleiðir eru glöggar í landi Ennis í allar áttir frá bænum. Leifar kotbýlis, svokallaðs Þórdísarkots er að finna í Stórahvammi við Blöndu. Þar eru fornar tóftir sem umluktar eru sokknum túngarði. Á kotinu hefur verið stekkjarstæði og er tóft stekkjarins vel varðveitt og stendur að líkindum á bæjarhóli Þórdísarkots. Skammt frá kotinu, nær Blöndu, eru mógrafir og tóftir mókofa umhverfis þær. Lítið byrgi, að líkindum smalabyrgi, hlaðið úr grjóti, er vestar í Ennis landi.

Neðan við bæinn, neðar vegar við svokallað Steinabarð, eru einnig mógrafir. Upphlaðinn vegur liggur niður barðið og þar er einnig lítil kofatóft, hænsnakofi, sem reistur var á 20. öld. Hluti af Ennislandi tilheyrir nú Blönduósi og eru þar minjar sem áður eru skráðar með Blönduósi. Má nefna stekk í Stekkjarhvammi, gegnt Hrútey, mógrafir, fornbýlið Melagerði og Litla-Enni sem reist var í Ennislandi fyrir aldamótið 1900.

**Hættumat**

Almennt má segja að minjar í Ennis landi séu í lítilli hættu nema helst vegna framkvæmda tengdum búskap. Minjar innan þéttbýlisins teljast líka í meiri hættu en ella af völdum framkvæmda. Minjar á svokölluðu Melagerði eru í hættu vegna uppblásturs og leifar fornbýlisins Þórdísarkots teljast í hættu vegna beitar og umferðar. Landgræðsla hefur verið stunduð í Enni undanfarin ár með góðum árangri en uppgræðsla lands getur haft áhrif á minjar í landslaginu.

**Minjar í landi Hnjúka**

Búið er að rífa gamla bæinn en grunnar hans og íbúðarhúss sem stóð þar síðar eru enn greinanlegir og er lágur hóll við bæinn, hugsanlega leifar gamla öskuhólsins. Leifar túngarðsins liggja enn norðan og austan bæjarstæðisins en heillegastur er hann að norðan. Við túngarðinn, ofan bæjar, er lítil tóft og skammt frá henni hleðsluleifar sem að líkindum eru leifar brunns. Búið er að slétta út útihús innan túns en norðan við bæinn eru tóftir 6 útihúsa og garðlag, sem gæti verið hluti túngarðsins. Vestur af túninu er lítil tóft í beitarhólfi.

Nokkuð er af minjum utan túns. Næst bænum, að norðan, er torf- og grjóthlaðin rétt sem notuð var fram á miðja 20. öld og norðan hennar eru eldri tóftir, hugsanlega af stekk.

Norðvestur af bænum eru þrjár hleðslur, líklega leifar af litlum vörðum. Enn norðar og vestar, nær Hnjúkatjörn eru fjórar tóftir, sú yngsta líklega af stekk eða beitarhúsi en umhverfis eru fornlegri tóftir, ein að líkindum rétt. Mógrafir voru í Lambhaga við Blöndu.

Við veiðihús undir Fossbrekkum, þar sem gömlu matjurtagarðar Verkalýðsfélagsins voru virðast vera mannvistarleifar, hóll og lágt garðlag. Aldur er óviss. Vera kann að þar sé um að ræða leifar fornbýlisins Fossbrekku, en staðsetning þess er annars óþekkt. Lítil hleðsla, hugsanlega hrunin varða, er á melbrún suðvestur af Fossabrekkum, hugsanlega leifar af gamalli landamerkjavörðu milli Hnjúka og Hjaltabakka. Gömul reiðleið lá í gegnum Reiðmannaklauf austur af Hnjúkatjörn og niður að Hrafnseyrarvaði. Tóft af rétt eða stekk er suðaustur af suðurenda gamals skeiðvallar í Hnjúkalandi og nálægt landamerkjum Hnjúka til austurs er beitarhúsatóft frá Hnjúkahlíð en húsin voru hlaðin um eða fyrir miðja 20. öld.

### Hættumat

Almennt má segja að minjar á Hnjúkum séu í lítilli hættu nema ef vera skyldi vegna beitar, jarðræktar og annarra framkvæmda tengdum búskap. Ekki er búið á Hnjúkum en hluti landsins fer undir hrossabeit og tún eru nýtt.

### Minjar í landi Sölvabakka

Nokkuð er af minjum við tún á Sölvabakka en minjar innan túns eru flestar horfnar við sléttun túna og gamli bærinn var rifinn þegar íbúðarhúsið var byggt. Lágur hóll með dæld í er í túninu ? núverandi bæjar og hafa þar líklega staðið útihús. Í Brunnhvammi vestur af bænum eru leifar tóftar eða matjurtagarðs. Þar var áður þvottastaður og brunnur en ummerki þeirra eru horfin. Sunnan bæjar er lágur hryggur eða garðlag sem eru hugsanlega leifar túngarðsins en önnur ummerki um túngarð fundust ekki. Norðan við bæinn eru mógrafir og á Móholti, norðan þeirra, eru grjóthleðslur en hlutverk þeirra er óþekkt, hugsanlega leifar móþurrkunar eða mógeymslu. Ofan Skipagils, norður af bænum, eru tóft og garðlag, hugsanlega stekkur eða einhverskonar gripheldi.

Utan túns er fjöldi minja, bæði í landi Sölvabakka og í þeim jarðarpörtum sem áður tilheyrðu Svangrund og Neðri-Lækjardal. Í Ósvík, nyrst og austast í Sölvabakkalandi, eru minjar um útgerð, sex vel varðveittar sjóbúðartóftir eru við fjöruna en einnig eru þar minjar sem minna frekar á hefðbundinn landbúnað, stekkur eða beitarhúsatóft, lítil rétt og önnur tóft, jarðsokkin.

Í Stekkjarvík, nær Sölvabakka, eru leifar tóftar, líklega stekkjartóftar sem er að hluta komin undir kartöflugarð. Suður af víkinni er jarðsokkin tóft, frammi á sjávarbakka, hugsanlega stekkjartóft og liggur gata frá henni, svonefnd Sleipagata, í átt til bæjar. Við götuna eru lágar grjóthleðslur, líklega leifar lítilla varða.

Sandlágar, heitir nokkuð norður af bænum og í þeim eru jarðsokknar tóftir, hugsanlega leifar lítils býlis en garðbrot, etv. leifar túngarðs, liggur við tóftirnar. Á melunum sitt hvoru megin tóftanna eru steinlagnir, hlutverk þeirra er óviss en þær minna um margt á umbúnað heiðinna grafa, þótt ekkert verði fullyrt um slíkt nema með frekari rannsóknum.

Í Dölunum, á mörkum Neðri-Lækjardals og Sölvabakka er fjöldi tófta. Neðarlega, í Stekkjarhvammi og Votahvammi eru tóftir, líklega stekkja eða rétta af einhverju tagi. Sveinsstekkjarlaut er þar ofar (austar) og í henni eru þrjár tóftir.

Nær Neðri-Lækjardal eru leifar fornbýlis, hugsanlega Fúsakots sem nefnt er í Sýslu- og sóknarlýsingum. Leifar túngarðs umlykja tún býlisins og eru nokkrar tóftir innan hans. Sumar virðast jafn gamlar túngarðinum en einnig er þar að finna yngri tóftir og sumar þeirra liggja ofan á eldri minjum.

Á milli kotsins og gamla bæjarstæðisins í Neðri-Lækjardal eru tvennar tóftir, jarðsokknar og gamallegar en austar er garðlag, að líkindum leifar matjurtagarðs og mógröf. Gamli bærinn í Lækjardal var rifinn á sjöunda áratugnum en fjósið um 2000 og eru leifar þeirra horfnar. Sunnar í túninu voru fjárhús sem nánast eru horfin en veggjaleifar og dældir/lautir sjást þó í túninu og má greina ummál tóftanna. Norðar við bæinn var hesthús á Hesthússléttu og er lágur hóll þar sem húsið stóð en það er að öðru leyti horfið. Leifar elstu brúarinnar yfir Laxá eru við svokallað Hlaup og standa hlaðnir brúarkantar ágætlega. Vestar, á Brúarvöllum, eru mógrafir.

Tvö vöð eru á Laxá, Neðstavað er neðarlega, rétt ofan við árósinn, en Lestavað er ofan gömlu brúarinnar. Gamla reiðleiðin, Skógargötur, lágu með landamerkjum Sölvabakka að austan. Göturnar sjást á loftmynd en ekki fundust þær við vettvangsskráningu. Suðaustur af bænum er Húsavarða, gróin hleðsla sem stendur frammi á brekkubrún.

Norðar er land sem áður tilheyrði jörðinni Svangrund og eru þar tvö nýleg einbýlishús, Svangrund og Ömmuhús. Búið er að rífa gamla bæinn á Svangrund en það sér móta fyrir bæjarstæðinu í annars sléttu túni. Suðaustan bæjarstæðisins er tóft sem gæti verið fjárhústóft og við hana hringlaga niðurgröftur, hugsanlega leifar súrheysgryfju. Vestan við gamla bæinn er Ámutjörn og umhverfis hana að norðan og austan eru tóftir, og garðaleifar, að líkindum túngarður. Tóftirnar eru fornlegar, hugsanlega gamalt bæjarstæði Svangrundar.

Austur af gamla bæjarstæðinu, á brúnum svonefndra Krókalága eru grjóthleðslur eða steinlagnir. Hlutverk þeirra er óvíst og virðast þær jafnvel vera misgamlar þótt erfitt sé að meta það. Hugsanlegt er að hluti þeirra sé einhverskonar túnahreinsun ef einhvern tímann hefur verið slegið í Krókalágum, það er þó allsendis óvíst. Jarðsokknar minjar eru í Djúpakatli í suðausturhorni Sölvabakkalands.

**Hættumat**

Almennt má segja að minjar í og við tún á Sölvabakka séu í lítilli hættu nema ef vera skyldi vegna beitar, jarðræktar og annarra framkvæmda tengdum búskap. Minjum í Ósvík stafar hætta af brimi, nálægð við sjó, og hefur grjót borist í hluta tóftanna. Sama er að segja um minjar norðan svokallaðrar Stekkjarvíkur sem eru í hættu vegna ágangs sjávar. Í Stekkjarvík voru einnig minjar sem nú eru að hluta horfnar vegna kartöfluræktar. Minjar sem liggja á melum eru í einhverri hættu vegna jarðvegsrofs.

**Minjar í landi Breiðavaðs**

Nokkuð er af minjum við gamla túnið á Breiðavaði. Túngarður er heillegur á kafla, norðan og austan við bæinn og annað garðlag, hugsanlega annar túngarður er sunnan bæjar. Við hann er lítil tóft ef til vill mó- eða heytóft. Fremst í gilinu ofan bæjar er grjóthlaðin rétt og við túngarðinn skammt þar frá eru að líkindum leifar tóftar, en veggir eru alveg hlaupnir í þúfur. Búið er að rífa gamla bæinn að mestu en ein tóft er þar eftir og sjá má hlaðinn kant undan bænum. Ofan gamla bæjarstæðisins liggur hestasteinninn gamli, þó ekki á upprunalegum stað. Austan lækjar, ofan gamla bæjarins er tóft og frá henni garðlag en hlutverk þeirra er óþekkt. Tóft sem sögð er vera bænhústóft er í afgirtu hólfi upp af íbúðarhúsinu. Hún liggur á

vestanverðum bæjarlækjarbakkanum og er jarðsokkin. Skammt vestur af henni er grjótbunga sem munnmæli herma að sé heiðin gröf. Túnið var nýlega plægt þegar skráning fór fram og í flaginu voru leifar tveggja fjárhúsa og brunns. Upp af túninu er hóll og á honum stendur tóft, að líkindum einhverskonar gripahús.

Tóftir eru við Grafarvatn, garðlag og við hann tóft sem líkist einna helst stekk. Eldra garðlag, mjög rofið virtist vera í boga út frá hinum garðinum og við það tóft. Tvennar tóftir voru sunnan við garðlagið og nokkrir smá niðurgreftir þar sem hugsanlega hefur verið tekið torf.

Á melum norður af bænum eru hleðslur og vörður. Hlutverk og aldur er óþekkt en þær minntu um margt á umbúnað heiðinna grafa sem þó verður ekki fullyrt nema með frekari rannsóknum. Sambærileg hleðsla er á mel norður af túngarðsendanum og önnur hugsanlega við gömlu póstleiðina sem liggur upp með bæjarlæknum. Í gilinu upp með læknum eru tóftir, hugsanlega stekkjartóft eða lítið sel. Enn ofar, austan við Breiðavaðsflóa, eru lágar vörður eða vörðuleifar og tóftir af kofa sem kallaður var Bensagerði.

Efst á Breiðavaðsás er varða og er önnur á nesi við Réttarvatn. Leifar Breiðavaðssels er að finna við Sellæk við austur landamerki Breiðavaðs. Ofan þess er varða og hleðsla, hugsanlega grjóthlaðinn grunnur af litlum kofa, e.t.v. smalakofa. Suðaustur af bænum er Stekkjarhvammur og í honum tóftir grjóthlaðins stekkjar. Ofar eru uppblásnar tóftir og er hlutverk þeirra óþekkt. Í hvammi við Blöndu er tóft á lágum hól, líklega stekkur, og garðlag til vesturs frá honum.

Tvö vöð eru í Breiðavaðslandi, Strákavað og Hrafnseyrarvað og liggja bæði yfir í land Hnjúka sem nú tilheyrir Blönduósbæ.

**Hættumat**

Minjar í og við tún á Breiðavaði eru helst í hættu vegna jarðræktar og framkvæmda tengdum búskap. Leifar mögulegs fornbýlis við Grafarvatn er í hættu vegna jarðvegsrof og sömuleiðis leifar túngarðs í mýrinni suður af bænum og tóft rétt norður af Stekkjarhvammi.

*Niðurlag*

Hér er einungis um að ræða skráningu á fjórum af átta jörðum sem settar voru í forgang fyrir lok aðalskipulagsgerðar. Fjórar jarðir verða skráðar sumarið 2009.

Það sem helst kann að hafa áhrif á varðveislu þeirra minja sem skráðar voru eru framkvæmdir eða jarðrækt tengd búskap á jörðunum. Einnig eru uppi áform um sorpurðun í landi Sölvabakka og verður að taka sérstakt tillit til minja innan deiliskipulagssvæðisins.

Margar minjar hafa horfið við túnrækt og aðrar verklegar framkvæmdir á síðastliðnum áratugum. Sérstaklega á það við um minjar í heimatúnum. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst neðanjarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

## Heimildaskrá


*Annálar* IV, 1940-1948. Bls. 604-5.

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1926). *Jarðabók VIII. Húnavatnssýslur*. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn: Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn I 834-1264*. Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1857-76.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn II 1253-1350.* Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1893.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415.* Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1896.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn IV 1262-1449.* Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1897.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn IX 1262-1536.* Hið íslenzka bókmenntafélag: Reykjavík, 1909-1913.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn VIII 1261-1521.* Hið íslenzka bókmenntafélag: Reykjavík, 1906-1913.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1833-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn.

Jakob Bjarnason (1991). *Vatnsmyllur í Engihlíðarhreppi.* Í Húnavöku 31. árg. Bls. 73. Ungmennasamband Austur-Húnvetninga.

Jón Arason. (2006). Upphaf gatnakerfis á Blönduósi. Í *Húnavöku,* 46. árg., bls. 45-56. Ungmennasamband Austur-Húnvetninga.

Jón Guðmundsson (1987). Fiskimiðin frá Sölvabakka. Í *Húnavöku.* Bls. 87-88. Ungmennasamband Austur-Húnvetninga.

Jón Torfason (2007). Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda. *Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland*, samin eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1 aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan: Kaupmannahöfn, 1861.

P. V. G. Kolka. (1950). *Föðurtún*. P.V.G. Kolka: Reykjavík.

Pétur Sæmundsen (1975). Blönduós: drög að sögu fram um 1940. Í *Húnaþingi, I bindi*. Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga, bls. 420-473.

Sigurður Ingjaldsson. (1957). *Ævisaga Sigurðar Ingjaldssonar frá Balaskarði.* Bókfellsútgáfan: Reykjavík.

Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson (ritstj.) (1978). *Húnaþing II.* Búnaðarsamband Austur- Húnvetninga o.fl.: Akureyri.

*Sturlunga saga II.* (1946). Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlungaútgáfan: Reykjavík.

*Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 I. Húnavatnssýsla.* Safn til landfræðisögu Íslands. Akureyri, 1950.

**Óprentað**

Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 213. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 216. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 50. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 55. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 6. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

Jarðamat Húnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 62. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga.

Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884), skjal nr. 170.

Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 147.

Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 227.

Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884). Skjal nr. 65.

Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort Breiðavaðs. Hannes Jónsson, 1918.

Túnakort Ennis. Hannes Jónsson, 1918.

Túnakort Hnjúka. Hannes Jónsson, 1920.

Túnakort Neðri-Lækjardals. Hannes Jónsson 1918.

Túnakort Svangrundar. Hannes Jónsson 1918.

Túnakort Sölvabakka. Hannes Jónsson, 1918.

Úttektarbók Engihlíðarhrepps, óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 102. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

Úttektir Þingeyrarklaustursjarða, skjal 151. Óprentað handrit á Þjóðskjalasafni Íslands.

Örnefnakort Sölvabakka, gert af Jónu Fanndísi Jónsdóttur. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Breiðavaðs. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Ennis á Refsborgarsveit. Jón Ól. Benónýsson skráði eftir Halldóru Ingimundardóttur og Þorsteini Sigurðssyni.

Örnefnaskrá Hnjúka. Athugasemdir. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Hnjúka. Uppkast. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Neðri-Lækjardals (1975). Kristján Eiríksson skráði eftir Árna Blandon. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Svangrundar. Endurgerð á skrá Jóns Ól. Benónýssonar. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1975. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Sölvabakka. Kristján Eiríksson skráði. 1976. Örnefnastofnun Íslands.

